**CLINT EASTWOOD**

## Eastwood vill enga glæpamenn

Kvikmyndir



FÓLK 30

**VIGGÓ SIGURÐSSON**

## MJÖG SPENNANDI RIÐILL

*Viggó Sigurðsson, landsliðsþjálfari í handbolta, var sáttur með dráttinn fyrir EM en Ísland dróst í riðil með Dönum, Ungverjum og Serbíu-Svartfjallalandi.*

ÍÞRÓTTIR 20




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. júní 2005 - 170. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


**SUNNUDAGUR**

### Hetja í hallargarði Saddams

Hitamælar í Írak eru komnir yfir 40 á Celsius og brennandi sólargeislar skella á hörundi skrifstofumannsins sem situr við skýrslugerð með Glock-skammbyssu í beltisstað á þriðju hæð glæsivillu Jórdaníukonungs, í bakgarði forsetahallar Saddams Hussein í miðborg Bagdad. Börkur Gunnarsson, upplýsingafulltrúi NATO, er á staðnum.

FÓLK 18-19



### Sextíu árum síðar

Sameinuðu þjóðirnar eru vettvangur allra þjóða heims þar sem hægt er að finna sameiginlegar lausnir á sameiginlegum vandamálum og jafnframt, ef vilji er fyrir hendi, eru þær tæki til að hrinda lausn vandamálanna í framkvæmd, segir Kofi Annan í tilefni 60 ára afmælis SÞ.



UMRÆÐAN 17

### Endurskoðun stjórnarskrárinnar

Fréttablaðið hleypir í dag af stokkunum greinaflokki um endurskoðun stjórnarskrárinnar og verður fjallað um málið á síðum blaðsins hvern sunnudag fram á haust. Í dag er brugðið ljósi á endurskoðun stjórnarskráa í nálægum löndum.



STJÓRNARSKRÁIN 14

**VEÐRIÐ Í DAG**




**LÉTTIR SMAM SAMAN TIL** Víða væta í morgunsárið en úrkomulítið er kemur fram á daginn og rofar þá smám saman til. Hiti 10-19 stig, hlýjast til landsins. VEÐUR 4






# S-tillagan sigraði á Seltjarnarnesi

**Seltirningar gengu í gær til kosninga um tvær skipulagstillögur um framtíðaruppbyggingu á Hrólfsskálamel og við Suðurströnd. Umdeilt knattspyrnusvæði verður ekki flutt austur fyrir íþróttamiðstöð bæjarins.**

**ÍBÚALÝÐRÆÐI** Meirihluti Seltirninga veitti í gær svokallaðri S-tillögu brautargengi í almennum kosningum um skipulag í bænum. Kosið var milli tveggja tillaga um framtíðaruppbyggingu á Hrólfsskálamel þar sem frystihúsið Ísbjörninn stóð áður og við Suðurströnd. Deilt var um hvort gervigrasvöllur ætti að vera austan eða vestan við íþróttamiðstöð bæjarins.

S-tillaga gerir ráð fyrir að gervigrasvöllurinn verði vestan við íþróttamiðstöðina við Suðurströnd og að á Hrólfsskálamel verði byggðar 90 nýjar íbúðir fyrir um það bil 240 íbúa. H-tillagan gerði hinsvegar ráð fyrir því að gervigrasvöllurinn yrði settur niður á Hrólfsskálamel og að íbúðarbyggð yrði reist þar sem S-tillaga gerir ráð fyrir vellinum. Samkvæmt H-tillögunni yrðu byggðar 130 nýjar íbúðir sem hýsa myndu um 350 íbúa.



ÞÓR WHITEHEAD

Þegar blaðið fór í prentun var búið að telja um tvo þriðju hluta greiddra atkvæða og hafði S-tillagan hlotið um 56 prósent gegn um 42 prósentum H-tillögunnar. Um 52 prósent kosningabærra manna greiddu atkvæði. Gervigrasvöllurinn verður því þar sem malarvöllurinn er nú, sunnan við Valhúsaskóla og vestan við íþróttamiðstöðina. Niðurstöður kosninganna eru bindandi fyrir bæjarstjórn.

„Ég gleðst mjög yfir þessu,“ segir Þór Whitehead, ötull stuðningsmaður S-tillögunnar. „Þarna kemur fram vilji fólksins, ef úrslit ráðast eins og fyrstu tölur benda til.“ Þá segist Þór einnig fagna því hversu margir tóku þátt í kosningunni og skynsemin hafi sigrað í baráttunni fyrir betra skipulagi á Seltjarnarnesi. „Við lítum svo á að þessi barátta, sem hófst í fyrra gegn skipulagstillögum sem bæjarstjórnin hafði sameinast um, hafi skilað lokaárangri í þessum úrslitum.“ - oá



**PÁLL SKÚLASON REKTOR** Páll sagðist í ræðu sinni þakklátur fyrir að hafa fengið að vera í forsvari fyrir skólann og að hver brautskráning í rektorstíð hans hefði verið „einstök hamingjustund“.

Rektor Háskóla Íslands í brautskráningarræðu:

## Sakar ríkisvaldið um skilningsskort

**BRAUTSKRÁNING** Páll Skúlason, fráfarandi rektor Háskóla Íslands, gagnrýndi skilningsskort fjármálaráðuneytisins á uppbyggingu rannsóknaháskóla í ræðu sinni við brautskráningu kandídata í Egilshöll í gær. Þetta var síðasta brautskráning Páls en jafnframt sú fjölmennasta í sögu Háskólans, en 801 kandídat var brautskráður.

Páll vísaði til samnings um eflingu rannsókna sem gerður var árið 2000 en ríkisvaldið stóð ekki við vegna kostnaðar. Rektor fjallaði líka um nýlega skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Háskólans, sem sýndi að í samanburði við erlenda skóla hefði skólinn náð ótrúlegum árangri miðað við krappan fjárhag. Samkvæmt skýrslunni þarf skólinn hins vegar verulega aukin framlög og telur Páll að skólinn þurfi um einn milljarð króna til viðbótar ef vel eigi að vera. Þá ræddi Páll gífurlega uppbyggingu í Háskólanum en nemendafjöldi hefur aukist mjög á síðustu árum, bæði í grunn- og framhaldsnámi. Námsleiðum hefur fjölgað úr 109 í 234 frá árinu 1997 og rannsóknir fræðimanna hafa aukist um fjörutíu prósent. - rsg

Sjaldgæfar górillur í Rúanda:

## Forsetinn gaf tvíburum nafn

**RÚANDA AP** Þrjátíu sjaldgæfum fjallagórillum voru gefin nöfn í þjóðgarði í Rúanda á laugardag og var forseti landsins, Paul Kagame, viðstaddur athöfnina. „Þessi athöfn endurspeglar menningu okkar. Við gerum það sama innan fjölskyldnanna í Rúanda þegar við skírum börnin okkar,“ sagði yfirmaður dýraverndunarstofnunarinnar Rwanda Wildlife Agency. Rúanda er að reyna að bæta ímynd sína eftir fjöldamorðin 1994 og eru górillubörnin tákn þess sem landið hefur upp á að bjóða, en ferðamennska vegna górilla skilar miklu í þjóðarbúið. Stjörnur dagsins voru þó górillutvíburar, þeir einu sem vitað er til að hafi náð eins árs aldri. ■



GÓRILLUMAMMAN GUKUNDA OG UNGINN HENNAR

Borgarfulltrúi Framsóknar:

## Könnun hefur engin áhrif

**BORGARMÁL** Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi Framsóknarflokks, segir bágt gengi flokksins í þjóðarpúlsi Gallup ekki hafa nein áhrif á viðræður R-listaflokkanna. Fréttablaðið greindi frá því í gær að fylgi Framsóknarflokksins mældist undir fimm prósentum í Reykjavík.

Samfylkingin telur að opið prófkjör fyrir borgarstjórnarkosningarnar að ári endurspegli styrkleika flokkanna. Framsókn vill hins vegar tvö örugg sæti á listanum. Anna segir Samfylkinguna þegar hafa talsvert vægi innan R-listans. „Ingibjörg Sólrún er fulltrúi og þó Dagur B. Eggertsson sé ekki skráður í Samfylkinguna, styður hann Ingibjörgu opinberlega. Það er ekki hægt að vera óháður og fylgja formanni stjórnmálaflokks á sama tíma.“ - bs





**MMC Pajero Sport GLSi**
F. skráð. 07.2001, ekinn 67.000 km.
Vél: 3000cc ssk.
**Verð áður:** 2.190.000 kr.
**Afmælisverð: 1.840.000 kr.**

TOYOTA

BETRI NOTAÐIR BÍLAR



## SPURNING DAGSINS

*Gunnlaugur, er þetta kvalræði?*

„Já, það er alveg óhætt að segja það.“

Gunnlaugur Konráðsson hrefnuveiðimaður varð fyrir miklum vonbrigðum með fund Alþjóðahvalveiðiráðsins. Hann segir fundinn „vitleysingasamkomu“ og vill hefja veiðar strax.

Piltur handtekinn fyrir skemmdarverk:

# Ætlar að kæra lögregluna fyrir illa meðferð

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík handtók í fyrrinótt þrjá pilta á aldrinum fimmtán til sextán ára við verslun Select við Suðurfell í Breiðholti grunaða um að hafa unnið skemmdarverk á húsum í nágrenninu. Samkvæmt upplýsingum lögreglu voru piltarnir ölvaðir og einn þeirra með hamar innanklæða.

Móðir eins piltsins hafði samband við Fréttablaðið og segir farir sonar síns ekki sléttar. Hann hafi verið allsgáður og á rölti með félaga sínum í hverfinu. Þeir hafi orðið vitni að harkalegri handtöku tveggja kunningja sinna við Select og pilturinn hafi nálgast lögreglumennina og hringt á neyðarlínuna vegna þess hversu hart var tekið á félögum hans. Þá hafi lögreglumaður stokkið á hann, hrifsað af honum símann og handjárnað hann. Hann var færður á lögreglustöð, bundinn á höndum og fótum, og segist hafa mátt þola harðræði af hálfu lögreglumanna. Pilturinn hefur fengið áverkavottorð og ætlar að kæra lögregluna fyrir illa meðferð. Hann segist ekkert hafa með skemmdarverkin að gera. Lögregla vill ekki tjá sig um ásakanir piltsins.

- oá




**SELECT-VERSLUNIN Í BREIÐHOLTI** Hér voru drengirnir þrír handteknir í fyrrinótt.



MYND/AP

**HOMMAR Í MEXÍKÓBORG** Samkynhneigðir gengu í gær um götur Mexíkóborgar í árlegri Gay pride-göngu.

Samkynhneigðir í Mexíkó:

## Langt í land

**SAMKYNHNEIGÐIR** Árleg Gay pride-ganga var farin í Mexíkóborg í gær. Göngumenn sögðust ánægðir með það hversu mikið umburðarlyndi hefði aukist í landinu síðan gangan var fyrst farin fyrir 27 árum en segja þó enn vera langt í land.

Margir göngumanna báru svarta borða til minningar um baráttumann fyrir réttindum samkynhneigðra sem var myrtur í borginni Queretaro fyrr á árinu. Mörg þúsund manns tóku þátt í göngunni, bæði samkynhneigðir og gagnkynhneigðir til að sýna samstöðu um aukin réttindi og umburðarlyndi. ■

### BANDARÍKIN

**DÓ Í HÁKARLAÁRÁS**
Ungmenni lést í hákarlaárás við strendur Flórída í gær. Ferðamannatímabilið er nálægt hámarki sínu á þessum slóðum núna og hefur árásin skotið ferðamönnum skelk í bringu. Hótelstjóri í nágrenninu segir að hákarlaárásir séu afskaplega sjaldgæfar á þessum slóðum.

**KÖFNUÐU Í SKOTTINU**
Þrír drengir sem týndust í New Jersey í Bandaríkjunum í vikunni fundust í gær í skotti á bíl í nágrenni heimila þeirra. Drengirnir voru allir látnir og eftir krufningu var úrskurðað að dánarorsökin væri köfnun. Lögregla telur að um slys sé að ræða og drengirnir hafi sjálfir lokað sig ofan í skottinu í leik.

# Dregur mjög úr veltu á húsnæðismarkaði

**Eftirspurn húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hefur snarminnkað og virðist sem mestu lætin á markaðinum séu yfirstaðin. Guðmundur Ólafsson hagfræðingur segir að ekki þurfi þó að hafa áhyggjur af því að húsnæðisverð hrynji.**

**FASTEIGNIR** Velta á húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku var rétt rúmlega 2,5 milljarðar og hefur ekki verið minni frá því í ágúst á síðasta ári. Meðalupphæð á hvern kaupsamning var 19,7 milljónir króna. Veltan dróst saman um meira en helming frá vikunni á undan en þá velti húsnæðismarkaður höfuðborgarsvæðisins um 5,6 milljörðum. Þetta kemur fram á vefsíðu Fasteignamats ríkisins.



**GUÐMUNDUR ÓLAFSSON**

Ingólfur G. Gissurarson fasteignasali segir að síðustu tvo til þrjá mánuði hafi orðið vart við mun minni eftirspurn á markaði og nú sé svo komið að framboðið sé mun meira en eftirspurnin. Enn sé verð þó allhátt enda horfi þeir sem eru að selja til þess hversu hátt verðið hafi verið undanfarið. Hann segir að einnig ríki ákveðin hræðsla á markaðnum vegna fréttaflutnings af því að raunverðgildi fasteigna lækki umtalsvert ef verðbólga haldi áfram að vaxa. Aðspurður hvort verðbólan sé að hjaðna eða jafnvel springa segir Ingólfur ekki halda að svo sé. Hann telur hins vegar að verðið muni ekki hækka meira en orðið er.

Guðmundur Ólafsson hagfræðingur segist heldur ekki búast við því að verðið lækki að neinu ráði. Hann segir líklega ástæðu fyrir skyndilega minni eftirspurn á húsnæðismarkaði vera að þeir sem hafi nýtt nýja lánamöguleika til að hagræða sínum húsnæðislánum séu búnir að því, sem og þeir sem lögðu í að kaupa sína fyrstu íbúð vegna hagstæðari lána. Hann hefur ekki áhyggjur af því að allt fari á versta veg, svo lengi sem hagvöxtur haldist nokkuð stöðugur í landinu.

Guðmundur segist þekkja til fasteignasala sem kvarti undan því núna að eignir hreyfist lítið miðað við það sem áður var. Hann býst því við því að mestu lætin séu búin á húsnæðismarkaðinum í bili.

oddur@frettabladid.is



**ÍBÚÐARHVERFI Í REYKJAVÍK** Ingólfur G. Gissurarson fasteignasali telur að húsnæðisverð hafi náð hámarki sínu.

Ólafur Ragnar í Utah:

## Heiðraði vesturfara

**FORSETINN** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er nú í opinberri heimsókn í Utah-ríki í Bandaríkjunum. Í gær var hann við athöfn í bænum Spanish Fork til heiðurs 16 Íslendingum sem settust þar að fyrir um 150 árum. Í bænum er minnismerki sem ber nöfn landnámsmanna og 410 afkomenda þeirra.

Með Ólafi við athöfnina var Gordon B. Hinckley, sem er forseti kirkju Jesú Krists hinna síðari daga heilögu þar vestra, en allir íslensku landnámsmennirnir snerust einmitt til mormónatrúar.

- oá

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**KONA KÆRÐI NAUÐGUN** Kona kærði nauðgun í miðborginni í fyrrinótt og er málið í rannsókn. Lögregla gefur lítið upp um málið og segir rannsóknina á viðkvæmu stigi. Annars var erilsamt hjá lögreglunni í Reykjavík þá nóttina, alls voru til að mynda sex ökumenn kærðir vegna gruns um ölvunarakstur.

**PIZZASENDILL RÆNDUR** Pizzasendill var rændur í stigagangi í Hvassaleiti í fyrrinótt þegar hann var að afhenda pizzu. Síminn hans var tekinn af honum og sendilstaskan en í henni voru rétt um fimm þúsund krónur. Pizzan sem var pöntuð var hins vegar skilin eftir. Lögregla handtók mann sem hefur játað sök í málinu.

**TEKINN MEÐ AMFETAMÍN** Ungur karlmaður var í fyrrinótt handtekinn á Laugavegi með lítilræði af amfetamíni innanklæða. Maðurinn gekkst við því að eiga efnin og hafa ætlað þau til eigin neyslu. Málið telst upplýst.






Umhverfisvænir ævintýramenn frá Japan:

# Fóru hringinn á vetnishjóli

**FERÐALÖG** Japanskir áhugamenn um nýtingu hreinnar orku luku í gær ferð sinni um landið á vetnisknúnu hjóli. „Þetta eru eiginlega ævintýramenn, þeir hafa meðal annars flogið yfir Bandaríkin á sólarknúnni flugvél. Þegar Íslendingar fóru að brölta í vetnisrannsóknum fannst Japönunum þetta kjörin hugmynd,“ segir Jón Björn Skúlason frá Íslenskri NýOrku, sem aðstoðaði Japanana, en þeir voru í samstarfi við fjölmarga innlenda og erlenda aðila. Japanirnir útveguðu alla hluti í hjólið, sem þeir kalla Vetnislundann, sjálfir og þótti ferð þeirra um landið takast furðuvel.

„Það er ákveðinn lærdómur í þessu, þeir nota aðeins öðruvísi vetnistækni en við höfum verið að vinna í. Það er önnur vetnisgeymsla í þessu hjóli og miklu minni rafall. En þessi hugmyndafræði um dreifingu vetnis er líka skemmtileg, kannski verður fólk farið að nota svona hjól innan skamms. Við vildum sýna fólki fram á að tæknin er ekki bara notuð í nokkra strætisvagna,“ segir Jón.

-rsg



**VETNISLUNDINN** „Ég held að þetta sé jákvætt fyrir Ísland, að vekja athygli á því að við erum að vinna í að nýta vetni sem hreinan orkugjafa,“ segir Jón Björn Skúlason frá Íslenskri NýOrku.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 28720 06/2005

**Þér er boðið í veislu** í tilefni 35 ára afmælis Toyota á Íslandi.

**Afmælisboðið verður haldið á Nýbýlavegi 4-8, frá 25.- 30. júní. Þar verður nóg um að vera:**

- Ný lán frá Glitni fyrir allt að 90% af kaupverði.
- Allt að helmingur lántökugjalds felldur niður.
- Allir sem kaupa nýjan bíl fá flugmiða fyrir tvo með Icelandair.
- Allir afmælisgestir geta unnið ferðir á Formúluna eða á HM í frjálsum.
- Formúlubíll á staðnum og formúlugjafir fyrir þá sem reynsluaka.

**Veitingar í boði alla vikuna.**

**Láttu sjá þig og hafðu engar áhyggjur af afmælisgjöfum, þær eru á staðnum.**

**Opið í dag frá kl. 12.00 til 16.00.**

Í samstarfi við Glitnir

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 24.06.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 65,92 | 66,24 |
| Sterlingspund | GBP | 120,15 | 120,73 |
| Evra | EUR | 79,58 | 80,02 |
| Dönsk króna | DKK | 10,68 | 10,75 |
| Norsk króna | NOK | 9,97 | 10,03 |
| Sænsk króna | SEK | 8,45 | 8,50 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,61 |
| SDR | XDR | 96,41 | 96,99 |

*Gengisvísitala krónunnar*

112,16 +0,09%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dræm þátttaka í þingkosningum í Búlgaríu:

# Sósíalistar sigurvegarar kosninganna

**SÓFÍA, AP** Sósíalistaflokkurinn fékk flest atkvæði í þingkosningunum í Búlgaríu samkvæmt útgönguspám, en náði þó ekki hreinum meirihluta. Sósíalistar hlutu rúmlega 31 prósent atkvæða en flokkur Simeon Saxcoburggotski, sitjandi forsætisráðherra, hlaut tæp 22 prósent atkvæða. Talið er að kosningaþátttaka hafi verið um 60 prósent, sem er öllu lakara en í undangengnum kosningum. Lokaúrslit eru væntanleg á mánudag.

Ef sósíalistar ná ekki hreinum meirihluta verða þeir að mynda samsteypustjórn. Hingað til hefur aðeins einn flokkur lýst sig reiðubúinn að mynda stjórn með þeim. Útgönguspár benda til að flokkarnir tveir nái ekki hreinum meirihluta á þinginu og því þyrfti þriðji flokkurinn að koma til sögunnar. Ríkisstjórn hefur ekki verið endurkjörin í Búlgaríu í fimmtán ár en sósíalistar sátu síðast í ríkisstjórn árið 1997.

Hin nýja ríkisstjórn landsins mun meðal annars hafa það verk á sinni könnu að leiða landið inn í Evrópusambandið árið 2007. ■



MYND/AP

**GENGIÐ TIL KOSNINGA** Maður kemur út úr kjörklefa í þorpinu Vetovo í norðurhluta landsins. Gömul kona býr sig undir að greiða atkvæði.



**GRÁR FYRIR JÁRNUM** Bandarískur hermaður mundar vopn sitt í þyrlu á sveimi yfir Miana Shen.

Skærur í Afganistan:

## Mestu átök í fjögur ár

**AFGANISTAN, AP** Lík 178 skæruliða hafa fundist í Afganistan eftir þriggja daga skærur milli bandarískra og afganskra hersveita við uppreisnarmenn í Miana Shenhéraði í síðustu viku. Þetta eru mestu árásir sem gerðar hafa verið frá því Bandaríkjamenn réðust inn í landið 2001. Talið er að tveir þekktir herforingjar talibana hafist enn við í fjöllunum þar sem árásin var gerð.

Ríkisstjórn Afganistan og bandarískir herforingjar hittu 35 ættbálkahöfðingja á dögunum til að ræða ástandið. Lýstu þeir yfir stuðningi við baráttuna gegn uppreisnarmönnum gegn loforði um nýja vegi og heilsugæslu. ■

### CHILE

**PINOCHET AÐSTOÐAÐI BRETA**
Chileski flugherinn var Bretum innan handar í Falklandseyjastríðinu árið 1982, að sögn fyrrum yfirmanns flughersins. Hann segir að Augusto Pinochet einræðisherra hafi óttast innrás frá Argentínu og því lagt Bretum lið.

**ÞINGMAÐUR MISNOTAÐI BARN**
Hálfáttræður chileskur þingmaður var dæmdur í fimm ára skilorðsbundið fangelsi fyrir barnaníðslu. Hann verður undir eftirliti lögreglu næstu árin og má aldrei aftur gegna opinberu embætti.

# Hálft ár liðið frá flóðbylgjunni miklu

**Uppbygging á flóðasvæðum er ekki langt komin og mikið verk óunnið við að byggja upp innviði samfélagsins. Ómar Valdimarsson, sem starfar á vegum Rauða krossins í Indónesíu, er þó bjartsýnn um framhaldið.**

**FLÓÐBYLGJAN** „Það er ekki mikil uppbygging komin af stað en okkur sýnist sem þetta geti farið að gerast núna,“ segir Ómar Valdimarsson, starfsmaður Rauða krossins í Indónesíu. Í dag er hálft ár liðið síðan flóðbylgja reið yfir Bengalflóa á annan dag jóla. Yfir 200 þúsund manns létust í flóðbylgjunni og milljónir misstu heimili sín. Aceh-hérað í Indónesíu varð verst úti í flóðbylgjunni en þar létust yfir 130 þúsund manns.

„Stjórnvöld hér lögðu upp með það fljótlega að gera allsherjaráætlun fyrir uppbygginguna en hún var ekki tilbúin fyrr en í apríl. Það var eiginlega ekki fyrr en eftir það að menn gátu farið að átta sig á því hvað ætti að gera og hvar ætti að byrja og það er í raun ekki alveg komið í ljós ennþá,“ segir Ómar Valdimarsson. „Allt skipulag, allir innviðir og allt kerfið er bara horfið og það hlýtur að taka langan tíma að byggja það upp,“ bætir Ómar við.



**FRÁ FLÓÐASVÆÐUM Í ACEH** Enn er heldur óhrjálegt um að lítast víða í Aceh-héraði í Indónesíu, hálfu ári eftir að flóðbylgjan reið yfir.

Aðspurður hvernig umhorfs sé fyrir íbúa Aceh-héraðs nú hálfu ári síðar segir Ómar: „Tiltölulega fljótlega voru byggð eins konar bráðabirgðaskýli. Þetta eru einfaldar húsalengjur, sem er ekkert óvenjulegt hér í Indónesíu. Þetta eru löng hús sem margar fjölskyldur búa í og innangengt á milli. Það er þröngt um fólk og hreinlætisþjónusta er víða af skornum skammti. Erfitt er að koma fyrir salernum og víða er grunnt niður á grunnvatn og því ekki hægt að grafa kamra. Það hafa samt allir húsaskjól og talsverður hópur hefur getað farið heim. Svo fer nú að líða að því að það verði farið að byggja“.

„Það er enn talsvert um skjálfta á svæðinu og í hvert sinn sem ég hef komið til Aceh hef ég hrokkið að minnsta kosti einu sinni við jarðskjálfta þannig að fólk fær eiginlega aldrei tækifæri til að jafna sig,“ segir Ómar. Fólkið í Aceh er farið að reyna að lifa sínu eðlilega lífi, stunda sjóinn og rækta jörðina, en landið er víða mikið skemmt. Íbúar ættu þó að geta horft fram á betri tíð með aukinni uppbyggingu og skipulagi á svæðinu.

oddur@frettabladid.is



**ÓMAR VALDIMARSSON** Sendifulltrúi rauða krossins í Indónesíu.

Reykjavíkurborg:

## Bætir stuld frá fötluðum

**ÞJÓFNAÐUR** Borgarráð hefur samþykkt að vísa til lögreglu meintum fjárdrætti starfsmanns borgarinnar úr heimilissjóði íbúa á heimili ætluðu fötluðum. Áður en þessi ákvörðun var tekin fór fram rannsókn á málinu af hálfu borgarinnar, að því er fram kemur í tilkynningu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Á fundi borgarráðs var einnig ákveðið að bæta íbúum heimilisins tjónið sem þeir hefðu orðið fyrir. - óká

Heilsugæslan:

## Hagnaður 40 milljónir

**HEILBRIGÐISMÁL** Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu skilaði 40,7 miljóna króna hagnaði miðað við fjárheimildir á árinu 2004. Það svarar til 1,4 prósenta af heildarútgjöldum stofnananna á árinu og mun þessi afgangur lækka uppsafnaðan halla um þrettán prósent. Heilsugæslan hefur unnið að ýmsum hagræðingaraðgerðum á árinu og gerður var samstarfssamningur við Landspítala - háskólasjúkrahús. Starfsemi heilsugæslunnar nær meðal annars til reksturs ellefu heilsugæslustöðva en rúmir þrír fjórðu hlutar útgjaldanna voru vegna launagreiðslna. ■

### PAKISTAN

**SAUMUÐU MUNN FANGA SAMAN**
Sjö pakistanskir lögreglumenn í smábænum Vehati hafa verið reknir í kjölfar frétta um að þeir hafi saumað saman varir á fanga sem jós yfir þá fúkyrðum. Lögreglustjóri bæjarins segir ekki ljóst hver framdi ódæðið, en rétt hafi verið að leysa lögregluþjónana sjö frá störfum á meðan málið er í rannsókn.


## ORKA ÚR IÐRUM JARÐAR



**Kynning á framkvæmdum við Hellisheiðarvirkjun**

Gestamóttakan í Skíðaskálanum í Hveradölum er opin **mánudaga-laugardaga kl. 9-17 og sunnudaga kl. 13-18.**

Allar nánari upplýsingar í síma **516 6000** og á **www.or.is**

Aðgangur er ókeypis.

**Allir velkomnir!**

www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur


## VEÐRIÐ Í DAG

**VOSBÚÐ Í TJÖLDUM**
Gærdagurinn var ekki ýkja spennandi fyrir tjaldbúa, einkum sunnan og vestan til. Hálfgerð vosbúð í talsverðri rigningu.

**VÆTUTÍÐ Á NÝ Í KORTUNUM**
Í dag verður þetta allt mun skaplegra uppúr hádegi. Styttir víðast upp og rofar til. Hins vegar er meira af rigningu í kortunum þó tímasetningar séu nokkuð á reiki. Þannig bendir margt til þess að á morgun verði komin rigning eða súld á ný um vestan vert landið en úrkomulítið eystra.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi




### Á morgun




Hæglætisveður.

### Þriðjudagur




Heldur vaxandi vindur með vesturströndinni, annars hægur.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C heiðskírt | París | 29°C hálfskýjað | Alicante | 31°C heiðskírt |
| Osló | 24°C hálfskýjað | Berlín | 30°C heiðskírt | Milano | 31°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 23°C heiðskírt | Frankfurt | 28°C léttskýjað | New York | 33°C léttskýjað |
| Helsinki | 19°C hálfskírt | Madrid | 31°C hálfskýjað | San Francisco | 18°C léttskýjað |
| London | 22°C hálfskýjað | Barcelona | 27°C heiðskírt | Orlando/Florida | 33°C hálfskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# NÝTT ÚTIBÚ

# Í LÁGMÚLA

## OPNAÐ Á MORGUN

ARGUS / 05-0372



## – heimsókn þangað gæti leitt þig í sólina!

Á morgun mun SPRON opna nýtt og útibú að Lágmúla 6. Við hvetjum þig til að heimsækja okkur og taka þátt í skemmtilegum leik.

spron

www.spron.is  sími 550 1200



## KJÖRKASSINN

*Á að grafa göng í gegnum Vaðlaheiði?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 57% |
| Nei | 43% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ganga íslenskir fjölmiðlar of langt í umfjöllun um einkalíf fólks?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar vill fjölga stofnfjáreigendum:

# Stendur ekki í vegi fyrir sölu stofnfjárbréfa

Stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar sendi frá sér tilkynningu á föstudaginn vegna umræðu um sölu á stofnfé í sjóðnum. Þar kemur fram að vilji sé fyrir því meðal stjórnarinnar að fjölga stofnfjáraðilum líkt og gerðist í öðrum sparisjóðum á sínum tíma, en hún telur sig ekki hafa stuðning tveggja þriðju hluta stofnfjáreigenda til þess.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að starfsmenn sparisjóðsins og fjölmargir einstaklingar hafi óskað eftir því að gerast stofnfjáraðilar.

Eigendaskipti á stofnfé eru háð samþykki sparisjóðsstjórnar þannig að ljóst er að viðskipti verða aðeins gerð með vilja hennar. Stjórnin mun ekki koma í veg fyrir það ef stofnfjáreigendur vilja selja bréf sín en engin beiðni hefur borist stjórninni um framsal á stofnfjárbréfum.

„Stjórn SPH telur það af hinu góða ef öflugir fjárfestar hafa áhuga fyrir sparisjóðnum og eru reiðubúnir að fjárfesta í stofnfé hans," segir í tilkynningu frá stjórninni.

Fjármálaeftirlitið hefur sent dreifibréf til allra stofnfjáreigenda í SPH þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort þeir hafi selt bréf sín. Beðið er um að svörum verði skilað fyrir 1. júlí. **- eþa**



**HLYNNT FRAMSALI BRÉFA** Stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar vill bjóða fjárfestum að koma að rekstri sjóðsins og ætlar ekki að standa í vegi fyrir framsali stofnfjárbréfa.

Landsbankinn sýknaður:

## Engar bætur fyrir deCode

**DÓMSTÓLAR** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað Landsbanka Íslands af skaðabótakröfu manns sem hélt því fram að bankinn hefði ekki upplýst hann um áhættuna sem því fylgdi að kaupa hlutabréf í deCode Genetics.

Maðurinn krafðist þess að fá greitt rúmlega 4,2 milljóna króna tap af viðskiptum með bréf sem hann keypti 25. febrúar 2000 af Landsbréfum á tæpar fimm milljónir króna. Bréfin seldi hann í marslok 2002 á rúmar 700 þúsund krónur. Fyrr á árinu 2000 hafði maðurinn hagnast um rúmar 240 þúsund krónur með kaupum og sölu á bréfum deCode. **-óká**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**INNBROT Á AKUREYRI**

Brotist var inn í tvö fyrirtæki í miðbæ Akureyrar í fyrrinótt. Lögregla segir að utanbæjarmenn hafi verið að verki og málið teljist upplýst. Lögreglan rannsakar einnig skemmdir sem unnar voru á tveimur bílum sömu nótt. Annars var mikið af fjölskyldufólki á Akureyri og lítið að gera hjá lögreglu.

**E-TÖFLUR Í EYJUM**

Lögreglan í Vestmannaeyjum handtók í fyrrinótt þrjá karlmenn á aldrinum 20-30 ára sem voru með tíu e-töflur í fórum sínum. Mennirnir ætluðu töflurnar til eigin neyslu og telst málið upplýst.



**TÖLVUKUNNÁTTA LANDANS GÓÐ** Flestir Íslendingar nota tölvur og netið daglega í starfi og leik.

Netnotkun á Íslandi:

## Sú mesta í Evrópu

**NEYTENDUR** Rúm 80 prósent allra íslenskra heimila eru tengd internetinu og er það hæsta hlutfall í gervallri Evrópu, samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Hagstofa Íslands hefur gert.

Í henni kemur fram að óvíða sé almenn tölvu- og netnotkun meiri en hérlendis og meirihluti Íslendinga noti þar að auki háhraðatengingar. Sýna niðurstöðurnar þannig að 88 prósent landsmanna noti tölvu og 86 prósent noti netið, flestir daglega, og mjög fari í vöxt að almenningur panti sér vörur eða þjónustu á netinu. **- aöe**

# Harðlínumenn með töglin og hagldirnar

**Mahmoud Ahamadinejad er nýr forseti Írans en þar með fara harðlínumenn með flest völd í landinu. Búast má við að hann verði erfiður viðureignar í samskiptum sínum við Vesturlönd.**

**TEHERAN, AP** Mahmoud Ahmadinejad vann stórsigur í írönsku forsetakosningunum og hafa harðlínumenn í landinu þar með flest völd í höndum sér. Ríkisstjórnir Bandaríkjamanna og Breta taka úrslitunum af varfærni en gagnrýna þó framkvæmd kosninganna.

Í kosningunum á föstudaginn var kosið á milli þeirra Hashemi Rafsanjani, fyrrverandi forseta, og Mahmoud Ahmadinejad, borgarstjóra í Teheran. Kjörsókn var allgóð en þegar yfir lauk höfðu um 59 prósent kjósenda neytt atkvæðisréttar síns. Það er örlitlu lakari kjörsókn en í fyrri umferðinni en þá kusu 63 prósent.

Búist var við að mjótt yrði á mununum í kosningunum og raunar bentu fyrstu tölur til að Rafsanjani hefði farið með sigur af hólmi. Þegar talið hafði verið upp úr kössunum kom hins vegar í ljós að Ahmadinejad hafði unnið stórsigur. Hann fékk 61,6 prósent atkvæða en keppinautur hans aðeins 35,9 prósent.

Í ávarpi sínu til þjóðarinnar lofaði hinn nýi forseti að sætta þjóðina en um leið reyndi hann að sannfæra fólk um að hann myndi halda áfram markvissri efnahagsuppbyggingu landsins. Talsmaður Ahmadinejad sagði að stuðningsmenn forsetans myndu nú halda í moskur og „þakka Guði fyrir þennan mikla sigur".

Eftir kosningarnar í fyrradag fara harðlínumenn nú með öll völd í írönskum stjórnmálum en þeir sigruðu í þingkosningunum á síðasta ári. Raunveruleg völd í landinu liggja hins vegar hjá æðsta ráði klerkanna.

Búast má við að Ahmadinejad verði Vesturlöndum óþægur ljár í þúfu, ekki síst þegar kemur að viðræðum um kjarnorkumál. Joanne Moore, talsmaður bandaríska utanríkisráðuneytisins, sagði að kosningarnar kölluðu ekki á stefnubreytingu hjá stjórninni í Washington til Írans en hún gagnrýndi jafnframt framkvæmd þeirra. Í svipaðan streng tók Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, en hann sagði „alvarlega ágalla" hafa verið á kjörfundinum og benti máli sínu til stuðnings á að fjölmörgum borgurum, þar á meðal konum, hefði verið meinað að bjóða sig fram. Nokkuð var um kvartanir til íranska innanríkisráðuneytisins vegna áróðurs stuðningsmanna frambjóðenda en fá alvarlegt atvik komu upp. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÁNÆGÐIR MEÐ ÚRSLITIN** Mahmoud Ahmadinejad (til hægri) tók á móti forseta íranska þingsins á skrifstofu sinni í gær og voru þeir bersýnilega kampakátir með úrslitin. Harðlínumenn eru einnig í meirihluta á íranska þinginu.


# Kortabókin 2005




Ný útgáfa

60 ný landshlutakort og 38 nákvæm kort af Reykjavík og öðrum þéttbýlisstöðum.

Söfn • sundlaugar • tjaldsvæði • golfvellir • bensínstöðvar • tíðnisvið útvarpsstöðva ofl.

Ítarleg skrá yfir rúmlega 9000 örnefni og 2000 götur á höfuðborgar- svæðinu.

Mál og menning
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


Ingibjörg Ingadóttir um skólameistara á Ísafirði:

# Segir Ólínu leggja sig í einelti

**SKÓLAMÁL** „Engar kvartanir höfðu borist, svo þetta er bara einelti sem heldur áfram," segir Ingibjörg Ingadóttir, enskukennari við Menntaskólann á Ísafirði, um þá ákvörðun Ólínu Þorvarðardóttur skólameistara að fá óháðan aðila til að fara yfir vorpróf nemenda hennar. Ingibjörg segir að Ólína sé að reyna að leika sama leik og í desember þegar svipað mál kom upp en dómsátt náðist í því í apríl.



**INGIBJÖRG INGADÓTTIR**

Félag framhaldsskólakennara sendi menntamálaráðuneytinu stjórnsýslukvörtun í vikunni vegna ákvörðunar Ólínu.

Samkvæmt 8. grein í aðalnámskrár framhaldsskólanna er námsmat á ábyrgð kennara og því brot á lögum að fá þriðja aðila til að fara yfir prófin. Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, segir að ef áform Ólínu nái fram að ganga og hún veiti Ingibjörgu áminningu, líkt og gerðist í desember, sé annað dómsmál í uppsiglingu. „Í þessari stjórnsýslukvörtun krefjumst við þess að ráðuneytið stöðvi tafarlaust þetta ferli sem er farið af stað fyrir vestan. Við vonum auðvitað að ráðuneytið hafi vit fyrir Ólínu," segir Aðalheiður. „Ég treysti því bara að ráðuneytið tali við undirmann sinn því hún fer út fyrir öll venjuleg vinnubrögð," segir Ingibjörg en ekki náðist í Ólínu Þorvarðardóttur vegna málsins. **- rsg**



**MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI** Það er kalt á milli Ólínu Þorvarðardóttur skólameistara og Ingibjargar Ingadóttur enskukennara í Menntaskólanum á Ísafirði.

# Til hamingju með nýja þjónustustöð í Fossvogi

ÍAV






Við óskum Olíufélaginu ehf til hamingju með nýja ESSO þjónustustöð í Fossvogi

Starfsmenn Íslenskra aðalverktaka (ÍAV), ásamt undirverktökum, hafa lokið við byggingu nýrrar þjónustustöðvar Olíufélagsins ESSO í Fossvogi.

Í upphafi árs 2005 var undirritaður samningur milli ÍAV og Olíufélagsins ehf um byggingu stöðvarinnar sem er u.þ.b. 400 fermetar að stærð ásamt þvottaplani.

Rafal

Elvar Ingason,
málarameistari

VGK
Verkfræðistofa

ASK
ARKITEKTAR

G. HANNESSON ehf.

B.T. VERKTAKAR
898 4202 • 897 4583

Olíudreifing

LANDSLAG

BLIKKSMIÐURINN HF
Loftræsting er okkar fag

BETRI HÍBÝLI

VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN EHF

Íslenskir aðalverktakar hf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200, fax 530 4205, www.iav.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Þúsundir Íslendinga eru yfir æskilegri þyngd og hundruð bíða eftir meðferð.

## Ráðumst gegn ógnvænlegri offitu

Offita gerir sífellt meira vart við sig hér á landi og nú er svo komið að upp undir fjögur hundruð manns bíða eftir meðferð á Reykjalundi, fyrir utan alla hina sem ekki hafa haft sig í það að leita sér læknishjálpar vegna offitu.

Fréttablaðið hefur að undanförnu sagt frá offituvandamálinu hér á landi og þar með opnað augu manna fyrir því hve alvarlegt það er orðið.

Ludvig Guðmundsson yfirlæknir sagði í viðtali við blaðið að offita meðal fullorðinna hefði tvöfaldast hér á síðustu 20 árum og meira en fimmtungur Íslendinga þjáðist af offitu. Meðal níu ára barna hafa offitutilvik fjórfaldast á 24 árum og 65 prósent fullorðinna eru of þung að sögn læknisins. Þetta eru ógnvænlegar tölur svo ekki sé meira sagt og brýnt að brugðist verði við þessum vanda. Þeir sem koma til meðferðar vegna offitu eru yfirleitt níutíu af hundraði yfir kjörþyngd, en síðan er að sjálfsögðu fjöldinn allur sem ekki er svo illa kominn, en ætti að sjálfsögðu að gera eitthvað í málunum áður en það verður of seint. Offitunni fylgja oft alvarlegir sjúkdómar, bæði líkamlegir og andlegir. Í viðtali við Fréttablaðið sagði Ludvig: „Hér er eingöngu fengist við alvarlega offitu sem ekki er hægt að meðhöndla heima, ef svo má segja. Þá erum við að ræða um konur sem eru 110-140 kíló og karla sem eru 130-170 kíló eða þar yfir."

Sjúkrakostnaður þeirra sem leita sér lækninga vegna offitu skiptir tugum ef ekki hundruðum milljóna ef allt er talið og væri þeim peningum betur varið annars staðar í heilbrigðiskerfinu. Í flestum tilfellum er hreinlega um ofát eða neyslu á óhollu fæði að ræða hjá offitusjúklingum. Það er eins og mörgum ungum konum og körlum sé alveg sama þótt þau vaggi í spikinu, neyti óhollrar fæðu og fari svo bara í næstu fatabúð og kaupi sér víðari föt. Þetta er hugsunarháttur sem þarf að breyta.

Það er ekki nóg að veita offitusjúklingum læknishjálp, það þarf að ráðast að rótum vandans í þessu máli eins og svo mörgum öðrum. Erlendis hefur ekki síður borið á þessu vandamáli og þar hefur skapast mikil umræða um hollustu þeirrar fæðu sem skyndibitastaðir bjóða upp á. Þeir hafa margir hverjir komið auga á vandann og brugðist við honum með eftirtektarverðum hætti. Þessarar nýju stefnu skyndibitastaðanna gætir líka hér á landi, en betur má ef duga skal.

Rætt hefur verið um að auka fjárveitingar vegna offitusjúklinga og er samningur Reykjalundar og heilbrigðisráðuneytisins þar að lútandi í endurskoðun. Jón Kristjánsson segir að tölur um biðlistana á Reykjalundi séu sláandi og málið sé í athugun. Áður en ráðherra veitir meira fé til offituaðgerða ætti að styrkja landlækni og lýðheilsustöð til að halda uppi áróðri til að koma í veg fyrir þennan áunna sjúkdóm sem offitan er í flestum tilfellum. Hjá Landlækni er talað um þetta sem ógnvænlegt ástand. ■


Stökktu til
Mallorca
29. júní frá kr. 29.990
Örfá sæti

29.990 í viku
/ 39.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð. Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 29. júní í 1 eða 2 vikur.

39.990 í viku
/ 49.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíó/íbúð. Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 29. júní í 1 eða 2 vikur.

Frábært tilboð til Mallorca þann 29. júní. Njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað. Þú bókar og tryggir þér síðustu sætin og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú býrð.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Slógust heimamenn?

Þeir sem hafa starfa af því að inna lögregluna á Akureyri fregna kunna nokkrir að hafa klórað sér í höfðinu þegar fregnir bárust í vikulokin af blóðugum hópslagsmálum í bænum. Atburðurinn komst í fréttir af því að vegfarandi náði honum á myndband, en umrædda nótt fylltust fangageymslur á Akureyri. Nú kann einhver að velta því fyrir sér hvort Akureyrarlögreglunni sé svo umhugað um orðspor bæjarins að hún forðist að hafa orð á því þegar menn slást í hópum, eða jafnvel af aðgerðum handrukkara og dópistalýðs. Ekki nema lögreglu finnist hlutirnir fréttnæmari ef utanbæjarmenn eru í aðalhlutverki.



### Hannes í Efstaleiti?

Haft hefur verið í flimtingum að Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor verði næsti útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins en sem kunnugt er stendur Markús Örn Antonsson senn upp úr stólnum og hverfur til sendiherrastarfa í Kanada. Hannesi mun ekki líka hugmyndin alls kostar illa og hefur tjáð samstarfsmönnum sínum í Háskólanum og öðrum þeim sem heyra vilja á kaffistofunni í Odda að hann geti vel hugsað sér starfið góða. Það var einmitt auglýst laust til umsóknar nú um helgina og nú er bara að bíða og sjá hvort Hannes sækir um. Menntamálaráðherra skipar í starfið.



### Ekki hrifinn

Eiríkur Jónsson, blaðamaður og umsjónarmaður laugardagsþáttar á Talstöðinni, talaði í gær við tónlistarmanninn Magnús Eiríksson og freistaði þess að fá hann til að samsinna því að Magnús væri betra textaskáld en Bubbi Morthens. Magnús fékkst ekki til að taka þátt í samanburðinum og skipaði sér þar ótvírætt í hóp þeirra sem þykir nóg um hvernig Eiríkur og félagar hans á DV og Hér og nú hafa djöflast á Bubba og hans fólki.

bergsteinn@frettabladid.is

# *Af gamalli herðingu*

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Sveitin er ekki lengur vettvangur sumarstarfa barna. Það er nokkuð um liðið frá því ungir strákar stóðu snoðklipptir á plani rútubílastöðvanna með litla ferðatösku milli fótanna sem snærisspotta hafði verið brugðið um til öryggis. Og hossuðust svo út í sveitirnar, einir síns liðs, óöruggir og óvissir um hvað biði þeirra handan heiðarinnar.

Í fyrsta skipti sem ég fór í sveit á tímum gömlu Viðreisnarstjórnarinnar gerðist tvennt á fyrsta degi. Þegar komið var niður í víkina á móts við bæjartorfuna gat þar að líta þunglamalegan bola með framlappirnar uppi á herðakambi niðurlútrar kýr. Ég áttaði mig ekki á tilgangi þessa brambolts – fyrr en svo löngu seinna, en sýnin var vissulega stór fyrir lítinn strák. Svo stóð bóndinn í hlaði, með byssuhólk í hendi, kvað fyrsta kálfs kvígu vera að bera niðri í fjósi á melunum; hann hygðist skjóta kálfinn – og hengja hann upp í þurrkhúsinu úti á bakka. Og hvort ég kæmi ekki með, þessi reynsla myndi herða mig. Og svo fór að ég skildi ferðatöskuna eftir og trítlaði á eftir bóndanum niður í fjós. Byssuhvellurinn er ennþá skýr í kolli mínum. Og sömuleiðis æmtið í kvígunni.

Þetta var á Ströndum norður. Og Ingólfur á Hellu ennþá landbúnaðarráðherra lengst suður í Reykjavík. Þangað hafði ég aldrei komið. Stórborgin í mínum huga var Akureyri hins bjarta norðurs – en Strandirnar voru dreifbýlið, hin algera sveit. Þar var mér kennt að sitja beinn til borðs, annað væri ókurteisi við matinn. Og þar var mér kennt að borða velling með ofsoðnum rúsínum svo ég fengi kraft í kroppinn, sömuleiðis reyktan fisk sem lyktaði ólíkt öllu öðru sem ég hafði sett inn fyrir aumingjans varir mínar.

Börnin mín fara ekki í sveit. Þau fara í sumarbústað. Um daginn keypti ég handa þeim trampólín til að hafa á slegnu flötinni framan við bústaðinn af því að þau sögðu ekkert við að vera á staðnum; aðeins einhverjar randaflugur á sveimi – og ekki einu sinni tenging við internetið, rétt að Stöð 2 næðist með herkjum, hvað þá Cartoon Network.

Líklega eru þetta breyttir tímar.

Og spursmál hvort þeir hafa batnað eða versnað.

Ég býst við að ímyndunarafl útileikjanna sé á undanhaldi og



*Ég býst við að ímyndunarafl útileikjanna sé á undanhaldi og afþreyingarframboð inniverunnar hafi margfaldast svo að krökkum samtímans liggi við drukknun. Það er ekki þeim að kenna. Fullorðna fólkið hefur geirneglt yngstu aldurshópana við hornsófann; krakkar eru ekki lengur leikfélagar heldur markhópur.*

afþreyingarframboð inniverunnar hafi margfaldast svo að krökkum samtímans liggi við drukknun. Það er ekki þeim að kenna. Það er fullorðna fólkið sem hefur geirneglt yngstu aldurshópana við hornsófann; krakkar eru ekki lengur leikfélagar heldur markhópur.

Þessar breytingar taka á sig ýmsar myndir. Félagi minn, sem þekkir vel til íþrótta, sagði mér á dögunum að fyrsta kynslóð íþróttamanna sem hefði verið ekið á æfingar væri nú að vaxa úr grasi. Almennt væri þetta linara lið en það sem á undan hefði komið. Og svo sem hvernig, spurði ég. Jú, hann sagði þessa nýju kynslóð síður hafa kynnst mótlæti en þær hinar fyrri; ef strákar í dag kæmust ekki í lið hættu þeir bara að mæta á æfingar – svo einfalt væri það.

Þetta má vel vera.

Á hitt er að líta að krakkar í dag eiga miklu auðveldara með að sækja sér fróðleik og upplýsingar en áður þekktist. Þau fara hraðar en nokkur annar aldurshópur um upplýsingsamfélagið. Býsnin öll af fróðleik og samskiptum sem þau eiga kost á heima í herberginu sínu á hverjum degi er á við heilu bókasöfnin sem maður gekk um þegjandi á sínum bernskuárum. Tækifærin til náms og ráðgjafar eru og langtum meiri og áhugaverðari en eldra fólk hefur vanist. Allt saman eru þetta forréttindi nýrrar kynslóðar sem hefur getað gengið að hlutunum vísum í stað þess að þurfa að berjast fyrir þeim. Það er þægilegt.

Þegar níu ára strákurinn minn spyr mig uppi í sumarbústað hvort ég geti ekki keyrt hann til vinar síns í bústaðnum hinum megin við ásinn byrja ég jafnan að hnussa; ja, sonur sæll ... þetta gekk maður nú í gamla daga og gott betur. Svar stráksa er einfalt; já pabbi, en við eigum bíl! Og þegar fimmtán ára dóttir mín hangir inni í kjallaranum heima og horfir á endursýningu af Opruh Winfrey spyr ég náttúrlega hreint alveg gáttaður hvort hún ætli ekki að drífa sig út í sumarið. Og svarið sem ég fæ er á að giska það hvort við hefðum keypt þetta sjónvarp til að hafa slökkt á því. Svo er það átján ára sonurinn sem bað mig að taka kjöltutölvuna upp í bústað eina helgina og ég spurði hvort það væri nú ekki óþarfi. Hann sagði á móti; bíddu, tekur þú ekki alltaf með þér bækur?

Æ oftar verður mér orða vant.

Miðaldrakreppan er skollin yfir.

Þegar ég var strákur á tímum gömlu Viðreisnarstjórnarinnar var ekki mikið verið að nota tæki af þeirri einföldu ástæðu að þau voru ekki til. Á miðjum aldri er ég byrjaður að segja við mína krakka að vera ekki endalaust að nota þessi tæki sem til eru á heimilinu eða uppi í bústað. Ef til vill er þetta galið. Auðvitað hefði ég notað þessi tæki sem strákur ef þau hefðu verið til. Ja, mikil ósköp. Ég hefði ekki farið út svo dögum skipti.

Ég sakna samt herðingarinnar; að börnin hafi ekki tækifæri til að fá það óþvegið í einangraðri sveit. Það er búið. ■


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# NISSAN PATHFINDER

SKIPT_um landslag




## SUMARIÐ BÍÐUR EKKI!

Pathfinderinn þinn er kominn til landsins til að halda upp á sumarið. Hann fer allt á fjórhjóladrifinu, er þægilegur í öllum sjö sætunum, lipur innanbæjar og rúmar farangur til fleiri mánaða. Hann er öflug listasmíð, traustur og vandaður. En fyrst og fremst sameinar Nissan Pathfinder það grófa og það fína í einum best heppnaða útivistarbíl síðari ára.

### PATHFINDER SE

Beinskiptur
174 hestöfl
5 dyra

**Verð: 4.450.000 kr.**

**46.581 kr. á mán.***

### STAÐALBÚNAÐUR

- Þokuljós
- Krómað grill
- Leðurklætt stýri og gírstöng
- Krómaðar höldur inni í bíl
- Hiti í speglum
- Áttaviti í baksýnisspegli
- Litað gler
- 7 sæta
- Birtuskynjari í spegli
- Útvarpsfjarstýring í stýri
- Innbyggt loftnet (loftnet í afturrúðu)
- Regnskynjari
- Hraðastillir (Cruise Control)

**250.000 krónum flottari!**

Þeir sem kaupa Nissan Pathfinder í júní fá 32" dekk, krómstigbretti og dráttarkrók í kaupbæti.



PATHFINDER
ER KOMINN TIL LANDSINS
KLÁR Á GÖTUNA
Á FIMM DÖGUM



**VEIÐIKORTIÐ FYLGIR MEÐ!**

Með veiðikortinu má veiða nánast ótakmarkað í a.m.k. 20 vötnum víðsvegar um landið og tjalda endurgjaldslaust hjá mörgum þeirra. Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is

Glitnir

*Bílasamningur Glitnis með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a** | **Eyrarlandi 1** | **Sæmundargötu 3** | **Holtsgötu 52** | **Dalbraut 2b** | **Víkurbraut 4** | **Búðareyri 33** | **Sindragötu 3** | **Óseyri 5** |
| 800 Selfossi | 530 Hvammstanga | 550 Sauðárkróki | 260 Njarðvík | 300 Akranesi | 780 Höfn í Hornafirði | 730 Reyðarfjörður | 400 Ísafjörður | 603 Akureyri |
| 482-3100 | 451-2230 | 453-5141 | 421-8808 | 431-1376 | 478-1990 | 474-1453 | 456-4540 | 461-2960 |

Fiton/SÍA

# „Marshall-aðstoð þarf fyrir Afríku“

**Hans Engelberts er framkvæmdastjóri PSI, Alþjóðasamtaka starfsmanna í almannaþjónustu. Hann hélt fyrirlestur í húsakynnum BSRB á dögunum og gaf sér tíma á eftir til að spjalla við Jón Skaftason. Engelberts telur spillingu stærsta vandamál Afríku í dag og segir ríki ekki komast í bjargálnir á einni nóttu.**

PSI eru stærstu samtök starfsmanna í almannaþjónustu í heiminum og eiga 650 verkalýðsfélög í 150 löndum aðild að samtökunum. Félagsmenn eru um 20 milljónir.

Framkvæmdastjórinn, Hans Engelberts, er þrautreyndur baráttumaður og virðist seint þreytast á því að spjalla. Greinilegt er að Engelberts trúir á það sem hann fæst við; honum er mikið niðri fyrir þegar hann talar og um handlegginn ber hann armband að fordæmi bandaríska hjólreiðakappans Lance Armstrong líkt og í tísku er meðal ungs fólks.

Á bandið er ritað „Brúum fátæktarbilið“. „350 þúsund manns settu upp svona bönd í Edinborg á dögunum og þrýstu á G8 leiðtogana að fella niður skuldir þróunarríkjanna,“ segir Engelberts og bætir við: „Það var alveg frábært“.

### Helmingaskiptaregla Evrópu og Bandaríkjanna

Heyra má á Engelberts að skipun Pauls Wolfowitz sem yfirmanns Alþjóðabankans hefur farið fyrir brjóstið á honum. Hann segir forsendur að baki ráðningunni rangar og telur Bandaríkjamenn ganga eigin erinda án tillits til nokkurs: „Þeim virðist vera mikið í mun að sýna umheiminum að þeir þurfi ekki að taka tillit til eins eða neins“.

Engelberts segir Evrópumenn litlu skárri. Frakkinn Pascal Lamy hafi verið ráðinn sem yfirmaður Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar eingöngu vegna þess að Evrópa telji sig eiga embættið: „Bandaríkjamenn og Evrópa virðast hafa með sér einhvers konar helmingaskiptareglu. Bandaríkin fá Alþjóðabankann og Evrópusambandið fær Alþjóðaviðskiptastofnunina. Það er alveg ljóst að svona fæst ekki hæfasti maðurinn í starfið“.

Forveri Wolfowitz, Ástralinn James Wolfensohn, er greinilega í miklum metum hjá Engelberts: „Wolfensohn stóð sig vel og hefur meðal annars barist fyrir því að skipunarferlinu verði breytt. Maður vonar auðvitað að Wolfowitz feti í hans fótspor. Hann ætti í það minnsta að geta hvatt Bandaríkjastjórn til góðra verka, enda var hann þar áður innsti koppur í búri“.

### Spillingin versti óvinur Afríku

Þegar talið berst að málefnum Afríku segir Engelberts ástandið slæmt og að fólk eigi vart í sig og á. Hann segir spillingu afrískra ráðamanna hafa átt mestan þátt í að skapa ástandið.

Þau framlög og lán sem ekki fara í að greiða niður skuldir fari beint í vasa ráðamanna og sáralítið verði eftir til að byggja upp innviði samfélagsins: „Baráttan gegn spilltum stjórnarháttum í Afríku er gríðarmikilvæg. Það ætti að vera til leiðir til að endurheimta það fé sem spilltir valdhafar eiga í svissneskum bankahólfum eða hafa sólundað í kastala og glæsivillur á Rívíerunni“.

Engelberts telur þó að baráttan gegn spillingu mjakist smátt og smátt í rétta átt og segist líta á Singapúr sem fyrirmynd í þeim efnum: „Í Singapúr fá embættismenn há laun og þurfa því ekki að hafa áhyggjur af því að eiga ekki fyrir salti í grautinn. Refsingarnar eru líka slíkar að mönnum kemur aldrei til hugar að ganga í sameiginlega sjóði. Vandamálið í Afríku er það að fólk fær ekki sómasamleg laun og verður því að grípa til örþrifaráða“.

### Ekki gott fordæmi

Hann bendir á að í Afríku setji fyrirmenn ekki nægilega gott

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**HANS ENGELBERTS Í RÆÐUSTÓLI** Engelberts segir spillta stjórnarhætti stærsta vandamál Afríku. Hann segir Bandaríkin og Evrópusambandið skipta alþjóðastofnunum milli sín.


Dagar gömlu skúringafötunnar ...eru taldir

6.590





- Alltaf tilbúið til notkunar
- Gólfið þornar á augabragði
- Fylling í eitt skaft dugar á 100 m2

Kynning í dag

Í Húsasmiðjunni Skútuvogi, Smáratorgi og Grafarholti frá kl. 13-16

Líttu við og kynntu þér málið!

Magnaða moppuskaftið



HÚSASMIÐJAN ...ekkert mál

útsalan er hafin!

DU PAREIL ...au même

Laugavegi og Kringlunni



**ÁHEYRENDUR LEGGJA VIÐ HLUSTIR**
Engelberts talaði um framtíðarstefnu PSI á fundinum og gagnrýndi alþjóðastofnanir á borð við Alþjóðabankann fyrir að neita að viðurkenna mistök sín.

fordæmi. Engin ástæða sé fyrir lægra setta embættismenn að halda að sér höndum ef yfirboðarar þeirra hiki ekki við að gerast fingralangir: „Daniel arap Moi, forseti Kenýa, lét flytja inn svarta breska leigubíla í hundraðatali til lands síns og gaf síðan út akstursleyfi með þeim skilyrðum að tíu prósent tekna af leigubílaakstri í landinu rynnu beint í hans eigin vasa. Maður spyr sig hvort þeir peningar sem látnir eru af hendi rakna til þessara landa skili sér þangað sem þeim er ætlað“.

Aðspurður um nýlegt samkomulag G8-þjóðanna um afskriftir skulda fátækustu þjóða heims segir Engelberts það skref í rétta átt en þó sé ekki gengið nægilega langt. Auðvitað sé góðs viti að skuldir fátækustu ríkjanna verði afskrifaðar en þar liggi vandinn þó ekki endilega.

Innviðirnir í löndunum þurfi að breytast áður en lengra sé haldið, það gangi ekki að dæla bara inn fé þegar menn viti vel að það fari ekki í uppbyggingu heldur beint í vasa spilltra embættismanna: „Bretum virðast vera mál þróunarríkja mjög hugleikin þessi misserin. Blair og Brown virðast hafa ágætishugmyndir, kannski tengist það því að Bretar taka við forsæti Evrópusambandsins á næstunni, maður veit það ekki. Það er hins vegar ljóst að betur má ef duga skal og í því samhengi er mikilvægt að fá Bandaríkjamenn til að taka við sér“.

**Skref fyrir skref**

Engelberts er gagnrýninn á það einkavæðingarferli sem hann segir hafa farið sem eld í sinu um heiminn. Hann segir að víða hafi verið gengið allt of langt: „Í Þýskalandi rekur DHL póstþjónustu í landinu og í Hollandi er það annað alþjóðlegt stórfyrirtæki, TNT. Pósthúsin hverfa úr þorpunum af því það er ekki gróðavænlegt að reka slíka starfsemi og eru öll komin í þéttbýli. Slík grunnþjónusta á að vera á hendi ríkisins“.

Engelberts segir þjóðir ekki komast í bjargálnir með einu stökki. Ekki þýði að einkavæða í gríð og erg og vona það besta. Hann nefnir Kína sem dæmi og segir Kínverja fara allt of hratt í sakirnar. Hafa beri í huga að góðir hlutir gerist hægt: „Eftir að þjóðir á borð við Írland og Spán gengu í Evrópusambandið vænkaðist hagur þeirra. Það gerðist hins vegar ekki á einni nóttu, heldur með markvissri uppbyggingu. Þetta ættu Austur-Evrópuþjóðirnar og Kína að hafa í huga“.

Engelberts segist þekkja þetta af eigin reynslu: „Ég ólst upp í Hollandi á eftirstríðsárunum. Þar var nokkurs konar samfélagssamningur í gildi. Fólk sætti sig við lág laun og skömmtunarmiða, en vissi líka að það væri að taka þátt í einhverju sérstöku. Eftir fimmtán ár sáum við árangurinn, Holland og Evrópa höfðu verið endurreist“. Hann telur Marshall-aðstoð Bandaríkjamanna hafa skipt sköpum eftir seinna stríð og segir að tími sé kominn fyrir ríkari þjóðir að seilast djúpt í jakkavasana: „Nú þarf Marshall-aðstoð fyrir Afríku“. ■

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

! Talstöðin
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30




# Vertu viss um að fá betri kökuna

**BLT STENDUR FYRIR BYLGJUNA, LÉTT 96,7 OG TALSTÖÐINA**

Hlustendur okkar eru í þínum markhóp – um 70% hlustenda Bylgjunnar, Létt 96,7 og Talstöðvarinnar eru yngri en 50 ára. Samkeyrðar auglýsingar á BLT tryggja að skilaboðin þín komast áleiðis til mikilvægasta markhópsins. Er nokkur spurning hvora kökuna þú velur?

fm 98,9 BYLGJAN   Létt 96,7 Réttu lögin...alltaf!   ! Talstöðin FM 90,9

Samkvæmt könnun Gallups í mars 2005.

*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra er auðsýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar systur okkar og mágkonu,*

**Jófríðar Ólafsdóttur**

Staðarhrauni 3, Grindavík.

Guð blessi ykkur öll.

Jón Ólafsson
Pálína Ólafsdóttir
Gísli Örn Ólafsson
Magnús Ólafsson
Agnes Jónsdóttir
Ísleifur Haraldsson
Njála Vídalín
Ragnheiður Arngrímsdóttir.



*Útför okkar hjartfólgnu*

**Pálu Elínborgar Michelsen,**

fer fram þriðjudaginn 28. júní kl. 15.00. frá Fossvogskirkju.

Anna Lísa Michelsen
Sigurbjörn Sigurbjörnsson
Hjalti Einar Sigurbjörnsson
Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson
Hildur Karen Sigurbjörnsdóttir
Hugrún Pála Sigurbjörnsdóttir
og börn
Sigurbjörn Samúelsson
Auður Björg Árnadóttir
Eva Þórarinsdóttir
Guðrún Birna Ólafsdóttir
Hilmar Elísson
Gísli Jón Magnússon



*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma*

**Margrét Þórdís Egilsdóttir**

Glerlistakona, Kambaseli 21 Reykjavík

Lést á heimili sínu 19. júní, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju mánudaginn 27. júní klukkan 13:00.

Óskar Smári Haraldsson
Haraldur Helgi Óskarsson
Brynjar Þór Óskarsson
Oddur Jarl Haraldsson
Anna Fanney Gunnarsdóttir
Magdalena Hilmisdóttir



*Sonur minn og bróðir okkar,*

**Rúnar Gunnarsson**

Kleppsvegi, 106 Reykjavík,

lést 21. júní síðastliðinn.

Fyrir hönd systkina og annarra ættingja,
Gunnar R. Pétursson.
Útförin verður auglýst síðar.

*Kæru vinir nær og fjær.*
*Hjartans þakkir fyrir hlýhug og kveðjur við andlát og útför okkar ástkæru*

**Kristínar Stefaníu Magnúsdóttur**

Kirkjuvegi 1, Keflavík.

Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks sem sýndu henni ómetanlega manngæsku, hjálp og stuðning í erfiðum veikindum.

Kærar kveðjur til séra Helgu Soffíu Konráðsdóttur, söngvara, tónlistarmanna og útfararstjóra sem gerðu útför hennar að hlýrri og fallegri kveðjustund.

Guð blessi ykkur öll.

Magnús Þór Helgason
Einar Magnússon
Grétar Magnússon
Guðríður Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn
Ingibjörg Bjarnadóttir
Margrét Borgþórsdóttir
Magnús Karlsson

**MIKHAIL KODORKOVSKY (1963-)** fæddist þennan dag.



*„Í dag þénar góður framkvæmdastjóri meira en eigandinn. Og eigendurnir slást hver við annan til að fá til sín færu framkvæmdastjórana.“*

***Mikhail Kodorkovsky er fyrrverandi yfirmaður olíurisans Yukos. Hann var nýlega dæmdur í níu ára fangelsi fyrir skattsvik og fleira.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## MERKISATBURÐIR

1782 Bannfæring, eitt aðalvopn kirkjunnar, er numin úr lögum.

1905 Loftskeyti berst í fyrsta sinn til móttökustöðvar við Rauðará í Reykjavík. Skeytið var sent frá Cornwall í Englandi.

1912 Níunda sinfónía Mahlers er frumflutt í Vínarborg.

1917 Fyrstu bandarísku hermennirnir koma til Frakklands í fyrri heimstyrjöldinni.

1928 Boranir eftir heitu vatni í Laugardal hefjast. Þær eru taldar upphaf Hitaveitunnar.

1930 Alþingishátíð er sett á Þingvöllum til að minnast þúsund ára afmælis Alþingis.

1977 Elvis Presley syngur á síðustu tónleikum ferils síns.



**HRIFINN AF HÓLUM** Ólafi er Hólastaður kær en tengdafaðir hans, Sigurður Guðmundsson, var þar vígslubiskup. „Ég hef oft komið að Hólum og það hefur verið gleðilegt að fylgjast með uppbyggingunni þar að undanförnu.“

ÓLAFUR H. TORFASON PREDIKAR Á KAÞÓLSKUM DEGI Í HÓLADÓMKIRKJU:

# Var bannað að sækja lútherskar kirkjur

„Mér finnst mjög mikilfenglegt að fá að gera þetta,“ segir Ólafur H. Torfason rithöfundur, sem í dag predikar í messu í Hóladómkirkju. Kaþólskur dagur er þar haldinn í þriðja sinn og er hann helgaður Guðmundi Arasyni góða. Sjálfur er Ólafur kaþólskur en hefur ekki predikað í kaþólsku kirkjunni enda tíðkast ekki að leikmenn geri slíkt á þeim bæ. Hann hefur hins vegar predikað í messum þjóðkirkjunnar, til dæmis hjá Pálma Matthíassyni.

„Ég ætla að fjalla svolítið um Guðmund Arason en nú fer fram sögulegt endurmat á honum. Venjan var að gagnýna Guðmund fyrir ýmislegt en í ljós hefur komið að hann var stefnufastur og mikilvægur maður sem var í takt við jákvæða strauma annars staðar í Evrópu.“

Ólafur segir Guðmund hafa verið bæði van- og misskilinn og andstæðingar hans hafi litað af honum frásagnir. „Hann talaði fyrir meiri velferð almennings, sem hér var talin aumingjadýrkun og veikleikamerki.“

Þá ætlar Ólafur að fjalla um arfleifð Jóhannesar Páls páfa annars en Ólafur hefur að undanförnu lesið rit hans. „Ég var hrifinn af mörgu sem páfi sagði og þessi rit hans eru sérstaklega skemmtileg. Þau eru auðlesin og páfi kemur víða við í skrifum sínum.“

Í gegnum aldirnar hefur verið grunnt á því góða milli kaþólikka og lútherskra manna en samskiptin fara nú batnandi. „Kirkjuskiptingin hefur verið til mikillar bölvunar og sundrað mönnum sem eiga að standa saman,“ segir Ólafur. „Yfirleitt hefur ágreiningurinn snúist um eitthvað sem leikmenn kalla algjört smotterí þó yfirmenn kirknanna kalli hann hugmyndafræðilegan og siðfræðilegan.“

Og sjálfur fékk Ólafur að finna fyrir ósætti kirknanna. „Ég er alinn upp í kaþólsku og mér var bannað að fara í lútherskar kirkjur. Ég var skáti og varð að sækja sérstaklega um að fá að fara í Dómkirkjuna í Reykjavík og standa heiðursvörð 17. júní því þar voru villutrúarmenn að mati prestanna í kaþólsku kirkjunni,“ rifjar hann upp og bætir við að lúthersku prestarnir hafi ekki verið jafn strangir en engu síður önugir út í kaþólikkana. „En þetta hefur breyst til hins betra, sem betur fer, enda styð ég eindregið að gefið verði allhressilega í til að auka samvinnu og sameiningu þessara kirkna. Ekki veitir af því veraldarhyggjan er svo rík nú um stundir.“

Ólafur neitar því fúslega að vera kaþólskari en páfinn og segist brosandi vera „pínulítið minna kaþólskur en hann“.

Messan í Hóladómkirkju hefst klukkan ellefu og þjónar séra Jón A. Baldursson vígslubiskup. Síðdegis verður svo málþing um Guðmund góða og mun doktor Stefán Karlsson, fyrrverandi forstöðumaður Árnastofnunar, flytja erindi. ■



*Ástkær sonur okkar, bróðir, og barnabarn,*

**Sigurður Ragnar Arnbjörnsson**

Kirkjuvegi 18, Keflavík,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 29. júní kl. 14:00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á „Sjálfstyrkingu ungmenna“ sem stofnaður hefur verið í minningu hans innan F.F.G.Í.R., Foreldrafélags og foreldraráðs grunnskólanna í Reykjanesbæ, kt. 460505-1270, 1109-05-410289.

Erla Björk Sigurðardóttir
Hafþór Raul Brown
Kristmundur Arnbjörnsson
Hlíf Arnbjörnsdóttir
Aron Arnbjörnsson
Sigurður Ragnar Björnsson
Jóna G. Arnbjörnsdóttir
Arnbjörn Eiríksson
Ísar Arnbjörnsson
Elín Arnbjörnsdóttir
Þórunn Anna Arnbjörnsdóttir

## AFMÆLI

Í tilefni af sjötíu ára afmæli Bjarna Eiríks Sigurðssonar hestamanns 26. júní verður opið hús á Hótel Eldhestum í Ölfusi klukkan 17 til 19 í dag.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

# Vaxtalaust verðhrun

## Dupen rúmin og svefnsófar fást eingöngu í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri



- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Hágæða efni með 100% bómull
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika

COLCHON DUPEN

**VAXTALAUST TILBOÐ**

| Rúmstærð | verð frá á mánuði | stgr. |
|---|---|---|
| 90 x 200 | 2.999,-* kr | 35.988.- |
| 120 x 200 | 3.999,-* kr | 47.988.- |
| 150 x 200 | 4.999,-* kr | 59.988.- |
| 180 x 200 | 5.999,-* kr | 71.988.- |
| Stillanleg rúm | 5.999,-* kr | 71.988.- |

# Svefnsófar í úrvali

**Vaxtalaust tilboð**
**2.999,-* kr**
á mán. í 10 mánuði
fullt verð 29.990,-



**Klikk klakk svefnsófi**
- Með hágæða dýnu og hágæða botni

**Vaxtalaust tilboð**
**1.999,-* kr**
á mán. í 10 mánuði
fullt verð 19.990,-



**Gestarúm/sófi**
- 3 mismunandi stillingar
Einnig fáanlegt í dökkbláu.

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

STJÓRNARSKRÁ ÍSLANDS
*Endurskoðuð*

I. HLUTI

# *Greinarflokkur um endurskoðun stjórnarskrárinnar*

Í lýðræðisríki sprettur allt vald frá þjóðinni. Verðugt er að hafa þetta í huga þegar tekið er til við endurskoðun stjórnarskrár íslenska lýðveldisins svo sem nú hefur verið gert. Stjórnarskráin kveður einmitt á um hvernig fara skuli með þetta vald í stjórnskipaninni þegar þjóðin hefur valið sér fulltrúa í almennum þingkosningum til að fara með þetta vald. Stjórnarskráin er jafnframt sáttmálinn sem á að tryggja okkur mannréttindi, frelsi og réttlæti.

Umræða um endurskoðun stjórnarskrárinnar fékk byr undir báða vængi á síðasta ári þegar forseti Íslands synjaði nýjum fjölmiðlalögum staðfestingar og skaut þeim þar með í dóm þjóðarinnar. Ekkert varð af þjóðaratkvæðagreiðslu eins og efni stóðu til. Ein ástæða þess að þjóðin fékk ekki að kveða upp sinn dóm er vafalaust sú að ákvæði stjórnarskrárinnar um þjóðaratkvæðagreiðslu og framkvæmd hennar eru ekki ítarleg. Önnur ástæða kann að vera sú að framkvæmdavaldið, ríkisstjórnin, hefur að margra mati fullmarga þræði löggjafarvaldsins í hendi sér. Ríkisstjórnir hverju sinni hafa með öðrum orðum ofurvald yfir Alþingi.

Þannig geta verið margar og ærnar ástæður til þess að endurskoða stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Breytingar á mannréttindakafla hennar voru reyndar gerðar fyrir tíu árum.

Fréttablaðið hleypir í dag af stokkunum greinaflokki um endurskoðun stjórnarskrárinnar og verður fjallað um málið á síðum blaðsins hvern sunnudag fram á haust. Með þessu vill Fréttablaðið taka lýðræðislegt hlutverk sitt alvarlega og færa umræðuna nær almenningi líkt og stjórnarskrárnefndin leitast sjálf við að gera með eftirtektarverðum hætti á vefnum (www.stjornarskra.is).



Litið verður til þeirra þjóða sem við viljum bera okkur saman við í þessu efni. Rætt verður við sérfróða og greint frá ábendingum. Lesendum gefst jafnframt kostur á að spyrja spurninga sem Fréttablaðið mun leita svara við.

Af því tilefni hefur verið komið á fót sérstöku netfangi – stjornarskra@frettabladid.is.

**Jóhann Hauksson**



**JÓN KRISTJÁNSSON**
FORMAÐUR STJÓRNARSKRÁRNEFNDAR

## *Margt til skoðunar*

Sérfræðingar á vegum stjórnarskrárnefndar hafa tekið saman upplýsingar um þróun stjórnarskráa í nágrannalöndunum, rakið sögu þeirrar íslensku og tekið saman skýringar á henni.

„Þessari vinnu er lokið og efnið verður gefið út á næstunni," segir Jón Kristjánsson, formaður stjórnarskrárnefndar. „Veturinn fór í upplýsingaöflun og 11. júní héldum við ráðstefnu þar sem félagasamtökum og einstaklingum gafst tækifæri til að koma athugasemdum og hugmyndum á framfæri. Við höfum safnað erindum og sjónarmiðum en síðsumars förum við að skiptast á skoðunum um það hverju breyta skyldi og hverju yrði ýtt til hliðar."

Jón nefnir nauðsyn þess að endurskoða kaflann um Alþingi, ríkisstjórn og forseta Íslands. „Hann er sniðinn eftir dönsku stjórnarskránni og uppröðun og ýmis ákvæði eru að mörgu leyti ekki í takt við nútímann. Við þurfum að huga að kaflanum um dómstólana. Vart þarf svo að ræða kreppuna sem upp kom í tengslum við fjölmiðlalögin í fyrra og hugsanlega þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar skorti fordæmi og engin ákvæði að finna í stjórnarskránni um það hvernig ætti að framkvæma slíka atkvæðagreiðslu. Þetta þarf allt að fara yfir og margt fleira," segir Jón Kristjánsson. **- jh**

**> SKIPAN STJÓRNARSKRÁRNEFNDAR**

JÓN KRISTJÁNSSON, formaður
GEIR H. HAARDE, varaformaður
BIRGIR ÁRMANNSSON
GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON
INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR
JÓNÍNA BJARTMARZ
STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
ÞORSTEINN PÁLSSON
ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

**> SKIPAN SÉRFRÆÐINGANEFNDAR**

EIRÍKUR TÓMASSON lagaprófessor, formaður
BJÖRG THORARENSEN lagaprófessor
GUNNAR HELGI KRISTINSSON, prófessor í stjórnmálafræði
KRISTJÁN ANDRI STEFÁNSSON lögfræðingur

**RITARI NEFNDANNA**
PÁLL ÞÓRHALLSSON, lögfræðingur í forsætisráðuneytinu.

# Styðjumst við reynslu Norðmanna

Norski stjórnlagaprófessorinn **Eivind Smith** er einn virtasti sérfræðingur Norðurlanda um stjórnarskrármál. Hann segir samanburð milli landa ávallt gagnlegan þegar unnið er að endurskoðun stjórnarskrár. Blaðamaðurinn ***Auðunn Arnórsson*** skrifar um endurskoðun stjórnarskrár.

Meðal verkefna stjórnarskrárnefndar, sem vinnur að gerð frumvarps um endurskoðaða stjórnarskrá lýðveldisins, er að kynna sér stjórnarskrárendurskoðun sem farið hefur fram í nálægum löndum.

Eivind Smith, lagaprófessor við Óslóarháskóla, flutti erindi um reynslu Norðmanna af stjórnarskrárendurskoðun á ráðstefnunni „Stjórnskipun á krossgötum" sem haldin var við Háskólann á Akureyri í mars síðastliðnum.

Í erindinu (sem bar titilinn „Grunnloven som politisk redskap eller som symbol – med aktuelle eksempler fra Norge") fór Smith yfir reynslu Norðmanna af endurskoðun stjórnarskrár sinnar, en Smith hefur sjálfur gegnt allveigamiklu hlutverki í því starfi enda einn virtasti sérfræðingur Norðmanna á þessu sviði sem norska þingið og fleiri aðilar hafa óspart leitað til um ráðgjöf um stjórnarskrármál.

Til að setja þessa norsku reynslu í samhengi við endurskoðun íslensku stjórnarskrárinnar benti Smith á að samanburður væri jafnan gagnlegur. Verkfæri samanburðarlögfræðinnar kæmu að góðum notum við að meta hvar skóinn kreppir og draga ályktanir af reynslu annarra sem að gagni kynnu að koma í eigin ranni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**STJÓRNSKIPUNIN RÆDD** Eivind Smith og Eiríkur Tómasson, formaður sérfræðinganefndarinnar sem er stjórnarskrárnefnd til ráðgjafar, ræðast við á ráðstefnunni á Akureyri.

### „Ad hoc"-breytingar ráðlegastar

Smith rifjaði upp að þjóðhátíðardagur Norðmanna, 17. maí, væri stjórnarskrárdagurinn, en á þeim degi árið 1814 var fyrsta norska stjórnarskráin samþykkt á þjóðfundi á Eiðsvöllum. Og í ár fagna Norðmenn 100 ára sjálfstæðisafmæli sínu, sambandsslitunum við Svíþjóð. Að sögn Smiths vilja margir í Noregi nota þessar sögulegu afmælisdagsetningar sem tilefni til endurskoðunar stjórnarskrárinnar. Jafnvel hölluðust sumir stjórnmálamenn að því að gera allsherjarendurskoðun á texta stjórnarskrárinnar, nánast semja nýja stjórnarskrá, og innleiða hana árið 2014.

Smith dregur enga dul á að slíkar æfingar þyki honum ekki skynsamlegar. Honum þyki „ad hoc"-breytingar á stjórnarskrá ráðlegastar, þ.e. breytingar sem gerðar eru eftir því sem þörf krefur. Á þeim 190 árum sem liðin eru frá samningu Eiðsvallastjórnarskrárinnar hefur um tveimur þriðju hlutum ákvæða hennar verið breytt.

Smith segir nokkrar minni háttar uppfærslur á norsku stjórnarskránni munu taka gildi er næst verður kosið til Stórþingsins, í september næstkomandi. Prentfrelsisákvæði hennar verða uppfærð í takt við breytta tíma í fjölmiðlun. Þá verða ákvæði stjórnarskrárinnar um Ríkisdóm endurskoðuð. Það er dómstóll sem kallaður er saman ef rétta á yfir æðstu embættismönnum þjóðarinnar vegna meintra embættisafglapa, en breytingarnar miða að því að gera réttinn minna pólitískan. Í íslensku stjórnarskránni eru hliðstæð ákvæði um Landsdóm (14. gr.) sem aldrei hefur verið kallaður saman. Þá er í þessum nýjustu breytingum á norsku stjórnarskránni skerpt á ákvæðum um upplýsingaskyldu framkvæmdavaldsins gagnvart þinginu.

### Þingræðisins verði getið

Smith tók fram að í norsku stjórnarskránni væri einskis getið um þingræðið, sem þó hefur í raun verið um langt skeið einn af hornsteinum stjórnskipulagsins í landinu. Reyndar er þingræðisins heldur ekki getið í íslensku stjórnarskránni, nema með óbeinum hætti.

Smith sagði æskilegra að kveðið væri skýrar á um þingræðið í stjórnarskránni. Hann sagði það mikla vægi sem norska þingið hefði í raun haft í norsku stjórnskipulagi á liðnum árum og áratugum helgast ekki síst af því að hér hefði skapast fyrir því að minnihlutastjórnir færu með framkvæmdavaldið. Þessi hefð breytti því hins vegar ekki að minnihlutastjórnir væru „góðviðrisstjórnir"; þegar næst kæmi til stjórnmálakreppu í landinu myndi þetta kerfi ekki duga vel.

Þessu tengt sagði Smith möguleikann á þingrofi mikilvægan, en hann er ekki fyrir hendi í stjórnarskrá Noregs eins og hún er. Það er til merkis um styrk þingsins gagnvart framkvæmdavaldinu að þingið kom því fyrir mörgum árum inn í stjórnarskrána að framkvæmdavaldið hefði ekki vald til að rjúfa þing. Þetta veldur því að kjörtímabil þingsins eru niðurnjörvuð. Smith sagði að tillaga um að kveðið yrði á um möguleikann á að boða til aukakosninga á miðju kjörtímabili yrði líklega samþykkt. Með henni er ekki farið alla leið með að opna fyrir möguleikann á þingrofi og kosningum til nýs þings (sem þá gæti setið heilt kjörtímabil). Þessi millileið er eins og gefur að skilja pólitísk málamiðlun. Þessu til viðbótar er að sögn Smiths til umræðu að kveðið skuli á um að forsætisráðherraefni skuli fá meirihlutastuðning á þingi þó svo að viðkomandi muni síðan stýra minnihlutastjórn.

Þá sagði Smith að uppskipting þingsins í tvær deildir væri úr sér gengið fyrirkomulag. Þess í stað kæmu tvær umferðir í fyrstu umræðu um lagafrumvörp. Slík breyting var gerð á skipulagi Alþingis fyrir fimmtán árum.

### Fullveldisframsal og löggjafarendurskoðun

Þá nefndi Smith að mikilvægt væri að hafa í stjórnarskránni ákvæði sem veitti þinginu umboð til framsals á fullveldisrétti til yfir- og/eða fjölþjóðlegra stofnana. Til stæði að þannig yrði gengið frá þessu í norsku stjórnarskránni að með þremur fjórðu hluta atkvæða á þingi yrði hægt að afgreiða með hraði slíka samþykkt (t.d. um aðild Noregs að stofnun eins og Alþjóða sakamáladómstólnum). Annars þyrfti tvo þriðju hluta atkvæða þings og endursamþykkt á næsta þingi eða þjóðaratkvæðagreiðslu. Þetta myndi t.d. eiga við um samþykkt aðildarsamnings að Evrópusambandinu. Hliðstæð ákvæði hefðu fyrir löngu verið innleidd í dönsku stjórnarskrána og hefðu reynst vel, að sögn Smiths.

Að mati Smiths kemur til greina að innleiða nýtt stig lagasetningar, sem væri mitt á milli eiginlegra stjórnarskrárákvæða og venjulegra laga (svonefnt „semi-constitutional level"), sem væri auðveldara að breyta en stjórnarskrárákvæðum en erfiðara en venjulegri löggjöf.

Smith nefndi fleiri dæmi um vankanta á norsku stjórnarskránni, sem hann taldi líklegt að yrðu sniðnir af síðar. Þannig væri til að mynda ekkert nefnt í henni um vald sveitarstjórna. Þá hefði mannréttindakafli stjórnarskrárinnar ekki verið uppfærður lengi. Mannréttindakafli íslensku stjórnarskrárinnar var uppfærður árið 1995.

Ráðstefnugestum á Akureyri tjáði Smith að hann teldi tímabært að innleiða í stjórnarskrána ákvæði um hlutverk og valdsvið dómstóla. Þetta stæði reyndar til. Smith talaði enn fremur um þörfina á að skýrar reglur giltu um eftirlit með því að löggjöf samræmdist stjórnarskrá, þ.e. um endurskoðunarrétt dómstóla á löggjöf. Slíkar reglur skortir einnig með öllu í íslensk stjórnlög.

**audunn@frettabladid.is**

*Spurningum, ábendingum og hugmyndum um efni á stjórnarskrársíðu Fréttablaðsins er unnt að koma á framfæri í tölvupósti.*

NETFANGIÐ ER:
**stjornarskra@frettabladid.is**

LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is

# 15% afsláttur af Lamisil Gel

## frá 23. júní - 21. júlí í öllum verslunum Lyfju




Eitt skipti á dag í eina viku drepur fótsveppinn.

FÆST ÁN LYFSEÐILS

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 28805 06/2005

**Lamisil** er borið á einu sinni á dag í eina viku. Hreinsið og þurrkið sýkt svæði vel áður en borið er á. Bera skal Lamisil á í þunnu lagi á sýkta húð þannig að það þeki allt sýkta svæðið. Lamisil er milt og veldur mjög sjaldan húðertingu. Það inniheldur terbinafin sem er sveppadrepandi (fungisid) efni og vinnur á sveppasýkingum í húð af völdum húðsveppa, gersveppa og litbrigðamyglu („lifrarbrúnir blettir"). Lamisil á ekki að nota gegn sveppasýkingum í hársverði, skeggi eða nöglum nema samkvæmt læknisráði. Það má ekki nota ef þekkt er ofnæmi fyrir terbinafini eða öðrum innihaldsefnum í Lamisil. Geymist þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarseðil sem fylgir hverri pakkningu.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Kringlunni - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd

**Aðalsteinn Guðmundsson**

**sérfræðingur í almennum lyflækningum og öldurnarlækningum**

Opnar hinn 3. ágúst n.k. stofu í Læknasetrinu, Þönglabakka 1, 109 Reykjavík.

**Tímapantanir í síma 535 7700**

**Guðjón Karlsson**

**sérfræðingur í almennum lyflækningum, hjarta- og æðasjúkdómum**

opnar hinn 7. júlí n.k. stofu í Læknasetrinu, Þönglabakka 1, 109 Reykjavík.

**Tímapantanir í síma 535 7700**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ








# Á hjara veraldar

Tilgangur bókarinnar er tvíþættur. Annars vegar að gefa almenningi stutt yfirlit yfir sögu norrænna manna á Grænlandi frá landnámi Eiríks rauða undir lok tíundu aldar þar til heimildir um þá þrýtur með skriffinnskupappírum um brúðkaup sem haldið var í Hvalseyjarfjarðarkirkju árið 1408 og hins vegar að greina frá kenningum um hvað olli því að byggð norrænna manna á Grænlandi lagðist í eyði. Ætlun höfundar er að kveikja áhuga lesenda á sögu norrænna manna á Grænlandi og auðvelda þeim leitina að frekari upplýsingum.

Á fyrstu hundrað blaðsíðum bókarinnar er gefið yfirlit yfir landnámið og daglegt líf Grænlendinga hinna fornu á þessu rúmlega 400 ára tímabili, allt frá stjórnskipun þeirra og trúarbrögðum til atvinnuhátta og skemmtana. Þessi upptalning er mjög almenn og er ekki sérlega áhugaverð aflestrar.

Það er ekki fyrr en á síðustu tíu blaðsíðum bókarinnar sem reifuð eru svör við spurningunni um hvað það var sem olli eyðingu byggðarinnar í Eystribyggð, sem var á syðsta hluta landsins, og Vestribyggð sem var á svæðinu þar sem núverandi höfuðborg Grænlands, Nuuk, stendur.




**SMÁRIT SÖGUFÉLAGS** Á hjara veraldar: Saga norrænna manna á Grænlandi eftir Guðmund J. Guðmundsson er komin út hjá Sögufélagi. Bókin er sú fyrsta í nýrri ritröð Sögufélags sem heitir Smárit Sögufélags. Bókin er 139 blaðsíður. Aftast í bókinni er yfirlit efnis bókarinnar á ensku, heimildaskrá og atriðisorðaskrá.

Vestribyggð fór í eyði um 150 árum á undan Eystribyggð, sem var töluvert fjölmennari, og er ekki talið að svipaðar ástæður hafi legið þar að baki því svo virðist sem íbúar Eystribyggðar hafi yfirgefið byggðina með skipulagðari hætti en íbúar Vestribyggðar.

Fræðimenn í dag eru ekki á því að rekja megi eyðingu byggðarinnar til einhverrar einnar ástæðu heldur hafi margir þættir haft þar samverkandi áhrif. Svarti dauði er nefndur sem orsök fyrir eyðingu Vestribyggðar sem og kólnandi veðurfar. Samgöngur frá Evrópu við Grænland munu hafa versnað í kjölfarið á verðlækkun á grænlenskum vörum og breytingum á siglingatækni, auk þess sem landeyðing var mikil, sem komið hefur niður á búskap.

Eftir lestur bókarinnar stendur meginspurning hennar eftir ósvöruð en lesandinn hefur einhverjar hugmyndir um möguleg svör og bókin kveikir hjá honum löngun til að vita meira. Bókin er á skýru og læsilegu máli sem ætti ekki að vefjast fyrir fólki að skilja. Hún er augljóslega skrifuð með það fyrir augum að höfða til breiðs lesendahóps og ber að fagna þessu framtaki Sögufélags.

**ingi@frettabladid.is**

# VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

**NR. 13**

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ■ | 15 | 8 | 10 | 13 | ■ | 12 | 4 | 11 | 14 | 23 | 8 | 21 | 21 | ■ |
| 15 | ■ | 13 | ■ | 19 | ■ | 4 | ■ | 13 | ■ | 24 | ■ | 27 | ■ | 20 |
| 8 | 13 | 10 | 8 | 4 | ■ | 8 | 14 | 13 | 8 | 21 | 29 | 10 | 5 | 4 |
| 13 | ■ | 5 | ■ | 11 | 13 | 13 | ■ | 11 | ■ | 12 | ■ | 4 | ■ | 30 |
| 10 | 26 | 4 | 23 | ■ | ■ | 12 | 31 | 4 | 14 | ■ | 29 | 11 | 13 | 14 |
| 29 | ■ | 15 | ■ | 12 | 22 | 23 | 14 | ■ | 27 | ■ | 25 | ■ | ■ | ■ |
| 1 | 4 | 27 | 28 | 11 | ■ | ■ | 8 | ■ | 21 | 29 | 11 | 12 | 5 | 4 |
| 11 | ■ | 4 | ■ | 3 | 8 | 13 | 13 | 23 | 8 | 21 | ■ | 30 | ■ | 24 |
| 13 | 11 | 28 | 2 | 8 | 4 | ■ | 13 | ■ | ■ | 5 | 4 | 3 | 5 | 21 |
| ■ | ■ | ■ | 31 | ■ | 23 | ■ | 8 | 32 | 8 | 4 | ■ | 13 | ■ | 21 |
| 16 | 4 | 17 | 4 | ■ | 13 | 6 | 4 | 8 | ■ | ■ | 29 E | 11 I | 3 M | 8 A |
| 6 | ■ | 21 | ■ | 18 | ■ | 23 | ■ | 13 | 7 | 14 | ■ | 14 | ■ | 28 |
| 9 | 27 | 3 | 8 | 21 | 8 | 5 | 14 | 23 | ■ | 12 | 21 | 8 | 14 | 11 |
| 9 | ■ | 5 | ■ | 19 | ■ | 13 | ■ | 8 | ■ | 17 | ■ | 10 | ■ | 4 |
| ■ | 23 | 4 | 19 | 14 | 23 | 8 | 5 | 4 | ■ | 12 | 15 | 8 | 28 | ■ |

A Á B Ð D E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er E til dæmis í reit merktum 29 og fer þá E í alla aðra reiti með því númeri. I er í reit númer 11 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 11 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn kvenmannsnafn sett saman úr stöfum reita númer 12-4-11-14-23-30-13 (í þessari röð).*

**Lausnarorð**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 12 | 4 | 11 | 14 | 23 | 30 | 13 |

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

**Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.**

SMS-skeytið kostar 99 krónur.

**Lausn nr. 11**

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ■ | S | Æ | M | D | ■ | B | Á | T | S | K | Æ | N | A | ■ |
| S | ■ | T | ■ | O | ■ | Á | ■ | A | ■ | O | ■ | Æ | ■ | H |
| Á | R | T | Í | Ð | ■ | R | A | U | Ð | M | A | G | A | R |
| R | ■ | L | ■ | I | Ð | U | ■ | M | ■ | A | ■ | A | ■ | Ö |
| S | V | E | R | ■ | ■ | N | Á | S | T | ■ | F | R | Í | Ð |
| A | ■ | G | ■ | H | R | A | S | ■ | Ó | ■ | Ú | ■ | ■ | ■ |
| U | N | G | U | R | ■ | ■ | T | ■ | M | O | S | K | A | N |
| K | ■ | U | ■ | Ó | S | P | A | K | U | R | ■ | J | ■ | E |
| I | Ð | R | A | S | T | ■ | N | ■ | ■ | R | J | Ó | Ð | I |
| ■ | ■ | ■ | P | ■ | É | ■ | D | Ý | N | A | ■ | S | ■ | S |
| A | U | S | A | ■ | L | E | I | R | ■ | ■ | **L** | **E** | **I** | **T** |
| X | ■ | O | ■ | S | ■ | Y | ■ | I | Ð | A | ■ | N | ■ | A |
| I | N | N | I | V | E | R | A | N | ■ | L | A | D | A | N |
| R | ■ | U | ■ | I | ■ | N | ■ | G | ■ | U | ■ | U | ■ | A |
| ■ | Þ | R | E | K | L | A | U | S | ■ | R | Ý | R | T | ■ |




**Leystu krossgátuna!**

Þú gætir unnið frábæra grínmyndina Sideways sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna árið 2005.

**Vinningshafi krossgátunnar í síðustu viku voru:**
Jón Axel Björnsson



# SMS-GÁTAN:

Hvað veist þú um Clint Eastwood?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið **1900**.

**Dæmi:** Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið **JA MYND** PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

**Leystu gátuna!** Þú gætir unnið hinn frábæra tölvuleik Battlefield 2.




**Hvað heitir bíómyndin sem Clint ætlar að leikstýra hér á landi?**
s) War of the Worlds k) Flags of Our Fathers j) Top Gun

**Hvað hét Óskarsverðlaunamynd Clints frá síðasta ári?**
m) Sideways n) Unforgiven r) Million Dollar Baby

**Hvað er Clint gamall?**
o) 65 ára i) 75 ára l) 85 ára

**Hvaða karakter hefur Eastwood leikið?**
a) Crappy Chris w) Simon the Slob s) Dirty Harry

**Hvað á Clint mörg börn?**
a) 7 v) 1 z) 14

**Vinningshafar í SMS-leik síðustu viku voru:**
Ásgeir Ægisson, Hrólfur Sigurðsson

SMS skeytið kostar 99 krónur.

# allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 2.58 | 13.31 | 00.03 |
| AKUREYRI | 1.38 | 13.15 | 00.49 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

**Góðan dag!**
Í dag er sunnudagur 26. júní, 177. dagur ársins 2005.

**STÖRF Í BOÐI**


| | |
|---|---|
| Öryggisvörður | 3 |
| Byggingaverkfr. | 3 |
| Trésmiðir | 3 |
| Byggingaráðgj. | 3 |
| Grunnskólakennari | 4 |
| Bílstjóri | 4 |
| Hárgreiðslusveinn | 4 |
| Baðvörður | 4 |
| Leikskólakennari | 4 |
| Ræstingafólk | 5 |
| Lagerstörf | 5 |
| Málmsmiðir | 6 |
| Íþróttafulltrúi | 7 |


**SMÁAUGLÝSINGAR**
byrja í dag á bls. 12

**Flokkar & fjöldi**


Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar


ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is
vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Ragnhildur smíðar mest úr gulli en finnst silfrið spennandi efni líka.

# Gullsmíðin er gefandi starf

***Ragnhildur Sif Reynisdóttir hefur stundað gullsmíði frá barnsaldri og á sextán ára afmælinu skrifaði hún undir samning í faginu.***

„Ég ólst upp í gullsmíðafjölskyldu þannig að ég byrjaði ung bæði að fylgjast með gullsmíði og hjálpa til. Ákvað snemma að læra fagið og á sextán ára afmælisdaginn fór ég með föður mínum, Reyni Guðlaugssyni gullsmíðameistara, að skrifa undir samning,“ segir Ragnhildur Sif. Hún kveðst samt hafa ætlað að læra eitthvað annað líka en af því hafi ekki orðið ennþá. Hins vegar stefnir hún á frekara nám í gullsmíðinni. „Ég ætla til Bretlands í haust með fjölskylduna og reikna með eins árs útivist til að byrja með. Þetta verður listatengt nám í hönnun og fleiru,“ segir hún og er greinilega orðin spennt.

Ragnhildur er með verkstæði heima og fæst þar við skartgripagerð. Hún vinnur líka fyrir fjölskyldufyrirtækið, sem er Gull- og silfursmiðjan Erna, og hefur í mörg ár haft smíði þríkrossins á hendi. „Ég var með opna vinnustofu hér heima um tíma en hætti því þegar ég eignaðist barn. Held samt áfram að selja þeim sem banka upp á það sem ég er að búa til. En ég á alveg örugglega eftir að opna vinnustofuna upp á gátt aftur þegar ég kem heim frá námi,“ segir hún brosandi.

Ragnhildi finnst gullsmíðin gefandi starf. „Það er svo gaman að búa til eitthvað fallegt úr góðmálmum. Maður þarf alltaf að láta sér detta eitthvað nýtt og sniðugt í hug en það fer svolítið eftir tímabilum hvernig það gengur.“ Spurð um uppáhaldsgrip sem hún hefur smíðað kveðst hún hafa sérstakar taugar til þríkrossins því hann hafi fylgt henni lengi. „Svo held ég mikið upp á hring sem ég smíðaði á námskeiði úti í Danmörku og eitt hálsmen á ég örugglega aldrei eftir að tíma að selja,“ segir hún. „Það varð upphafið að vissri breytingu í hönnun hjá mér og opnaði mér nýja vídd.“

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU
### *í atvinnu*

**Sauðfjárbændur** geta loks glaðst yfir horfum á batnandi hag. Síðustu ár hafa þeir verið skyldaðir til að selja stóran hluta lambakjötsins til útlanda á mun lægra verði en greitt er fyrir það sem fer á markað innanlands. Nú hefur verið ákveðið að aðeins 15-16% af framleiðslunni fari úr landi í næstu sláturtíð og verð fyrir það kjöt verði hærra en áður.



**Atvinnuleysi** hér á landi var 2,2% í maí og minnkaði um eitt prósentustig milli mánaðanna apríl og maí. Mjög jákvætt, einkum þegar þess er gætt að á þessum tíma er skólafólk að flykkjast út á vinnumarkaðinn. Þó jókst atvinnuleysi lítið eitt meðal kvenna á höfuðborgarsvæðinu á þessum tíma en annars staðar minnkaði það, meðal karla og kvenna.

**Verkfærakista ráðgjafans** er handbók fyrir starfs- og námsráðgjafa sem er nýkomin út. Verkfærin koma frá kanadískum ráðgjafarsálfræðingi, Norman E. Amundson að nafni. Hann hefur unnið mikið með atvinnuleitendum og námsmönnum í Kanada og víðar og nýja bókin á að nýtast íslenskum ráðgjöfum í störfum sínum.

*atvinna@frettabladid.is*

---

SS fremstir fyrir bragðið

**Bílstjóri** 501877
Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða bílstjóra til starfa. Vinnutíminn er frá kl. 07:00-16:00 virka daga og stöku sinnum til kl. 18:00.

Um útkeyrslu á vörum fyrirtækisins er að ræða og þá aðallega í verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Leitað er að röskum aðila með góða framkomu. Meirapróf æskilegt. Upplýsingar eingöngu veittar hjá Vinna.is

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is
vinna.is ATVINNUMIÐLUN

---

## Rangárþing ytra

**Leikskólinn Heklukot á Hellu auglýsir lausa stöðu deildarstjóra á eldri deild leikskólans.**

Staðan er laus frá og með 1. ágúst n.k. Leitað er að einstaklingi með menntun leikskólakennara og æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af starfi í deildaskiptum leikskóla.

Aðstoð er veitt við útvegun húsnæðis.

Umsóknarfrestur er til og með **10. júlí** 2005.

Ef ekki berast umsóknir frá leikskólakennurum í umrædda stöðu, kemur til greina að ráða einstakling með aðra menntun á uppeldissviði eða með reynslu af starfi með börnum.

Upplýsingar gefur leikskólastjórinn, Anna Rut Hilmarsdóttir, í síma 487-5956 og á staðnum á vinnutíma.

Umsóknum skal skila til leikskólastjóra eða til skrifstofu Rangárþings ytra að Laufskálum 2 á Hellu.

**Leikskólinn Heklukot**
**Útskálum 2,**
**850 Hella.**

---

2005 Strætó bs

## Vagnstjórar óskast

**Strætó bs. auglýsir eftir vagnstjórum til sumarafleysinga.**

**Næg vinna!**

Upplýsingar um starfið veitir Steindór Steinþórsson í síma: 540 2700 og 660 2343.

**Hæfniskröfur:** Meirapróf, rútupróf. Reynsla æskileg.



**Sumarfrí**
Gerðu lista yfir þau verk sem þarf að vinna meðan þú ert í sumarfríi. Það auðveldar afleysingarfólki starfið til muna og áhyggjunum er létt af þér.

[ VINNUFÖTIN ]

## Fimm hlutir sem þú verður að eiga ...

1. Stílhrein dragt eða jakkaföt. Jakkaföt karlmanna ættu að vera kóngablá eða grá því þeir litir ganga við hvaða aðstæður sem er. Konur hins vegar eiga að velja sér svarta dragt. Hvort sem þú ert að fara í viðtal, hitta viðskiptavin eða persónulega athöfn ganga dragt og jakkaföt við gjörsamlega allt.



2. Óformlegur vinnuklæðnaður. Stundum þarftu að fara á óformlega fundi erlendis eða úti á landi og þá er best að vera ekki í stífuðum jakkafötum og bindi. Það fer reyndar eftir fyrirtækinu þínu hvað telst óformlegur klæðnaður en það er aldrei íþróttabuxur og íþróttaskór. Aldrei! Og ekki láta þér detta í hug að mæta í gallabuxum.



3. Hvít skyrta eða blússa. Það er erfitt að finna aðstæður þar sem hvít skyrta eða blússa passar ekki. Hún passar bæði við formlegan og óformlegan klæðnað og býður upp á endalausa möguleika.



4. Einfaldir fylgihlutir. Þú ættir endilega að eiga nóg af mismunandi fylgihlutum í fataskápnum þínum.

• Bindi fyrir karlmenn. Varaðu þig á skærum litum og flóknum mynstrum og þá passa bindin þín við hvaða klæðnað sem er.

• Klútar fyrir konur. Klútar eða slæður eru frábærir fylgihlutir til að bæta við smá lit. En ef þú fílar ekki slæður geturðu einfaldlega sett á þig einfalt hálsmen.



• Belti fyrir karlmenn sem er svart eða brúnt passar við hvaða buxur sem er.

• Stílhreint úr með málm- eða leðuról fyrir bæði kyn.

• Taska fyrir konur og skjalataska fyrir karlmenn.

5. Skór. Karlmenn ættu að kaupa sér reimaða skó með þunnum botni í bæði svörtu og brúnu til að passa við hvað sem er. Konur ættu að kaupa sér svarta skó með miðlungsháum hæl sem passa við allt – rétt eins og hvíta blússan.



# Ofurhugar vinna á átta hæða dýpi

***Miklar framkvæmdir standa nú yfir í Hrauneyjafossvirkjun þar sem verið er að sandblása rör virkjunarinnar. Fimmtán galvaskir strákar eru staddir á staðnum og vinna sem nemur átta hæðum undir jörðinni á tólf tíma vöktum.***

„Þetta er gríðarlega mikil framkvæmd," segir Gunnar Árnason, framkvæmdastjóri Verkvíkur, sem sér um verkið.

„Þegar búið er að loka fyrir vatnið þarf að hreinsa út þar sem rörin eru full af drullu og skít. Þetta er allt orðið ryðgað og ljótt þannig að rörin eru sandblásin og síðan fínryksuguð með stórvirkum vélum. Þá þarf að sprauta þau með sterkum tæringarvarnarefnum."

Það tekur um það bil fimmtíu daga að hreinsa hvert rör en rörin í Hrauneyjum eru þrjú. „Við tókum eitt í fyrra og tökum tvö núna. Þetta er örugglega ekki of langur tími og við vinnum allan sólarhringinn."

Gunnar býður blaðamanni að koma með niður í hyldýpið til að taka myndir. Það er þegið með hálfum huga. Eftir fjóra stiga, sem virka ekki of traustir, heykist blaðamaður á verkefninu og þiggur með þökkum að Gunnar taki myndirnar. „Þú hefðir átt að vera hér þegar við vorum að byrja. Þá héngu menn hér í lausu lofti við að byggja stillansa og vinnupalla," segir Gunnar og hlær.

Hann segir þó að svona vinna sé ekki fyrir hvern sem er og margir guggni á fyrsta degi. „Þeir sem eru hér eru hraustir strákar og hálfgerðir ofurhugar, en þetta er allt mjög pottþétt og engin hætta á ferðum. Það er auðvitað að mörgu að hyggja og þegar verið er að sandblása þarf að passa að rakastigið fari ekki upp því þá fer allt að ryðga aftur. Við erum með gríðarlega stóra blásara sem taka inn á sig loft og minnka raka jafnóðum, en þeir hita og þurrka rörin. Þessir blásarar virka líka sem loftræsting fyrir okkur því það er mikið atriði að menn séu með öndunarloft. Nú erum við að sprauta tæringarvarnarefnum með háþrýstisprautum og erum í góðum göllum með hjálma á hausnum því það stíga upp miklar eiturgufur. Við erum líka með neyðargrímur til að komast út ef eitthvað fer úrskeiðis."

Strákarnir eru svartir af skít þegar þeir koma upp á yfirborðið og engan veginn í húsum hæfir, enda hefur verið útbúin sérstök aðstaða fyrir þá í hálendismiðstöðinni í Hrauneyjum þar sem þeir matast þrisvar á dag. „Við þurfum sérstaka sápu til að þrífa okkur og erum oft lerkaðir eftir tólf tíma niðri í rörunum."

Á næstu árum stendur til að taka fleiri virkjanir í gegn á þennan hátt – en myndirnar hans Gunnars segja meira en mörg orð. *edda@frettabladid.is*



Það er gott að sjá til sólar eftir margar klukkustundir neðanjarðar. Strákarnir kvarta þó ekki.



Skítugir upp fyrir haus af ryki og drullu í rörunum.



Vinnupallarnir eru ekki sérlega traustvekjandi en traustir þó.



Gunnar Árnason framkvæmdastjóri segir þetta stærstu framkvæmd af þessari tegund hingað til.



Strákarnir hlaupa stigana eins og hindur, en blaðamaður guggnaði á niðurleiðinni.



Tæringarvarnarefnum er sprautað í rörin.

# Hvað fengirðu í vasann í Danmörku?

***Ertu að flytja til útlanda? Langar þig að vita hver launin eru fyrir starfið þitt í öðrum löndum? Nú er hægt að finna slíkar upplýsingar á netinu.***

Stéttarfélög og hagsmunaaðilar í nokkrum löndum Evrópu hafa staðið fyrir rafrænni launakönnun undanfarið þar sem niðurstöðurnar eru birtar á netinu. Verkefnið hóf göngu sína í Hollandi 2001 og var upphaflega sett á laggirnar til að aðstoða konur í atvinnulífinu og minnka launamun kynjanna. Á síðustu árum hefur könnunin þróast yfir í að vera almenn og alþjóðleg launakönnun og nú er hægt að nálgast niðurstöður um flesta launaflokka á netinu.

Með aukinni hnattvæðingu og alþjóðasamskiptum getur verið gott að vita hvaða laun eru í boði fyrir sams konar starf erlendis enda er algengt að menn flytji tímabundið milli landa til að stunda vinnu. Þegar maður fær atvinnutilboð frá útlöndum er oft erfitt að gera sér grein fyrir því hvort launin eru sanngjörn en með launakönnun af þessu tagi má tryggja það.

Allar nánari upplýsingar um könnunina má finna á heimasíðunni: www.wageindicator.org. Þar eru einnig tenglar inn á ýmsar síður sem gefa upplýsingar um laun í einstökum löndum. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Niðurstöður alþjóðlegrar launakönnunar eru birtar á netinu og þar er hægt að finna upplýsingar um laun í öðrum löndum.



## Heimilishjálp ráðin

NAUÐSYNLEGT ER AÐ LÍNUR SÉU SKÝRAR UM HVERS ER VÆNST.

Vertu búinn að ákveða hvort þú ætlar að vera heima eða að heiman meðan þrifin fara fram. Athugaðu tryggingar og hvort þú ert tryggður ef viðkomandi slasast á staðnum. Ákveddu fyrir fram hversu mikið þú ert tilbúin(n) að borga. Segðu skýrt og skorinort hvers þú væntir af þjónustunni og ákveddu hvernig brugðist verður við ef eitthvað brotnar eða eyðileggst. Biddu um meðmæli.

**Þitt öryggi**

## Störf í boði hjá Öryggismiðstöð Íslands

*Öryggismiðstöð Íslands leitar að öflugum liðsmönnum til að efla enn frekar starf í þágu öryggismála á Íslandi.*

### Öryggisverðir

Um er að ræða vaktgæslu og farandgæslu.

***Hæfniskröfur:***

Farið er fram á stundvísi, snyrtimennsku, heiðarleika og hreint sakavottorð. Skilyrði er að umsækjendur séu orðnir 20 ára og hafi almenn ökuréttindi og séu vel á sig komnir líkamlega og andlega. Öryggisverðir á stjórnstöð þurfa einnig að búa yfir almennri tölvuþekkingu.

### Starfsumsókn

Í boði eru spennandi störf hjá öflugu og framsækinu þjónustufyrirtæki á sviði öryggismála. Hjá Öryggismiðstöð Íslands starfa um 120 manns að eflingu öryggismála bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum. Öryggismiðstöð Íslands hvetur konur til að sækja um ofangreind störf.

Umsóknir og ferilskrá sendast á skrifstofu Öryggismiðstöðvar Íslands að Borgartúni 31, 105 Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið atvinna@oryggi.is merkt því starfi sem sótt er um.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. Umsóknarfrestur er til 4. júlí 2005.

ÖRYGGISMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Borgartúni 31 • Sími 530 2400 • www.oryggi.is

**Öryggis- og aðgangsstýrikerfi • Myndavélakerfi • Brunavarnir**
**Öryggisgæsla • Heimagæsla • Vöruverndarbúnaður**



J.Á. verktakar | Gagnheiði 28 | 800 Selfoss | Sími 480 1700 | Fax 480 1701

*J.Á. verktakar ehf. eru 13 ára öflugt, metnaðarfullt og vaxandi verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru um 70 og verkefnastaðan traust. Fyrirtækið er með starfsstöðvar og verkefni bæði á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu. Stefna fyrirtækisins er að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandi er góður og starfsmannafélagið er sérlega virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum.*

### Byggingaverkfræðingur/tæknifræðingur

Óskum eftir að ráða til framtíðarstarfa byggingarverkfræðing eða tæknifræðing með starfsstöð á höfuðborgarsvæðinu. Helstu verkefni:

- Verkefnastjórnun
- Innkaup og samningar við birgja, undirverktaka og verkkaupa
- Kostnaðareftirlit, reikningsgerð og uppgjör verka
- Tilboðsgerð

Við leitum að öflugum aðila sem hefur reynslu af störfum við verkefnastjórn, framkvæmda-eftirlit eða hvort tveggja. Umsóknir sendist á gylfi@jav.is fyrir 4 júlí nk.

*Allar nánari upplýsingar veitir Gylfi í síma 860 1707.*

### Trésmiðir/undirverktakar

Óskum eftir að ráða vana trésmiði til starfa bæði á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu. Óskum jafnframt eftir einyrkjum eða hópum smiða til vinnu við afmörkuð verkefni.

*Allar nánari upplýsingar veita Gylfi í síma 860 1707 (Suðurland) og Guðmundur í síma 860 1730 (höfuðborgarsvæðið).*

# Akureyri - Egilsstaðir

KB RÁÐGJÖF

**KB Ráðgjöf leitar að drífandi og dugmiklum einstaklingum í störf lífeyris- og tryggingaráðgjafa. Um störf tveggja einstaklinga er að ræða. Annars vegar er leitað að ráðgjafa til að þjónusta útibú KB banka á Akureyri og hins vegar á Egilsstöðum. Störfin krefjast búsetu á viðkomandi stöðum eða í næsta nágrenni.**

**Starfssvið:**
- Lífeyris- og tryggingaráðgjöf til viðskiptavina
- Sala og samningagerð
- Kynning á þjónustu fyrirtækisins
- Önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af sölu- og/eða þjónustustörfum
- Reynsla af lífeyris- og tryggingageiranum æskileg
- Sjálfstæði og skipulagni í vinnubrögðum
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum

KB Ráðgjöf er leiðandi sölu- og þjónustufyrirtæki í lífeyris- og tryggingamálum sem er að hluta til í eigu KB banka. Fyrirtækið veitir ráðgjöf í lífeyris-og tryggingamálum, m.a. til viðskiptavina KB banka. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 45 manns og eru höfuðstöðvar þess staðsettar að Hlíðasmára 17, Kópavogi.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

**Umsjón með starfsumsóknum hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) og Sigríður Ólafsdóttir (sigridur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

Laugavegi 170 105 Reykjavík Sími 540 7100 mannafl@img.is
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafl.is

# Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í Reykjavík óskar eftir að ráða starfsmann á örverustofu.

**Starfið felur m.a í sér undirbúning og aðstoð við örverumælingar ásamt uppþvotti og frágangi á rannsóknavörum.**

## Hæfniskröfur:

Æskileg menntun er stúdentspróf og/eða sérhæft námskeið fyrir rannsóknamenn. Einhver reynsla af vinnu á rannsóknastofu er kostur.

Launakjör eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr 70/1996.

Umsóknarfrestur er til 30. júní 2005 og miðað er við að starfið hefjist 1.september n.k.. Umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf ásamt afritum af prófgögnum óskast sendar með tölvupósti (heida@rf.is) eða til Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík.

Upplýsingar um starfið veitir Heiða Pálmadóttir deildarstjóri þjónustusviðs í síma 530-8600.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun sem starfar samkvæmt lögum 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Stefna Rf er að auka verðmæti sjávarfangs með rannsóknum, þróunarvinnu, miðlun þekkingar og ráðgjöf. Sérfræðisvið Rf eru m.a. vinnslutækni, líftækni, efna- og eðliseiginleikar matvæla, gæði og öryggi sjávarfangs, fóður og fóðurtækni í fiskeldi og umhverfisrannsóknir.

---

# Álftanesskóli

www.alftanesskoli.is

## „Háseta vantar á bát“

- óskum að ráða:

**Grunnskólakennara** með framhaldsmenntun í sérkennslufræðum eða aðra sambærilega menntun til að vinna með nemendum í Námsveri skólans heil staða

**Grunnskólakennara** með áherslu á dönsku / ensku, 1/2 staða.

Upplýsingar um störfin gefur Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í símum 540-4700 og 821-5007, netfang: *sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is*

Umsóknir sendist Álftanesskóla, 225 Álftanesi. Laun eru skv kjarasamningi LN og KÍ.

**Skólastjóri**

---

# TÓNLISTARSKÓLI ÁRNESINGA

## Píanókennari

Tónlistarskóli Árnesinga óskar eftir að ráða píanókennara til afleysingastarfa í eitt ár í 75 - 100% starf. Kennslustaðir: Hveragerði og Selfoss. Upplýsingar fást hjá skólastjóra í síma 861 3884. Umsóknarfrestur framlengist til 3. júlí 2005. Senda má fyrirspurnir og umsóknir í tölvupósti til tonar@tonar.is.

Tónlistarskóli Árnesinga er einn af stærstu tónlistarskólum landsins með starfsemi á 12 kennslustöðum í sýslunni. Fjöldi nemenda er um 600 og starfa 30 kennarar við skólann. Veffang: www.tonar.is.

---

# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Félagsþjónustan:**
- Starf með fötluðum dreng
- Ræsting

**Íþróttamiðstöðin Versalir:**
- Afgr./laugarvarsla/baðvarsla karla

**Salurinn, Tónlistarhúsi Kópavogs:**
- Húsvörður

**Sundlaug Kópavogs:**
- Afgr.og baðvarsla kvenna

### GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Digranesskóli:**
- Umsjónarkennari í 6. bekk

**Hjallaskóli:**
- Tölvukennsla
- Spænskukennsla
- Leiklistarkennsla

**Kársnesskóli:**
- Matráður kennara
- Starfsmenn í Dægradvöl

**Lindaskóli:**
- Umsjónarkennari á miðstig

### LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Leikskólinn Arnarsmári:**
- Leikskólakennarar

**Leikskólinn Álfaheiði:**
- Leikskólakennari

**Leikskólinn Álfatún:**
- Sérkennslustjóri

**Leikskólinn Dalur:**
- Leikskólakennari
- Leikskólasérk/þroskaþj.

**Leikskólinn Fagrabrekka:**
- Sérkennslustjóri

**Leikskólinn Fífusalir:**
- Aðstoðarleikskólastjóri
- Aðstoð í eldhús
- Ræsting

**Leikskólinn Grænatún:**
- Leikskólakennari
- Sérkennslustjóri

**Leikskólinn Kópasteinn:**
- Sérkennslustjóri

**Leikskólinn Marbakki:**
- Leikskólakennarar

**Leikskólinn Rjúpnahæð:**
- Leikskólakennari

**Leikskólinn Urðarhóll:**
- Hlutastarf við sérkennslu
- Aðstoð í eldhús, hlutastarf

**Nánari upplýsingar á:**
***www.kopavogur.is***
**og *www.job.is***

---

SS fremstir fyrir bragðið

**Bílstjóri** 501877

Sláturfélag Suðurlands óskar eftir að ráða bílstjóra til starfa. Vinnutíminn er frá kl. 07:00-16:00 virka daga og stöku sinnum til kl. 18:00.

Um útkeyrslu á vörum fyrirtækisins er að ræða og þá aðallega í verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Leitað er að röskum aðila með góða framkomu. Meirapróf æskilegt. Upplýsingar eingöngu veittar hjá Vinna.is

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

---

# Mötuneyti

**Krabbameinsfélagið óskar að ráða starfsmann til að annast umsjón og rekstur mötuneytis.**

Starfið felst í undirbúningi og framreiðslu morgunkaffis og létts hádegisverðar fyrir 50-60 manns, frágangi og innkaupum.

Við leitum að hugmyndaríkum og sjálfstæðum starfsmanni sem hefur gaman af matargerð.

Vinnutími er alla jafna frá kl. 8.30-14.00.
Starfið er laust í byrjun ágúst.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 4. júlí nk. Númer starfs er **4530**.

Nánari upplýsingar veitir Guðný Sævinsdóttir.
Netfang: gudny@hagvangur.is

*Tilgangur Krabbameinsfélagsins er að styðja og efla í hvívetna baráttuna gegn krabbameini. Félagið er til húsa í Skógarhlíð 8 í Reykjavík. www.krabb.is*

Krabbameinsfélagið

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2005

HAGVANGUR - við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700
Bréfasími 520 4701 • www.hagvangur.is

---

# Hrafnista

í Reykjavík og Hafnarfirði

## Verktaki eða hárgreiðslusveinn

Hrafnista í Hafnarfirði óskar eftir að ráða verktaka eða hárgreiðslusvein til afleysinga á hárgreiðslustofunni í júlí og fram í ágúst. Laun skv.kjarasamningi eða verktakalaun.

Upplýsingar veitir Sigríður Sophusdóttir s: 585-9529. Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Hrafnistu,

www.hrafnista.is

# Ertu í leit að föstu starfi eða sumarvinnu



Vegna aukinna verkefna eru störf í boði við ræstingar og þrif:

**Dagvinna - seinnipartsvinna - helgarvinna**
Við höfum störf í boði á öllum tímum sólarhringsins. Einnig helgarvinna í boði. Um er að ræða störf á höfuðborgarsvæðinu.

**Sérverkefni - vinnuhlutfall 100%**
Við leitum að starfsfólki til að vinna við sérverkefni. Sérverkefni eru umfangsmeiri þrif en dagleg ræsting. Um er að ræða t.d. bónleysingu, bónun, hreingerningar o.s.fr. Við leitum eftir fólki sem getur unnið breytilegan vinnutíma, er sjálfstætt og nákvæmt í vinnubrögðum.

*Upplýsingar um störfin veitir Ólöf starfsmannastjóri, umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að* ***Ármúla 40, 3.hæð*** *og á heimasíðu* ***www.iss.is. Sími 5 800 600. Netfang: olof@iss.is.***

ISS ÍSLAND

***Iss Ísland ehf. er stærsta fyrirtæki landsins á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaiðnaði og viðhaldi/hreinsun loftræstikerfa, fyrirtækið hefur starfað í yfir 24 ár. Hjá ISS Ísland starfa yfir 630 manns á aldrinum 17 - 80 ára. Starfsmenn fá kennslu, þjálfun, bestu áhöld og efni sem völ er á. Einnig fá starfsmenn stuðning frá ræstingar-, þrifa- og flokkstjórum.***

Reykjavíkurborg
Menntasvið



# Hefur þú áhuga ?

## á að starfa á vinnustað þar sem:

- **91% starfsmanna eru ánægðir í starfi**
- **91% starfsmanna telja að vinnuandi sé góður**
- **87% starfsmanna telja auðvelt að samræma vinnu og einkalíf 1)**

Hafir þú menntun eða reynslu á sviði uppeldis eða kennslu, býrð yfir færni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, áhuga og áreiðanleika í starfi eru leikskólarnir kannski vinnustaður fyrir þig.

Hjá leikskólum Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að starfsfólk njóti sín í starfi, geti nýtt þá menntun og hæfni sem það býr yfir og aukið þekkingu sína.

## Leyfðu leikskólum Reykjavíkurborgar að koma þér á óvart !

**Nánari upplýsingar veitir Guðný E. Ingadóttir mannauðsráðgjafi á Menntasviði Reykjavíkurborgar í síma 411-7000 eða á netfanginu gudny.elisabet.ingadottir@reykjavik.is. Lausar stöður eru birtar á heimasíðu okkar www.leikskolar.is.**

Leikskólar Reykjavíkurborgar eru 78 talsins og þar starfa um 1800 starfsmenn. 99% foreldra í Reykjavík telja að barninu sínu líði vel á leikskólanum og 98% foreldra telja að leikskólinn komi til móts við þarfir þess2). Samkvæmt jafnréttisáætlun leikskóla Reykjavíkurborgar er stefnt að því að auka hlut karlmanna í störfum hjá leikskólunum.

1) Samkvæmt starfsmannakönnun meðal starfsmanna leikskóla Reykjavíkurborgar.
2) Samkvæmt viðhorfakönnun meðal foreldra barna í leikskólum Reykjavíkurborgar.

Menntasvið Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 411 7000, menntasvid@reykjavik.is

# Nýr leikskóli

## í Vatnsendahverfum

**Lausar eru til umsóknar stöður:**
aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra, leikskólakennara, sérkennslustjóra og annarra starfsmanna við nýjan leikskóla, Hvarf, í Kópavogi.

Einnig er laus til umsóknar staða matráðar og aðstoðarmanns í eldhúsi svo og ræstitækna.

Leikskólinn er sex deilda og tekur til starfa á hausti komandi. Hann er staðsettur við Álfkonuhvarf í Vatnsendahverfum í Kópavogi og er rekinn af ÓB ráðgjöf.

Í öllu starfi leikskólans verður haft að leiðarljósi að sinna þörfum og tilfinningum barnanna, með áherslu á að rækta með þeim hæfileikann að tjá sig tilfinningalega með aldur og þroskastig barnanna að leiðarljósi. Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi.
( Hugmyndafræðingar: Dr. Jean Illsley Clarke, Urie Bronfenbrenner, Berit Bae og Piaget)

Grunntónninn í starfsmannastefnu leikskólans verður hlýja og faglegur stuðningur. Rík áhersla verður lögð á að gefa starfsfólkinu tækifæri á að vaxa faglega og persónulega. Það er gert með endurmenntun og faglegri handleiðslu fyrir starfsfólk og skipulögðu félagslífi.

Þeir sem hafa áhuga á að sækja um starf vinsamlegast hafið samband við Sólveigu Einarsdóttir leikskólastjóra í síma 861-8055 eða með því að senda tölvupóst í obradgjof@obradgjof.is

# Grunnskóli Snæfellsbæjar

**Ólafsvík - Hellissandi - Lýsuhólsskóla**

Staða umsjónarkennara á elsta stigi á starfsstöð skólans í Ólafsvík er laus til umsóknar fyrir næsta skólaár, 2005 - 2006.
Auk bekkjarumsjónar á elsta stigi eru kennslugreinar: íslenska, enska og samfélagsfræði í 7.-10.b.

Leitað er eftir grunnskólakennara með áhuga fyrir aukinni samvinnu kennara til breyttra kennsluhátta auk hæfni til að vinna með unglingum í örvandi starfsumhverfi til náms og sjálfstæðra vinnubragða.

Grunnskóli Snæfellsbæjar er nýr grunnskóli sem nú er að ljúka sínu fyrsta starfsári. Skólinn starfar nú deildaskiptur; 5.-10.b í Ólafsvík, 1.-4.b á Hellissandi og 1.-10.b í Lýsuhólsskóla fyrir nemendur úr Staðarsveit og Breiðuvík í Snæfellsbæ.
Sýn skólastarfsins felst í einkunnaorðum skólans:

**Virðing - Viska - Víðsýni**

Skrifleg umsókn um stöðu þessa berist undirrituðum sem jafnframt veita allar frekari upplýsingar.

Sveinn Þór Elinbergsson, skólastjóri
*sveinn@gsnb.is*, s. 894 9903
*Guðrún Sveinbjörnsdóttir*, aðstoðarskólastjóri
*gudruns@gsnb.is*, s. 861 6194
**póstfang:** Ennisbraut 11, 355. Ólafsvík, Snæfellsbæ
veffang: ***gsnb.is***



# Framtíðarstarf og sumarafleysingar

**AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum í lagerstörf.**

Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumarafleysingar.Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is Upplýsingar gefur Ríkarð í síma 693-5602.

AÐFÖNG

Vinagerði

# Leikskólinn Vinagerði

Vantar leikskólakennara, starfsmann með sambærilega menntun, eða sem hefur áhuga á að vinna með börnum.
Um 100% stöðu er að ræða og þarf umsækjandi að geta byrjað 8. ágúst n.k.

Upplýsingar gefur Díana Sigurðardóttir leikskólastjóri í síma **553-8085** fyrir 1. júlí

*Hvernig verður maður ...*

# ... Bóndi

Starf bóndans er ákaflega fjölbreytt og hann þarf að vera vel að sér á mörgum sviðum. Bændur þurfa að hafa góða tilfinningu fyrir dýrum og þurfa að kunna að umgangast þau. Þeir vinna líka mikið með hvers kyns vélar og þurfa að vera vel að sér varðandi viðhald og virkni þeirra. Einnig er gott fyrir bændur að vera liðtækir á verkstæðinu ef gera þarf við eða smíða. Þar sem bændur byggja afkomu sína á umhverfinu þurfa þeir að vera vel að sér í náttúrufræði.
Ekki eru allir bændur búfræðingar og menntun bænda er æði misjöfn. Margir læra búmennsku af reynslunni meðan aðrir fara í skóla og læra búfræði. Aukin tækni í landbúnaði og auknar kröfur um gæði afurða gerir menntun bænda enn mikilvægari. Stórt bú þarf að reka eins og hvert annað fyrirtæki og það krefst þekkingar á ýmsum sviðum.



Starf bóndans er ákaflega fjölbreytt og verkefnin eru breytileg eftir árstíðum.

## NÁM

Í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri er boðið upp á tveggja ára starfsmenntanám á framhaldsskólastigi sem lýkur með búnaðarprófi. Einnig er í boði þriggja ára háskólanám til BS-gráðu.



Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri.

## INNTÖKUSKILYRÐI

Til að hefja nám í búfræði á framhaldsskólastigi þarf umsækjandi að hafa náð 18 ára aldri. Um inntöku nemenda í BS-nám gilda sömu reglur og um annað háskólanám. Nemendur sem ekki hafa lokið stúdentsprófi geta þó fengið inngöngu í BS-námið hafi þeir lokið búnaðarprófi.

## HELSTU NÁMSGREINAR

Námsgreinar í búfræðinámi eru afar fjölbreyttar. Nemendur þurfa að taka bóklega áfanga í efnafræði, erfða- og kynbótafræði, áburðarfræði, bókhaldi, búvélafræði og plöntufræði auk verklegra námskeiða í málmsuðu og umhirðu búfjár. Hluti námsins felst í verknámi sem fram fer á sveitabæ undir leiðsögn bónda.
Í BS-námi í búvísindum eru námsgreinarnar af svipuðum toga. Farið er dýpra í fræðin og nemendur hafa möguleika á að sérhæfa sig enn frekar.



Umhirða búfjár er meðal kennslugreina.

## STARFIÐ

Flestir bændur eiga jarðir og stunda þar búskap. Það er dýrt að kaupa jörð og koma sér upp bústofni og því getur verið erfitt fyrir nýtt fólk í faginu að koma sér af stað. Sumir bændur hafa einhverja aukabúgrein, ferðaþjónustu, skógrækt eða eitthvað slíkt. Þeir sem lokið hafa námi í búfræði starfa á ýmsum vettvangi og stunda ekki endilega búskap. Þeir vinna hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og mjólkursamlögum svo fátt eitt sé nefnt.

## LAUN OG KJÖR

Bændastéttin er láglaunastétt á Íslandi eins og margar aðrar frumvinnslustéttir. Stór bú geta hins vegar gefið vel af sér og vinna við landbúnað er alls engin ávísun á léleg laun. Bændur fá sjaldan frí og oft vinna þeir langan vinnudag. Búskapur getur verið ansi bindandi enda þarf að mjólka kýrnar kvölds og morgna, hvort sem er aðfangadagskvöld eða nýársmorgunn. Ný tækni í landbúnaði hefur hins vegar gert vinnuumhverfi bænda ákjósanlegra og bændur eru nú farnir að taka sér frí í takt við breytt þjóðfélag.



# ÖSSUR HF.

## STARFSMENN Í FRAMLEIÐSLUDEILD

ÖSSUR HF. LEITAR AÐ FÓLKI TIL STARFA HJÁ FRAMLEIÐSLUDEILD FYRIRTÆKISINS. UMSÆKJENDUR ÞURFA AÐ VERA LIPRIR Í SAMSKIPTUM, DUGLEGIR OG FALLA VEL INN Í HRESSAN HÓP STARFSMANNA Í GÓÐU STARFSUMHVERFI.

Við óskum eftir að ráða starfsmenn í eftirtaldar deildir:

- Sílikondeild
- Koltrefjadeild
- Samsetningu

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

UMSÓKNIR SENDIST TIL OKKAR AÐ GRJÓTHÁLSI 5, 110 REYKJAVÍK,
MERKT **ÖSSUR – STARFSUMSÓKN**
EÐA Í GEGNUM HEIMASÍÐU ÖSSURAR HF. - WWW.OSSUR.IS

UMSÓKNIR ÞURFA AÐ BERAST FYRIR **01. JÚLÍ** NK.

FARIÐ VERÐUR MEÐ ALLAR UMSÓKNIR SEM TRÚNAÐARMÁL OG ÖLLUM UMSÓKNUM SVARAÐ.

**ÖSSUR HF.**
GRJÓTHÁLSI 5
110 REYKJAVÍK
515 1300
WWW.OSSUR.COM

ÖSSUR®
*Life Without Limitations*

# ÁRSKÓLI

## Viltu breyta til? Hvernig væri að skoða búsetu á Sauðárkróki?

**Enn eru lausar eftirtaldar stöður við Árskóla:**

smíðakennsla, sérkennsla og almenn kennsla á yngsta stigi.

Í Árskóla eru um 470 nemendur í 1.-10. bekk. Skólinn er einsetinn, en starfar í tveimur skólahúsum. Í skólanum er ágætlega búin sérdeild og einnig er aðstaða í tölvu- og upplýsingatækni með því besta sem gerist í grunnskólum. Við skólann er skólavistun fyrir nemendur í 1.-3. bekk. Síðastliðin 5 ár hafa starfsmenn skólans unnið að sjálfsmati eftir skosku kerfi sem aðlagað hefur verið að íslenskum aðstæðum og nefnist „Gæðagreinar". Skólinn vinnur einnig eftir Olweusaráætluninni. Sauðárkrókur býður upp á góða þjónustu, öflugt íþróttastarf, leikskóla, tónlistarskóla og fjölbrautaskóla.

**Nánari upplýsingar veita skólastjórnendur í síma: 8221141 / 8221142**

Heimasíða skólans: http://www.arskoli.is

STÁL SUÐA

Óskum eftir járniðnaðarmönnum við vinnu úr svörtu og riðfríu stáli á virkjunarsvæði Orkuveitu Reykjavíkur og í smiðju.

**Uppl í síma 693-5454.**

# Kælimenn - Málmsmiðir

**Viljum ráða starfskrafta í kælideild og smiðju.**

Verkefnin eru fólgin í nýsmíði á kæli- og hitatækjum auk innréttingasmíði í veitingahús og söluturna. Við leitum að vélstjóra eða rafvirkja í kælideild og almennum málmsmiðum í smíðadeildina.

***Áhugasamir hafi samband við verkstjóra í síma 892 9466.***

Frostverk
KÆLI- OG FRYSTITÆKI

Skeiðarás 8 • 210 Garðabæ

Hárgreiðslustofan mín
Skipholti 70 sími 581 2 581

Hárgreiðslustofan mín óskar eftir að ráða þjónustulipran og áreiðanlegan hárgreiðslumeistara eða svein til starfa sem fyrst.

Vel kemur til greina að ráða í 50-80% stöðu.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf, meðmælendur ásamt launahugmyndum sendist fyrir 3. júlí n.k á netfangið

***hargreidslustofanmin@hotmail.com***

# ÍSTAK óskar að ráða í eftirfarandi stöður

## Smiði
-Getum útvegað gistingu

## Verkamenn
-Helst með reynslu

## Járnsmiði
-Til fjölbreyttra smíðaog uppsetningastarfa

## Vélvirkja
-Til viðhalds og viðgerða á vinnuvélum, bifreiðum og öðrum tækjum

Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7 og í síma 530 2700 á skrifstofutíma kl. 8:15 - 17
www.istak.is

ÍSTAK

Hollt & Gott

## Starfsmaður í grænmetisvinnslu

**Hollt og Gott ehf. óskar eftir að ráða starfsmann til starfa í vinnslu fyrirtækisins í Reykjavík.**

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur Reynisson, framleiðslustjóri í síma 575-6054.

# Íþróttafulltrúi

Knattspyrnufélagið Valur óskar eftir íþróttafulltrúa til starfa.

Starfsmaðurinn skipuleggur og vinnur að verkefnum sínum í samráði við aðalstjórn, deildarstjórnir og framkvæmdastjóra félagsins.

Markmiðin með starfinu eru að samræma og auka gæði íþróttalegs og félagslegs starfs og að tryggja iðkendum og íbúum á starfssvæði félagsins fyrsta flokks þjónustu með því að:

- Hafa stjórn og umsjón með íþróttalegum og félagslegum verkefnum í samræmi við stefnu félagsins
- Vinna með samstarfsaðilum Vals að samræmingu og aukningu æskulýðs-, íþrótta- og forvarnarstarfs innan starfssvæðis Vals.

**Menntunar og hæfniskröfur eru eftirfarandi:**

Menntun í íþróttafræðum eða sambærileg menntun.
Hæfni í mannlegum samskiptum
Áhugi á að vinna með börnum
Reynsla af starfi í íþróttahreyfingunni

Umsóknarfrestur er til 30. júní n.k. Umsóknum má skila á skrifstofu félagsins eða á netfangið felagar@valur.is.

Mikill uppgangur er í Knattspyrnufélaginu Val um þessar mundir. Vegna uppbyggingar á íþróttamannvirkjum Vals á næstunni hafa orðið til fjölmörg tækifæri sem ætlunin er að íþróttafulltrúi leitist við að nýta í samvinnu við stjórn félagsins. Íþróttafulltrúa er ætlað að ganga til liðs við teymi starfsmanna sem hefur það að markmiði að halda Knattspyrnufélaginu Val í fremstu röð á öllum sviðum.

## Starf skólaritara í Melaskóla

**Laust er til umsóknar starf skólaritara í Melaskóla næsta skólaár.**

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragna Ólafsdóttir, skólastjóri í síma 535 7500 og 664 8305 og skrifstofustjóri í síma 699 7992.. Umsóknir sendist til Melaskóla, Hagamel 1, 107 Reykjavíkur. Umsóknarfrestur er til 5. júlí 2005. Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.**

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Menntasvið Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, sími: 411 7000, menntasvid@reykjavik.is

## Störf í grunnskólum Reykjavíkur frá hausti 2005

**Austurbæjarskóli, sími 561 2680**
**Íþróttakennsla og sundkennsla**.
**Tölvukennsla**.
**Námsráðgjafi**.
**Skólaliðar**.

**Álftamýrarskóli, sími 557 8100**
**Samkennsla í 1. og 2. bekk**, 80% staða.
**Aðstoðarmaður í eldhús.**

**Breiðagerðisskóli, sími 510 2600**
**Skólaliðar**, gæsla, þrif og til aðstoðar í mötuneyti.

**Breiðholtsskóli, símar 557 3000 og 664 8150**
**Kennsla á miðstigi.**
**Kennsla á yngsta stigi.**
**Þroskaþjálfi.**

**Háteigsskóli, sími 530 4302**
**Þroskaþjálfi**, 50% staða.

**Hlíðaskóli, sími 664 8225**
**Umsjónarmaður skólahúsnæðis.**
**Skólaliðar.**

**Hvassaleitisskóli, símar 570 8800 og 664 8257**
**Baðvörður.**
**Skólaliðar.**
**Starfsfólk í ræstingar.**
**Starfsfólk skóla.**

**Langholtsskóli, símar 553 3188 og 664 8280**
**Kennsla á yngsta stigi**, 80-100% staða.
**Sérkennsla/kennari í námsver.**
**Skólaliðar.**

**Laugarnesskóli, símar 664 8300 og 664 8296**
**Almenn kennsla**, 66% staða.
**Smíðakennsla.**

**Seljaskóli, símar 557 7411 og 664 8330**
**Dönskukennsla á miðstigi og unglingastigi.**
**Bókfærslukennsla**, tveir tímar á viku.
**Spænskukennsla**, tveir tímar á viku.
**Þroskaþjálfi.**

**Víkurskóli, sími 545 2700**
**Íþróttakennsla og sundkennsla**, 50% staða.
**Sérkennsla.**
**Skólaliðar.**

**Upplýsingar veita skólastjórar, aðstoðarskólastjórar eða aðrir tilgreindir í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðeigandi skóla. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.**

www.grunnskolar.is

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 411 7000 menntasvid@reykjavik.is

## SÖLUFÓLK

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá morgni til kvölds, alla daga vikunnar.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir í síma 696 6020. Umsóknir með ferilskrá má einnig senda á olafia.b.rafnsdottir@365.is

# Ert þú sá besti?

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

## Aðstoðarmaður í innkaupadeild

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Fyrirtækið skuldbindur sig til að stunda starfsemi sína á það hagkvæman hátt að viðskiptavinir okkar geri ávallt betri kaup í Hagkaupum.

**Aðstoðarmaður í innkaupadeild**

Hagkaup óskar eftir að ráða aðstoðarmann innkaupamanns í sérvörudeild Hagkaupa. Starfið er fólgið í tölvuvinnslu, skýrslugerð, pöntunum á vörum, samskipti við birgja, samskipti við starfsfólk verslana, auk vinnslu við Hagkaupsblaðið. Vinnutími er kl. 8-17.

Um er að ræða tímabundna ráðningu í 6-8 mánuði. Við leitum að starfsmanni sem hefur þekkingu og áhuga á fatnaði. Æskilegt er að umsækjandi hafi stúdentspróf. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, unnið vel undir álagi og sýnt frumkvæði í starfi.

**Umsóknum skal skilað á skrifstofu Hagkaupa í Skeifunni eða í tölvupósti (amj@hagkaup.is) fyrir 1. júlí nk. Allar nánari upplýsingar veitir Anna Margrét Jónsdóttir, starfsmannastjóri í síma 563-5000.**

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

## Starf í útkeyrslu

**Vegna góðrar verkefnastöðu vantar okkur hjá Steypustöðinni starfsmenn með meirapróf í útkeyrslu á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi. Starfið felst í akstri steypubíls og afhendingu á steypu.**

Umsóknir ásamt ferillýsingu sendist fyrir föstudaginn 1. júlí 2005 á skrifstofu til eftirfarandi aðila:

**Höfuðborgarvæðið.** Sendist á Malarhöfða 10, Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið : sveinn@steypustodin.is. Sveinn svarar fyrirspurnum í síma 840-6810.

**Suðurland.** Sendist á Hrísmýri 8, Selfoss eða í tölvupósti á netfangið: snorri@steypustodin.is. Snorri svarar fyrirspurnum í síma 840-6882.

Umsækjandi þarf að hafa vilja til að taka þátt í þróttmikilli og metnaðarfullri starfssemi okkar þar sem þjónusta, öryggi og vörugæði eru í fyrirrúmi. Vinnutími getur bæði orðið langur og breytilegur.

STEYPUSTÖÐIN

Steypustöðin ehf. er framsækið þjónustu og framleiðslufyrirtæki sem skapar ásamt viðskiptavinum sínum verðmætar gæðalausnir.

netbókhald.is

## Kerfis- eða tölvunarfræðingar

**Netbókhald.is** óskar eftir að ráða kerfis- eða tölvunarfræðing.

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af forritun í Java og SQL.
Faglegt og sjálfstæð vinnubrögð.

Áhugavert starf fyrir metnaðarfullan einstakling.

Umsóknir sendist á ***gk@netbokhald.is*** fyrir 1. júlí.

## Leikskólakennarar óskast

**Gefnarborg í Garði er einkarekinn tveggja deilda leikskóli sem óskar eftir leikskólakennurum.**

Meðal annars vantar verkefnastjóra til að taka að sér ábyrgð á þróunarverkefni um virðingu og jákvæð samskipti. Vinnutími getur verið samkomulagsatriði.

Einnig vantar leikskólakennara á deild. Ef ekki fást leikskólakennarar í þær stöður verða ráðnir leiðbeinendur.

Umsóknarfrestur er til 29. júní 2005 og eru áhugasamir vinsamlega beðnir að hafa samband við leikskólastjóra eða rekstraraðila í síma 422-7166 og 898- 7206.

!
Talstöðin
FM 90,9
ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Allir meðvitaðir um markmið fyrirtækisins

***Jón Páll Leifsson er markaðssérfræðingur hjá Símanum. Hann er mikill áhugamaður um auglýsingar og unir sér því vel í markaðsdeildinni.***

Jón Páll Leifsson starfar hjá markaðsdeild símans og sér um markaðsmál sem snúa að ungu kynslóðinni. „Við erum með markhópaskiptingu og mitt hlutverk er að hafa umsjón með yngsta markhópnum. Reyndar er markhópaskiptingin kannski ekki beint aldurstengd heldur hefur hún meira að gera með lífsstíl. Ég sinni því sem snýr að markaðssetningu fyrir þennan unga lífsstíl. Ég hef mikil samskipti við auglýsingastofuna og sinni öllu því sem snýr að markaðsefni frá okkur.“

Jón Páll hefur alltaf haft mikinn áhuga á auglýsinum og er með masterspróf í markaðs- og auglýsingafræði frá skóla á Englandi. „Ég hef unnið á auglýsingastofum frá árinu 2000 en er nú búinn að skipta um hlutverk. Það má eiginlega segja að ég hafi áður verið hinum megin við borðið og sú reynsla nýtist mjög vel í starfinu núna. Markaðsdeildin vinnur í nánu samstarfi við auglýsingastofuna sem sér um okkar kynningarefni og þá kemur sér vel að þekkja hennar starf. Helst á þetta að vera þannig að auglýsingastofan vinni með okkur en ekki fyrir okkur. Þeir verða að fá að njóta sín í sínu fagi og við verðum að fá að sinna okkar málum. Við eigum til dæmis ekki að fikta of mikið í framsetningunni heldur verðum við að treysta auglýsingastofunni og megum ekki taka fram fyrir hendurnar á henni. Enda engin ástæða til þess þar sem hún hefur unnið frábært starf,“ segir Jón og á þar við auglýsingastofuna ENNEMM sem Síminn vinnur með.

Jón hefur starfað hjá Símanum síðan í maí og segist enn vera að koma sér inn í starfið. „Sumarið er viðburðaríkasti tími ársins hvað þetta starf varðar svo það er nóg að gera. Sumarherferðin er farin af stað og mikið markaðsstarf sem henni fylgir,“ segir Jón og bendir á að honum hafi þó ekki verið hent beint út í djúpu laugina. „Ég vinn náið með yfirmanni mínum, henni Petreu, og Heiðar sem var í þessari stöðu á undan mér er aldrei langt undan. Hópurinn er góður og hér hjálpast allir að.“

Jón er ánægður í starfi og segir skemmtilegt að fá tækifæri til að vinna við það sem hann hefur áhuga á. Hann segir starfið bæði lifandi og krefjandi og er hæst ánægður með vinnustaðinn. „Það er mjög gaman að vinna hér. Ég hef aldrei verið á vinnustað þar sem menn eru svona meðvitaðir um sameiginlegt markmið fyrrtækisins. Eftir breytingar í markaðsmálum síðasta árið hefur heildarmarkmiðið náðst að síast út í allar deildir og það er gaman að fá að taka þátt í því.“

thorgunnur@frettabladid.is


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jón Páll vann áður á auglýsingastofu og segir þá reynslu nýtast vel í nýja starfinu.




# RE/MAX

# Fasteignablað

32. tölublað • 3. árgangur • 26. júní 2005












## Dugguvogur
Reykjavík

Verð: 24.900.000
Stærð: 165 fm
Byggingarár: 1960

RE/MAX MJÓDD
Jónas Örn Jónasson • lögg. fasteignasali, hdl.

165,1 fm íbúð og skrifstofuhúsnæði við Dugguvog í Reykjavík. Íbúðin er með nýju eikarparketi í stórri stofu og borðstofu/sjónvarpsherbergi. Eldhús er með nýrri innréttingu og flísum á gólfi. Baðherbergi er með hornbaðkari og flísum í hólf og gólf. Yfir íbúðinni er loft með tveim herbergjum undir súð og þakgluggum. Skrifstofuaðstaðan er um 38 fm með 9 fm geymslu og plastparketi á gólfum. Íbúðin er mjög vönduð og með halogen ljósum.



Stefán
Sölufulltrúi
8217337
stefanp@remax.is



## Kiðárbotnar
Húsafell

Verð: 3.500.000
Stærð: 23,9 fm
Byggingarár: 1980
Brunabótamat: 3,9 millj

RE/MAX MJÓDD
Jónas Örn Jónasson • lögg. fasteignasali, hdl.

Fallegur 23,9 fm sumarbústaður á besta stað í Húsafelli. Bústaðurinn er panel klæddur að innan með spónaparketi á gólfi. Í bústaðunum eru 2 svefnherbergi og stofa með litlu eldhúsi. Bústaðurinn stendur á 1.200 fm lóð í fallegu umhverfi



Stefán
Sölufulltrúi
8217337
stefanp@remax.is



## Klettsflöt 1
Húsafell

Verð: 6.500.000
Stærð: 38 fm
Byggingarár: 1987
Brunabótamat: 3,9 millj

RE/MAX MJÓDD
Jónas Örn Jónasson • lögg. fasteignasali, hdl.

Klettsflöt 1. sumarbústaður í Húsafelli. Bústaðurinn hefur nýlega verið gerður upp. Í kring um bústaðinn er nýlegur 54 fm pallur og er gert ráð fyrir að hægt sé að setja þar heitan pott. Í bústaðnum er eitt svefnherbergi stofa og eldhús. Falleg lóð er í kring um bústaðinn eins og allt umhverfi í Húsafelli.



Stefán
Sölufulltrúi
8217337
stefanp@remax.is

# Laugavegur
## 101 Reykjavík

RE/MAX Mjódd kynnir 250,4 fm hús við á þrem hæðum og 112,7 fm geymslur í bakgarði við Laugaveg í Reykjavík. Húsið stendur á 475,7 fm lóð og samhvæmt skipulagi er byggingarréttur fyrir um það bil 475,7 fm atvinnuhúsnæði að heildarfleti á jarðhæð. Og stækka má efri hæðirnar tvær í um 310 fm hvor samtals um það bil 620 fm. Heildar fermetrafjöldi er þá um það bil 1.096 fm. Jarðhæðin er í fastri útleigu og hefur verið til nokkurra ára. Jarðhæðin er steypt en efri hæðirnar tvær eru úr timbri. ÓSKAÐ ER EFTIR TILBOÐI Í EIGNINA MIÐAÐ VIÐ NÚVERANDI ÁSTAND OG BYGGINGARRÉTT.






RE/MAX MJÓDD
Jónas Örn Jónasson • lögg. fasteignasali, hdl.

Verð: Tilboð
Stærð: 363
Byggingarár: 1902
Brunabótamat: 28 millj



Stefán
Sölufulltrúi
8217337
www.remax.is
stefanp@remax.is

RE/MAX
Með langtímasamband við seljendur og kaupendur í huga













## Rauðarárstígur 7

101 Reykjavík

**Opið hús milli kl. 17.00 - 17.30**

Verð: 11.900.000
Stærð: 53,8 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1944
Brunabótamat: 6,7 fm

RE/MAX MJÓDD
Jónas Örn Jónasson • lögg. fasteignasali, hdl.

2ja herbergja íbúð á 2. hæð í miðbænum. Eldhús með ljósri innréttingu og áföstu eldhúsborði. Rúmgott svefnherbergi með föstum skáp. Flísalagt baðherbergi með sturtuklefa. Stofa með plastparketi. Stór sameiginlegur garður fyrir aftan hús.



Ásdís
Sölufulltrúi
8630402
asdis@remax.is











## Krummahólar 6

111 Reykjavík

**Opið hús milli kl. 16.00 - 16.30**

Verð: 11.400.000
Stærð: 49,1 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1976
Brunabótamat: 6,7 millj
Bílskúr: Stæði

RE/MAX MJÓDD
Jónas Örn Jónasson • lögg. fasteignasali, hdl.

2ja herbergja íbúð á 5. hæð í lyftublokk með stæði í bílskýli. Forstofa með flísum og skáp. Eldhús og stofa er opið rými, nýleg innrétting í eldhúsi, útgengt á svalir frá stofu. Svefnherbergi innaf stofu. Baðherbergi með baðkari. Geymsla á hæðinni.



Ásdís
Sölufulltrúi
8630402
asdis@remax.is

# Bollagarðar 69

## Seltjarnarnes

Einbýlishús á 2 hæðum með innbyggðum bílskúr, ræktuðum garði með palli og potti, að auki eru nokkur rými sem eru ekki inn í fermetratölu hússins (sólskáli, sjónvarpsherbergi og ris yfir annari hæð). Húsið er vel staðsett í litlum botnlanga, örstutt frá sjávarsíðunni. **Neðri hæð**: Eldhús, borðstofa, stofa, sólskáli, gestasalerni og innbyggður bílskúr. **Efri hæð**: Sjónvarpsherbergi, 5 svefnherbergi, baðherbergi, fataherbergi/geymsla Ris yfir efri hæð sem nýtist sem vinnuherbergi eða geymsla.













RE/MAX MJÓDD
Jónas Örn Jónasson • lögg. fasteignasali, hdl.

Verð: 55.000.000
Stærð: 201,2 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1989
Brunabótamat: 25,5 millj
Bílskúr: 23 fm

**Opið hús milli 18.00 og 18.30**



Ásdís
Sölufulltrúi
8630402
www.remax.is
asdis@remax.is



www.remax.is

RE/MAX

Með langtímasamband við seljendur og kaupendur í huga



## Hvassaleiti 12
### Reykjavík

Verð: 19.800.000
Stærð: 110 fm
Herbergi: 4
Byggingarár: 1960
Brunabótamat: 14,5 millj
Bílskúr: 20.3 fm

RE/MAX KÓPAVOGUR

Falleg 4 herb 90,2 fm íbúð á 4.hæð ásamt 20,3fm bílskúr. Íbúðin er með þrjú stór svefnherb.með skápum , parketlagða stofu eldhús með borðkrók og nýlega endurnýjað baðherbergi. Íbúð með fallegu útsýni í rólegu hverfi og í göngufæri við Verslunarskólann og Háskólann í Rvík. Stutt í alla þjónustu.



Guðbergur
Sölufulltrúi
8936001
beggi@remax.is



## Hraunbær 60
### Reykjavík

Verð: 14.500.000
Stærð: 67 fm
Herbergi: 3
Byggingarár: 1967
Brunabótamat: 8.8 millj

RE/MAX KÓPAVOGUR

Flott, ný endurnýjuð 2herb íbúð með aukaherbergi í kjallara, sem hefur verið í útleigu. Ný eldhúsinnrétting, eldhús- tæki, parket og ofnar. Baðherbergi flísalagt. Einnig hefur húsið verið klætt að utan. Sjón er sögu ríkari.



Guðbergur
Sölufulltrúi
8936001
beggi@remax.is









## Nónhæð 4
### 210 Garðabæ

Verð: 17.500.000
Stærð: 74 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1992
Brunabótamat: 9,6 millj

RE/MAX STJARNAN

Forstofa með fataskáp. Þvottahús og geymsla inn af forstofu. Baðherbergi flísalagt og með baðkari. Rúmgott hjónaherbergi og barnaherbergi með skápum. Stofa / borðstofa björt með útgengi út á suður verönd. Eldhús með hvítri innréttingu og flísum á milli skápa. Linoleum dúkur er á gólfum nema baðherbergi. Sameign mjög snyrtileg, leikaðstaða fyrir börn í garðinum og hægt er að búa til sérinngang af verönd. Stutt í alla þjónustu.



Lóa
Sölufulltrúi
6988733
loa@remax.is

# Gvendargeisli
## 113 Reykjavík

Falleg 4ra herbergja íbúð á annarri hæð í þriggja hæða fjölbýli í Grafarholti. Anddyri með Mustang flísum á gólfi, stór fataskápur. Baðherb. með Mustang flísum á gólfi og veggjum að hluta til. Stofan er björt og rúmgóð með útgengi út á stórar suður svalir. Eldhús er opið inn í stofuna, L-laga innrétting. Tvö barnaherb. bæði með fataskáp. Bjart Hjónaherb. með stórum glugga og sér fataherb. Allar innréttingar eru úr Mahogny, fljótandi Eik á stofu eldhúsi og herbergjum. Öll lýsing er úr Lumex. Stæði í bílageymslu. Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning. Falleg eign sem vert er að skoða.












RE/MAX KÓPAVOGUR
Birgir Birgisson • lögg. fasteignasali, hdl.

Verð: 26.200.000
Stærð: 127 fm
Fjöldi herbergja: 4
Brunabótamat 15,6 millj
Bílskúr Bílageymsla

## Opið hús milli 17.00 og 18.00



Þórunn
Sölufulltrúi
695 0448
thorunn@remax.is

Gunnar
Sölufulltrúi
862 2001
gunnar@remax.is

www.remax.is

RE/MAX
Með langtímasamband við seljendur og kaupendur í huga

# Birkiteigur 1a
## Mosfellsbær



OPIÐ HÚS milli kl. 17:00-18:00 Anddyri með flísum á gólfi og skáp, herb. úr anddyri með parketi og skáp. Björt og rúmgóð stofa/borðstofa með parketi. Gestasalerni með flísum. Sjónvarpshol með parketi. Eldhús með góðum borðkrók, nýlegri eikarinnréttingu og kork á gólfi. Þvottahús með innréttingu. Baðherb. með kirsuberjainnréttingu, baðkari, sturtuklefa og flísalagt í hólf og gólf. Hjónaherb. er með gólfdúk. Tvö barnaherb.með gólfdúk og fataskáp.






RE/MAX KÓPAVOGUR
Birgir Birgisson • lögg. fasteignasali, hdl.

Verð: 37.900.000
Stærð: 186,6 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1974
Brunabótamat: 24,7 fm
Bílskúr: 46,2 fm



Guðbergur
Sölufulltrúi
8936001
www.remax.is
beggi@remax.is




## Hrísrimi 15
### 112 Reykjavík

Verð: 37.400.000
Stærð: 165 fm
Herbergi: 4
Byggingarár: 1993
Brunabótamat: 21,9 millj
Bílskúr: 28 fm

RE/MAX KÓPAVOGUR



Glæsilegt 165fm parhús á 2.hæðum m/bílskúr á besta stað í Grafarvogi. 4.svefnherbergi, stofa,sjónvarpshol, eldhús, baðherbergi og bílskúr.Gróinn garður,með sólpalli og bílastæði fyrir 4 bíla. Sjón er sögu ríkari

Guðbergur
Sölufulltrúi
8936001
beggi@remax.is




## Sumarhús
### Skorradalur

Verð: 15.500.000
Stærð: 64 fm
Herbergi: 4
Byggingarár: 1998
Brunabótamat: 15,5 millj

RE/MAX KÓPAVOGUR



Fallegur bústaður, byggður á staðnum árið 1998. Gólfflötur er 55 fm , ásamt 26 fm svefnlofti og 9 fm gestahúsi. 2.svefnherbergi, flísalagt baðherbergi með sturtu, eldhús og stór stofa. Svefnloftið er eitt alrými. Stórir og miklir sólpallar (140fm) og heitur pottur.

Guðbergur
Sölufulltrúi
8936001
beggi@remax.is






## Engjasel 84
### Reykjavík

Verð: 18.700.000
Stærð: 138 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1977
Brunabótamat: 14 millj
Bílskýli: já

RE/MAX KÓPAVOGUR

Björt 4 herb 138,1 fm íbúð með bílskýli, í rólegu barnvænu umhverfi. Íbúðin er með þrjú svefnherb, stofu/borðstofu, eldhúsi, baðherbergi, sjónvarpsholi, þvottahúsi og geymslum í kjallara. Íbúð á 2.hæð miðsvæðis í Breiðholtinu stutt í alla þjónustu.



Guðbergur
Sölufulltrúi
8936001
beggi@remax.is

www.remax.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Flataskóli
### Umsjónarmaður tómstundaheimilis

Laust er starf umsjónarmanns tómstundaheimilis Flataskóla.

Um er að ræða 75% starf frá 1. ágúst 2005.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á uppeldissviði
- Góð reynsla af starfi með börnum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulags- og stjórnunarhæfileikar
- Almenn tölvukunnátta

**Helsta verksvið:**
- Skipulagning á starfi tómstundaheimilis í samráði við aðra starfsmenn
- Umsjón með daglegri starfsemi
- Innritun og skráning á dvalartíma
- Samskipti við foreldra og starfsfólk skólans
- Skipulagning á tómstundastarfi/-námskeiðum fyrir nemendur skólans

Umsóknir berist skólastjóra, Sigurveigu Sæmundsdóttur, sem veitir nánari upplýsingar í gsm **862-6330** og netfang **sigurveig@flataskoli.is.**

**Umsóknarfrestur er til 10. júlí nk.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga við Útgarð.

Starfið er auglýst á vef Garðabæjar **www.gardabaer.is** þar sem hægt er að sækja um rafrænt.

***Grunnskólafulltrúi***

Fræðslu- og menningarsvið

---

## Hefur þú næmt auga fyrir hönnun?

**Eitt stærsta fyrirtæki í byggingariðnaði á landinu óskar að ráða markaðsfulltrúa sem hefur næmt auga fyrir hönnun.**

**Starfið tilheyrir sölu- og markaðssviði fyrirtækisins.**

**Hæfniskröfur:**
- Hönnun auglýsinga- og kynningarefnis.
- Umsjón með heimasíðu.
- Samskipti við auglýsingastofur, prentsmiðjur og fjölmiðla.
- Náin samvinna með deildarstjóra sölu- og markaðssviðs við gerð markaðsáætlunar, undirbúning kynningarherferða, sýninga, námskeiða o.fl.

Menntun á sviði grafískrar hönnunar, prentsmíði eða margmiðlunar er skilyrði.

Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt og skipulega, stundum undir talsverðu álagi, og geta sinnt störfum sem tengjast markaðsmálum samhliða hönnun.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 3. júlí nk. Númer starfs er **4630**.

Upplýsingar veitir Rannveig J. Haraldsdóttir.
Netfang: rannveig@hagvangur.is

VR Fyrirtæki ársins 2005

HAGVANGUR - við ráðum

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700**
**Bréfasími 520 4701 • www.hagvangur.is**

---

Álftanesskóli
- www.alftanesskoli.is

## „Háseta vantar á bát"
- óskum að ráða:

**Grunnskólakennara** með framhaldsmenntun í sérkennslufræðum eða aðra sambærilega menntun til að vinna með nemendum í Námsveri skólans heil staða

**Grunnskólakennara** með áherslu á dönsku / ensku, 1/2 staða.

Upplýsingar um störfin gefur Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í símum 540-4700 og 821-5007, netfang: *sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is*

Umsóknir sendist Álftanesskóla, 225 Álftanesi. Laun eru skv kjarasamningi LN og KÍ.

**Skólastjóri**

---

## Rangárþing ytra

**Leikskólinn Heklukot á Hellu auglýsir lausa stöðu deildarstjóra á eldri deild leikskólans.**

Staðan er laus frá og með 1. ágúst n.k. Leitað er að einstaklingi með menntun leikskólakennara og æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af starfi í deildaskiptum leikskóla.

Aðstoð er veitt við útvegun húsnæðis.

Umsóknarfrestur er til og með **10. júlí** 2005.

Ef ekki berast umsóknir frá leikskólakennurum í umrædda stöðu, kemur til greina að ráða einstakling með aðra menntun á uppeldissviði eða með reynslu af starfi með börnum.

Upplýsingar gefur leikskólastjórinn, Anna Rut Hilmarsdóttir, í síma 487-5956 og á staðnum á vinnutíma.

Umsóknum skal skila til leikskólastjóra eða til skrifstofu Rangárþings ytra að Laufskálum 2 á Hellu.

**Leikskólinn Heklukot**
**Útskálum 2,**
**850 Hella.**

---

2005 S Strætó bs

## Vagnstjórar óskast

**Strætó bs. auglýsir eftir vagnstjórum til sumarafleysinga.**

**Næg vinna!**

Upplýsingar um starfið veitir Steindór Steinþórsson í síma: 540 2700 og 660 2343.

**Hæfniskröfur:** Meirapróf, rútupróf. Reynsla æskileg.

P & Ó www.internet.is/po

---

## KENNARASTARF Í TJARNARSKÓLA

*Við viljum ráða fjölhæfan og hugmyndaríkan kennara að skólanum. Helstu kennslugreinar: Íslenska, danska og samfélagsgreinar.*

*Tjarnarskóli er lítill skóli með stórt hjarta fyrir nemendur í 8., 9., og 10. bekk.*
*Starfið krefst þess að vel sé hugað að hverjum og einum nemanda í rólegu og notalegu námsumhverfi. Kennslan er einstaklingsmiðuð. Mannræktin er í fyrirrúmi í skólanum og mikil áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda og góða námstækni.*

***Upplýsingar veitir Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri.***

TJARNARSKÓLI
EINKASKÓLI VIÐ TJÖRNINA

*LÆKJARGÖTU 14b • Símar 891 6899 og 568 9951*
*tjarnar@ismennt.is*

***Tjarnarskóli - lítill skóli með stórt hjarta!***

---

## „Protocol Assistant"

**Bandaríska sendiráðið óskar eftir að ráða „Protocol Assistant".**
Atvinnuauglýsingu og starfslýsingu er að finna á heimasíðu sendiráðsins www.usa.is.
**Síðasti umsóknardagur er 29. júní 2005.**

---

Hrafnista
Í Reykjavík og Hafnarfirði

## Verktaki eða hárgreiðslusveinn

Hrafnista í Hafnarfirði óskar eftir að ráða verktaka eða hárgreiðslusvein til afleysinga á hárgreiðslustofunni í júlí og fram í ágúst. Laun skv.kjarasamningi eða verktakalaun.

Upplýsingar veitir Sigríður Sophusdóttir s: 585-9529.
Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu Hrafnistu,
www.hrafnista.is

---

## Kælimenn - Málmsmiðir

**Viljum ráða starfskrafta í kælideild og smiðju.**

Verkefnin eru fólgin í nýsmíði á kæli- og hitatækjum auk innréttingasmíði í veitingahús og söluturna. Við leitum að vélstjóra eða rafvirkja í kælideild og almennum málmsmiðum í smíðadeildina.

**Áhugasamir hafi samband við verkstjóra í síma 892 9466.**

Frostverk
KÆLI- OG FRYSTITÆKI

Skeiðarás 8 • 210 Garðabæ

---

LANDSBANKADEILDIN
DRAUMALIÐIÐ
TAKTU ÞÁTT Á VISIR.IS

# ÚTBOÐ

## Til sölu Vélamiðstöð ehf.

**Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur óska hér með sameiginlega, eftir tilboðum í alla hluti í Vélamiðstöð ehf.**

Nánar er um að ræða þjónustufyrirtæki sem sérhæft hefur sig til fjölda ára á sviði útleigu á bifreiðum og tækjum, bæði fólksbílum og atvinnubílum ýmis konar, að nokkru leyti sérstaklega útbúnum í þágu leigutaka. Leigutakar eru fyrst og fremst Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur, auk annarra fyrirtækja og stofnana borgarinnar.

Að auki hefur fyrirtækið að undanförnu verið að hasla sér völl á almennum útboðsmarkaði, einkum varðandi gámaflutninga og leigu.

Fyrirtækið verður selt ásamt fasteign þess að Gylfaflöt 9, Reykjavík en einnig fylgja öll tæki, búnaður og viðeigandi leigusamningar, þ.m.t. vel á þriðja hundrað bíla og vinnuvéla og annarra leigumuna.

Kynningarfundur verður haldinn hjá Vélamiðstöð ehf. Gylfaflöt 9, Reykjavík, kl. 17:00, mánudaginn 11. júlí 2005.
Gögn varðandi fyrirtækið og sölu þess, fást í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, Reykjavík frá og með kl. 15:30, miðvikudaginn 29. júní 2005.
Opnun tilboða: 15. júlí 2005 kl. 14:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.
10602

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# Útboð

## Á UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐI

### Gatnamót Arnarhrauns og Reykjavíkurvegar FJARÐARBRAUT (470-01)

Hafnarfjarðarbær býður hér með út, í samvinnu við Vegagerðina, gerð hringtorgs og aðlögun við aðliggjandi götur á mótum Reykjavíkurvegar (Fjarðarbrautar) og Arnarhrauns í Hafnarfirði, ásamt nýlögn og endurnýjun fráveitulagna, vatnslagna, rafstrengja og símastrengja.
Um er að ræða endurgerð um 250 m kafla Reykjavíkurvegar ásamt hringtorgi á gatnamótum Reykjavíkurvegar og Arnarhrauns.
Verkið á að hefja 2. ágúst 2005 en verklok eru 30. september 2005.

Nokkrar helstu magntölur eru:
Malbik, undirlag 1050 m²
Malbik, yfirlag 2370 m²
Kantsteinn 980 m
Steyptar stéttir 600 m
Hellulögn 875 m²

Útboðsgögn eru til afhendingar í Þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 gegn 10.000 kr greiðslu, og á heimasíðu Fjölhönnunar ehf, veffang: fjolhonnun.is án endurgjalds.

Tilboði skal skila á frumriti tilboðsforms í lokuðu umslagi, merktu heiti útboðs, í Þjónustuver Hafnarfjarðar, Strandgötu 6, fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 5. júlí 2005 og kl. 14:15 sama dag verða tilboð opnuð á sama stað að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

EIGNABORG FASTEIGNASALA ☎ 564 1500
27 ára
Hamraborg 12, Kópavogi, sími 564 1500, fax 554 2030.
Jóhann Hálfdánarson, Vilhjálmur Einarsson, löggiltir fasteigna- og skipasalar.





## Kópavogsbraut Kópavogi

Glæsilegt 184,5 fm einbýlishús á einni hæð, góð eikarinnrétting í eldhúsi, 4 svefnherbergi, baðherbergi, gestasnyrting. Sér stæður bílskúr er um 40 fm af heildarstærð. Glæsilegur garður. Húsið er teiknað af Manfreð Vilhjálmssyni. **Verð 49 millj.**

# OPIÐ HÚS kl. 15–17

## Brekkusel 4



Mjög gott raðhús á þremur hæðum með aukaíbúð. Tvennar svalir, aðrar út af hjónaherb á efstu hæð og út af stofu á miðhæð. Bílskúr. Eigendur sýna eignina. Verið velkomin. **Verð 38 millj.**

ÞINGHOLT
Anna Sigurðardóttir lögg. fasteignasali
BORGARTÚN 20 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 590 9500

EIGNAMIÐLUN
sími: 588 9090 • fax: 588 9095 • Síðumúla 21
eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is
*Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali*




## Arnarhraun - Hafnarfirði

Vorum að fá í sölu mjög fallegt 245 fm einbýlishús á tveimur hæðum við Arnarhraun í Hafnarfirði. Húsið skiptist m.a. í tvær stofur, sólstofu og fimm herbergi. Sérstaklega fallegur garður til suðurs. Úr sólstofu er gengið út í garð á timburverönd. Húsið er mjög vel staðsett en þaðan er örstutt í skóla, íþróttahús, miðbæinn, Lækinn og fl.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

# FORVAL

**F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar er óskað eftir umsóknum um þátttöku í lokuðu útboði á Evrópska efnahagssvæðinu vegna verksins:**

***Miðlæg stýring umferðaljósa í Reykjavík 2005.***

Innifalið í verkinu er:
Stjórnkassar fyrir u.þ.b. 30 gatnamót.
Miðlæg stjórntölva fyrir stjórnkassana, með möguleikum á að tengja allt að 150 stjórnkassa við hana. Einnig er innifalið uppsetning, prófanir og ráðgjöf.

Forvalsgögn er hægt að nálgast með því að senda tölvupóst á netfangið *utbod@reykjavik.is*
Umsóknum og forvalsgögnum skal skilað fyrir kl.14:00 mánudaginn 8. ágúst 2005 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
10603

Nánari upplýsingar er að finna á: www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

KIRKJUGARÐUR HAFNARFJARÐAR

# ÚTBOÐ

## Starfsmannahús

Kirkjugarður Hafnarfjarðar óskar eftir tilboðum í nýtt starfsmannahús. Verkið felst í byggingu og fullnaðarfrágangi að utan- sem innan. Byggingin verður á einni hæð, samtals 193,9 m² birt flatarmál og 624,4 m² brúttó.

Verkinu skal að fullu lokið 31. mars 2006.

Útboðsgögn eru til afhendingar frá 21. júní 2005, kl. 13:30, hjá Batteríinu ehf, arkitektum, Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, gegn 10.000 kr. gjaldi.
Gögn má einnig nálgast á rafrænu formi án gjaldtöku á heimasíðu Batterísins. Þeir sem þess óska skulu senda beiðni um aðgangsupplýsingar á netfangið *einar@arkitekt.is*

Tilboðum skal skila til Verkþjónustu Kristjáns að Reykjavíkurvegi 68, 220 Hafnarfirði, eigi síðar en 12. júlí 2005, kl.11:00, þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

# Opið Hús í dag

## Drekavellir 22 - Hafnarfirði

í dag frá kl: 16:00 - 18:00




## Fullbúið tækjum og til afhendingar strax
## Þvottavél og þurrkari frá AEG fylgja líka


Þvottavél og þurrkari frá AEG fylgja


Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf

Verð og áætluð greiðslubyrði hámarkslána frá SPH.

sph SPARISJÓÐURINN

| | |
|---|---|
| Verð, 105 fm. íbúð | 22.950.000 |
| Eigið fé | 2.295.000 |
| Íbúðalán SPH | 20.155.000 |
| Mánaðarleg greiðsla | 86.700 |


Fullfrágengin íbúð

Sölumenn Hóls verða á staðnum og kynna fyrir þér íbúðir og hverfi. Einfaldara getur það ekki verið.

HÓLL

Teikningar á netinu, www.holl.is

Hóll fasteignasala | Skúlagata 17 | Franz Jezorski lögg. fasteignasali | sími: 595 9000 | fax: 595 9001 | holl@holl.is | www.holl.is | Tákn um traust]

* Greiðslubyrði miðast við lán frá Sparisjóði Hafnarfjarðar til 40 ára með 4,15 % föstum vöxtum. Ekki er gert ráð fyrir verðbótaþætti né vaxtabótum í þessum útreikningum. Kostnaður við lántöku, stimplun og þinglýsingu er ekki innifalinn í greiðsluútreikningi þessum.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife á toppnum í 25 ár! Shapeworks-Nouri Fusion www.arangur.is s. 586 8786.

## Snyrting




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Lærið að tromma hjá trommuleikara Hildar Völu. Gamli sálartrommarinn Birgir Baldursson býður upp á 10 tíma einkanámskeið sem henta byrjendum jafnt sem lengra komnum. S. 820 4533.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Til sölu grænn Amerískur 3ja sæta Lazy Boy sófi, ársgamall, eins og nýr. Tilboð óskast. S. 899 9678.

Leðursófasett 3+1+1. Sófasett úr svartri nautshúð til sölu. Fjögurra ára gamalt úr Habitat. Mjög vel með farið. Upplýsingar í síma 868 1223. Verðtilboð.

Til sölu Gautaborg sófi úr Ikea, rúml. 2ja ára, hvítt áklæði. Í góðu ásigkomulagi og auðvelt að skipta um áklæði sem fást í Ikea. Einnig sjónvarpsborð úr Ikea. Uppl. í síma 693 2130.

Til sölu brúnt leðursófasett 3+1+1 á 90 þús. Sófaborð á 10 þús. Borðstofuborð á 30 þús. 6 leður borðstofustólar á 60 þús. Nánari uppl. í síma 865 1124.

Amerískt köflótt sófasett 3+2. Verð ca 35 þús. Uppl. í s. 899 4559.

Til sölu ísskápur með 3 frystiskúffum. V. 10 þús. Þvottavél á 8 þús. Eldhúsborð og stólar á 6 þús. Uppl. í síma 856 0075.

## Dýrahald

**Hundabúr-Hvolpagrindur**
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Gefins þrír sætir átta vikna kassavanir, bröndóttir kettlingar. S. 690 2140.



**Leonberger hvolpar.**
Til sölu eru Leonberger hvolpar úr öðru gotinu á íslandi. Faðir er íslenskur meistari. Nánari uppl um tegundina má finna á www.hvuttar.net og í S 693-9120.



Hreinræktaður Beagle-hvolpur til sölu. Ættbókafærður og heilsufarsskoðaður. Tilbúinn til afhendingar. Uppl. í s. 863 0474.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Eigum potta hlaðna auka hlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru vortilboði. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. opið alla daga frá 9 til 21:00. Allar nánari uppl. í 897 2902 mvehf@hive.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

**Spánn-leiga**
Fallegt raðhús fyrir sunnan Alicante til leigu. Uppl. í síma 822 3860.

## Ferðaþjónusta




**Fjölskylduparadís**
Stór og góð aðstaða fyrir tjöld, fellihýsi, húsbíla og hjólhýsi. Sundlaug, hestaleiga, veiði, strandblak og fótbolti. Gisting, veitingar og aðstaða fyrir hestahópa. FRÍTT í sund fyrir dvalargesti. Hótel Eldborg, Snæfellsnesi s. 435 6602.

## Fyrir veiðimenn






Laxá á Refasveit. Eigum til lausar stangir . Uppl. í síma. S. 898 3440, 824 5406 & 893 0630.



**Lax og Silungsveiði!**
Fjölbreytt úrval lax og silungsveiðileyfa. Veiðiþjónustan Strengir. www.strengir.is ellidason@strengir.is S. 567 5204 og 660 6890.



Hér er eitt box sem gengur í alla silungsveiði. fæst á www.frances.is










Ódýrir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

## Hestamennska



**Þokki frá Sörlatungu Stóðhestar til notkunar Sörlatungu í Holtum Rangárþ**
Faðir Fáfnir frá Fagranesi og móðir Blökk frá Tungu.Tölt. 8,5 Brokk. 8,5 Stökk. 8,5 Vilji og Geðsl. 8,5 Fegurð í reið 9,0 Kostir 8,03 Sköpul.7,91. Verð á folatolli kr. 25.000 Uppl. Þorgrímur og Jón Gísla s. 892 1270 og 861 4253



**Segull frá Sörlatungu Stóðhestar til notkunar Sörlatungu í Holtum Rangárþ**
Faðir Stormur frá Stór-Hól og móðir Orka frá Tungu. Tölt. 9.0 Brokk 8,5 stökk 9,0 Vilji og geðsl. 8,5 Fegurð í reið 8,5 kostir 8,06 sköpul. 7,93. Verð á folatolli kr. 25.000 Uppl. Þorgrímur og Jón Gísla s. 892 1270 og 861 4253

Fyrstu verðlauna litförótti stóðhesturinn Gjafar frá Eyrarbakka er til afnota áð Meiri-Tungu, Holtum Fyrra gangmál. Laus til leigu síðara gangmál. Upplýsingar gefa Sigurbjörn s 898-1230 og Karl 893-5380.

1 hlutur í Orra frá Þúfu er til sölu. S. 892 3085.

## Ýmislegt




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Einstaklingsíbúð til leigu í Seljahverfi, laus nú þegar. Reglusemi áskilin. S. 899 8195.

Frí leigumidlun. www.leigunet.is

Orlofsíbúðir til leigu á góðum stað í Vestmannaeyjum. Eigum enn eftir eitthvað af lausum dögum í sumar. Sími 567 0790 & 864 4020.

Skemmtileg 3ja herb. íbúð á Laugavegi. Laus 01. ágúst, 80 þús. á mán., rafmagn + hiti innifalið. S. 690 8434.

Herbergi með aðgang að WC 18 þús. Einnig 3ja herb. íbúð. 110 Rvk. Fyrir reglusama og reyklausa. S. 699 8982.

2ja herb. íbúð til leigu í Kópavogi. Uppl. í síma 581 2891 & 862 4230.

## Húsnæði óskast

Herbergi eða stúdíóíbúð óskast sem fyrst í Hafnarf. Uppl. í síma 565 4107 & 694 7913.

**Íbúð óskast**
Óska eftir að taka leigu 3ja-4ra herb. íbúð á höfuðborgarsvæðinu, skilvísar greiðslur. Er reglusamur og reyklaus. Uppl. í s. 896 6005.

Frí leigumidlun. www.leigunet.is.

Reglusöm kona óskar eftir 2ja-3ja herbergja íbúð í helst í Hlíðunum. Uppl. í s. 820 2074.

25 ára gömul stúlka af erlendu bergi brotin óskar eftir góðu herbergi. Helst á svæði 101 eða 105 samt ekkert skilyrði. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 897 3515.

Pottþéttur leigjandi óskar eftir íbúð til leigu frá og með ágúst. Reglus. og reykl. Hanna S. 694 9660.

Óska eftir herb/lítilli íbúð strax. Reglus. og reykl. einst. V.hugm. 25-50 þús á mán. Meðmæli fylgja ef óskað er. S. 865 8505 Haukur.

## Fasteignir

Stór skemmtistaður á sv. 101 til sölu. Uppl. í s. 845 7924 e. kl. 12 mánudag.

## Sumarbústaðir



Bjálkahús 23 og 37 m2 + 15m2 svefnloft. Ódýr, einföld og fljótleg í uppsetningu. Uppl. Altækni s/f 869-9007 Heimasíða www.bjalkahus.com

Glæsilegt 5.300 fm sumarbústaðaland í Ásgarðslandi við Sogið, til sölu á svæðinu er heitt og kallt vatn háhraðtenging uppl. í síma 8929804

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Domino's Pizza óskar eftir starfsfólki í hlutastarf og í fullt starf. Umsækjendur þurfa að vera 17 ára eða eldri. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga! Áhugasamir sæki um á heimasíðunni www. dominos.is

**Meiraprófsbílstjóri-Hráefnisvinnsla.**
Óskum eftir vönum og röskum meiraprófsbílstjóra á stóran sendibíl með lyftu. Starfið felst í útkeyrslu til verslana Domino's Pizza á höfuðborgarsvæðinu.
Vinnutími er virka daga frá kl. 8.00-16.00. Hráefnavinnslan býður þér að fylla út umsókn og eiga þannig möguleika á því að taka þátt í stöðugri þróun og örum vexti fyrirtækisins.
**Nánari upplýsingar gefur starfsmannastjóri, Helga Fjóla Sæmundsdóttir, helga@dominos.is**







**Bílgreinin - laus störf**
Viljum ráða vanan réttingamann, þarf að hafa reynslu í Cabas kerfinu. Einnig viljum við ráða vanan bílamálara. Góð laun í boði fyrir góða fagmenn. Uppl. í síma 896 4214 & 662 8088.

**Bón og þvottur**
Óskum eftir vönum starfsmönnum á bónstöð hjá Bílkó. Góð laun fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

**Smurstöð**
Óskum eftir starfsfólki á smurstöð hjá Bílko. Framtíðarstörf eru í boði. Frekari upplýsingar um stöðunar gefur Guðni í s. 660 0560.

**Starfsfólk óskast**
Óskum eftir að ráða starfskraft með grafík þekkingu í framleiðsludeild okkar. Starfið felst í því að hafa umsjón með forvinnslu fyrir myndsaum en einnig uppsetningu vegna nýrrar gerðar pöntunar og að hluta framkvæmd hennar. Einnig óskum við eftir að ráða saumakonur með góða verkþekkingu.
**Upplýsingar í síma 562 6464 einnig á henson@henson.is Henson hf Brautarholti 24.**

Leikfanga og ritfangaverslun óskar eftir starfsfólki allan daginn og frá kl. 13 til 18. Einnig vantar í sumarafleysingar. Svör berist til Fréttablaðsins merkt "blýantur"

Starfskraft vantar til ræstinga hjá Lystadún Marco. Uppl. í s. 660 4948 Grímur.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn í framtíðar- og helgarstörf við áfyllingar í verslanir á Höfuðborgarsvæðinu. Leitað er að skilvirkum og ábyrgðarsömum einstaklingum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst og hafa bílpróf. Áhugasamir sendi umsóknir til Ölgerðarinnar merktar "Áfylling" eða á netfangið birgir@egils.is fyrir 27. júní n.k.

**Símsmiður/Rafvirki**
Óska eftir að ráða símsmið eða rafvirkja til starfa sem fyrst. Uppl. í s. 663 9100.

Heildsala á svæði 210 óskar eftir duglegum lagermanni í fullt starf við pökkun, útkeyrslu, áfyllingar og önnur tilfallandi verkefni. Verður að geta hafið störf sem fyrst. Leitum að röskum og samviskusömum einstaklingi með bílpróf. Umsóknir sendist á Fréttablaðið merktar L-21012.

Rafvirki/Rafvirkjanemi óskast til starfa sem fyrst hja Raf- og tölvulögnum ehf. Næg verkefni framundan hjá traustu og góðu fyrirtæki. uppl í síma 6601650

Óska eftir fólki í afgreiðslustörf í bakarí í Hafnarfirði. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Uppl. í s. 895 8192 milli 10-16.

Störf við ræstingar Getum bætt við fólki í ýmis ræstingarverkefni á höfuðborgarsvæðinu bæði í föst störf og afleysingar. Uppl. í s. 581-4000 og á www.solarservice.org

**Málarasveinar**
eða aðrir vanir málningavinnu óskast til starfa strax. Uppl. í s. 660 8060.

Stýrimann, annan vélstjóra og vana háseta vantar á tæplega 200 tonna netabát sem gerður er út frá suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522 & 863 8413.

Hárstofan Gríma leitar að áreiðanlegum opnum og björtum starfskrafti með gott skopskyn. Áhugasamir hafi samband í s. 695 3533.

Starfskraftur á bar. Starskraftur óskast á bar á Laugavegi. Hlutastarf. Þarf að vera vön. Sími 691 3360.

**Rennismiður**
Vantar rennismið og vélvirkja, fjölbreytt vinna. Hafið samband við Jakob S. 557 6633 og eftir kl. 19 í S. 554 0164.

Au-pair óskast til Heidelberg í Þýskalandi 4ra og 5 ára strákar, ísl. Mamma Áhuga ! Hafðu samband við Báru sími 0049 6202 928639 Sigridur_bara@gmx.de

Hress afgr.manneskja óskast til starfa á grill/ísstað í vesturbænum. Glóð-inn v/Vesturbæjarlaug, Hofsvallagötu. S. 892 4592 eða á staðnum.

## Viðskiptatækifæri

**Auka Buisness**
Lítið veffyrirtæki til sölu, auðveld vinna, góð afkoma. Uppl. í s. 660 7750.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Metabo borvél týndist 24. Júní á leiðinni Víðihvammur, Lindarhvammur, Hlíðavegur að Digranesvegi. Vinsamlegast hringið í s. 554 1261 eða 863 3961.

## Einkamál



# SJÓNARHORN



Fátt er skemmtilegra en að skreppa í sund í sumarblíðunni. Þessir hressu krakkar voru í sundi í Sundlaug Grafarvogs á dögunum og skemmtu sér vel þótt sólina vantaði. /Ljósmynd: Pjetur.

## Vissir þú ...

… að 90 prósent þeirra sem keyra leigubíla í New York eru innflytjendur sem eru nýkomnir til landsins?

… að stærsta froskategund í heimi er kölluð Golíat-froskar?

… að 35% þeirra sem leita að stefnumótum í gegnum einkamálaauglýsingar eru þegar giftir?

… að fílar eru einu dýrin sem ekki geta stokkið?

… að neglurnar á fingrunum vaxa næstum fjórum sinnum hraðar en táneglurnar?

… að Albert Ghiorso hefur einn eða með öðrum uppgötvað tólf frumefni, en enginn einn maður hefur uppgötvað svona mörg frumefni?

… að Rómverjar fundu upp fyrsta íspinnann með því að taka ísmola og bæta bragðefni í hann?

… að kvikmyndin Footloose er byggð á sannri sögu?

# SUNNUDAGUR

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## Slekkur á hausnum

BÓAS KRISTJÁNSSON, FYRIRSÆTA OG VERSLUNARMAÐUR, ER Í ALGERU FRÍI Á SUNNUDÖGUM OG VILL SEM MINNST GERA OG REYNIR AÐ SOFA VEL ÚT.

**Það besta við sunnudaga**

Á sunnudögum getur maður slökkt á hausnum þar sem maður þarf ekkert að vinna. Svo getur maður bara verið í joggingbuxum og étið hamborgara eða í mínu tilfelli pizzusamloku sem er aðalrétturinn á BSÍ. Ég reyni að vakna mjög seint á sunnudögum og fer helst ekki í sturtu og reyni að ýta öllu frá mér. Kannski ég horfi á góða bíómynd eða hlusti á góðan disk og það er mikill plús ef það eru íþróttir í sjónvarpinu.

**Það versta við sunnudaga**

Kannski er það versta við sunnudaga að það er ekki mikið af verslunum opnið þar sem þetta er eini frídagurinn manns, og ef mann langar að gera eitthvað er ekki nógu mikið í boði. Annars er voða fátt slæmt við þá þar sem þeir eru uppáhaldsdagarnir mínir. Ég vil helst ekkert skíta út sunnudaga, þetta eru góðir dagar.


Dagar gömlu skúringafötunnar

...eru taldir



6.590



- Alltaf tilbúið til notkunar
- Gólfið þornar á augabragði
- Fylling í eitt skaft dugar á 100 m$^2$

Kynning í dag

Í Húsasmiðjunni Skútuvogi, Smáratorgi og Grafarholti frá kl. 13-16

Líttu við og kynntu þér málið!

Magnaða moppuskaftið



HÚSASMIÐJAN

...ekkert mál






Ekta amerískur Brunch á sunnudögum milli kl 11 og 15

egg, beikon, lummur, síróp, beikonbaunir, steiktar kartöflur,pylsur,scramble egg og fl. kaffi, mangódjús og pepsi

þú borðar eins og þú getur í þig látið fyrir 999kr.

Láttu sjá þig

Mangó grill Suðrænir straumar

McCain PEPSI

Mangógrill / Mangópizza. Brekkuhúsum 1. Grafarvogi sími 5771800

# Sameinuðu þjóðirnar 60 árum síðar

**UMRÆÐAN**
SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR 60 ÁRA



**KOFI ANNAN**
FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Nú á sunnudag 26. júní eru sextíu ár liðin frá því að stofnsáttmáli Sameinuðu þjóðanna var undirritaður árið 1945. Nánast frá fyrsta degi hafa verið fjörugar umræður um „umbætur“ á starfi Sameinuðu þjóðanna. Ástæðan er einfaldlega sú að þær hugsjónir og vonir sem bundnar hafa verið við Sameinuðu þjóðirnar hafa ævinlega verið meiri en þær hafa getað staðið undir. Allt of oft hefur heimurinn orðið fyrir vonbrigðum með okkur. Öll viljum við að stórn Sameinuðu þjóðanna verði gagnsærri og ábyrgari og eftirlit verði virkara og sjálfstæðara. Við viljum öll að dagskrá Allsherjarþingsins verði markvissari og uppbygging nefnda þess verði tekin til endurskoðunar í því skyni að tíma og fjármagni sé varið til að fást við þau mál sem eru í deiglunni hverju sinni í stað þess að fást við málefni sem ályktað var um fyrir löngu í allt öðru pólitísku samhengi.

### Trúverðugra mannréttindastarf

Öll viljum við að mannréttindastarf Sameinuðu þjóðanna verði trúverðugra. Í þessu skyni hef ég lagt til að núverandi mannréttindanefnd verði lögð niður og í hennar stað komi mannréttindaráð en til þess veljist einungis ríki sem þegar virða þau mannréttindi sem nefndinni er ætlað að vernda. Öll viljum við að Friðaruppbyggingarráð verði stofnað innan Sameinuðu þjóðanna til að samræma og efla starf í þágu ríkja sem eru á leið frá átökum til friðar. Við viljum ekki að ríki lendi í gryfju stórnleysis eins og Afganistan fyrir 2001 og nýlega Haítí auk ýmissa Afríkuríkja.

Og við viljum öll skerpa starfsreglur friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega til að uppræta kynferðislega misnotkun.

Þetta eru nokkur dæmi af mörgum. Ég held að þessar miklu vonir gefi okkur tækifæri – kannski það fyrsta í sextíu ár – til að brúa bilið á milli þeirra vona sem bundnar eru við okkur og þess sem við höfum fram að færa.

Lög hafa verið samþykkt í fulltrúadeild Sameinuðu þjóðanna sem felast í því að hóta einhliða niðurskurði á framlögum Bandaríkjanna til rekstrar Sameinuðu þjóðanna. Flutningsmaðurinn Henry Hyde þingmaður virðist telja að umbótum verði aðeins komið á með hótunum um meiri háttar einhliða niðurskurð á framlögum Bandaríkjanna til rekstrar Sameinuðu þjóðanna. Ég tel að þessi aðferðafræði byggi á miklum misskilningi og muni ekki þjóna tilgangi sínum. Þetta myndi hafa í för með sér að umbótafylkingin sem Bandaríkin og fleiri aðildarríki hafa myndað myndi riðlast og sameiginlegur þrýstingur þeirra um umbætur myndi dvína.

### Hryðjuverkahópar alvarleg ógn

Sameinuðu þjóðirnar eru félagsskapur fullvalda ríkja sem samþykktu með fullgildingu stofnsáttmálans að skipta á milli sín útgjöldum samtakanna í samræmi við ákvarðanir Allsherjarþingsins. Greiðsluhlutfall hvers ríkis er endurmetið á sex ára fresti. Á hverju ári samþykkir Allsherjarþingið ályktun, ævinlega með stuðningi Bandaríkjanna, þar sem aðildarríkjunum er gert að greiða framlög sín strax og skilyrðislaust. Leiðin til umbóta er samningar við önnur aðildarríki. Breiðfylking þjóða um umbætur verður ekki mynduð ef eitt ríki beitir hótunum um að greiða ekki sinn hlut með einhliða ákvörðun. Önnur ríki munu ekki una því að refsivöndurinn sé á lofti.

Tillögur Hydes njóta raunar ekki stuðnings Bandaríkjastjórnar. Sameinuðu þjóðirnar lifa ekki í tómarúmi. Þær eru vettvangur allra þjóða heims þar sem hægt er að finna sameiginlegar lausnir á sameiginlegum vandamálum og jafnframt, ef vilji er fyrir hendi, eru þær tæki til að hrinda lausn vandamálanna í framkvæmd.

Það eru áreiðanlega fleiri sameiginleg hnattræn vandamál nú, eða að minnsta kosti ekki færri, en þegar Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar. Eitt alvarlegasta vandamálið er fjölgun hryðjuverkahópa og útbreiðsla gereyðingarvopna og hættan á að hryðjuverkamenn komist yfir slíka vopn. Þetta er mjög alvarleg ógn við fólk jafnt í ríkum sem fátækum löndum. Það er ótrúlega óábyrgt að ekki skuli hafa tekist að taka á þessum málum á ráðstefnunni um endurskoðun Sáttmálans gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna í síðasta mánuði. Ég vona að leiðtogar heimsins muni einbeita sér að þessu máli, sem þolir enga bið.

### Meira gæti ekki verið í veði

Til að fást við slík málefni þurfum við meðal annars að efla Öryggisráðið og skipa það þjóðum úr fleiri hópum og heimsálfum en nú er.

En sú ógn sem er áþreifanlegust fyrir fólk í fátækum ríkjum felst í fátækt, sjúkdómum, umhverfisspjöllum, óstjórn, átökum og í sumum tilfellum eins og í Darfur, í nauðgunum, ránum og fjöldamorðum sem miða að því að stökkva heilu samfélögunum á flótta.

Við getum aðeins náð árangri ef við ráðumst til atlögu við allar þessar ógnir í einu. Engin þjóð getur búist við samvinnu við aðra um sín hugðarefni ef hún er ekki tilbúin að ræða þau mál sem aðrir raða efst í forgangsröð sína.

Þróun og öryggi tengjast innbyrðis og tengjast jafnframt virðingu fyrir mannréttindum og réttarríkinu. Aðalmarkmið tillagna minna sem kenndar eru við „Aukið frelsi“ er að leggja til að allar þjóðir heims leggist á eitt til að ná árangri á öllum þessum sviðum og breyta Sameinuðu þjóðunum til þess að þær geti tekist á við slíkan vanda.

Ákvarðanir þarf að taka nú í september þegar stjórnmálaleiðtogar alls staðar að sækja heimsleiðtogafundinn 2005 í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Fleiri en 170 hafa þegar þekkst boð um að sækja fundinn. Meira gæti ekki verið í veði. Annað tækifæri til að semja sameiginlegt svar við sameiginlegum ógnum mun kannski ekki gefast á ný. Af þessum sökum og í þessu samhengi er mikil þörf fyrir umbætur og öflugri Sameinaðar þjóðir. ■








# Hetja í hallargarði Saddams

Hitamælar í Írak eru komnir vel yfir 40 gráður á Celsíus og brennandi sólargeislar skella á hörundi skrifstofumanns sem situr við skýrslugerð með Glock-skammbyssu í beltisstað á þriðju hæð glæsivillu Jórdaníukonungs, í bakgarði forsetahallar Saddams Hussein í miðborg Bagdad. *Þórdís Lilja Gunnarsdóttir* flutti **Berki Gunnarssyni**, upplýsingafulltrúa NATO í Írak, kveðju að heiman.



**SKIPT UM EIGENDUR** Fyrrverandi villa Jórdaníukonungs þar sem nú eru höfuðstöðvar NATO í Bagdad.

„Ég finn mig ekki í mikilli hættu, þótt ég héldi á tímabili að ég væri að fara út í opinn dauðann þegar ég hlaut þjálfun hjá Landhelgisgæslunni. Þeir þjálfuðu mig eins og þeir héldu að það ætti að henda mér út úr þyrlu yfir eyðimörkina og ég yrði að berjast í gegnum víglínuna, en hér vinn ég mestmegnis skrifstofuvinnu og set í stað bindis á mig byssubelti á morgnana, sem maður hættir svo að taka eftir, rétt eins og bindinu,“ segir Börkur, sem í fyrsta sinn skaut af byssu á æfingu Landhelgisgæslunnar.

„Síðan hef ég aldrei þurft að grípa til hennar og mun aldrei þurfa að gera. Svona eru bara reglur. Hér eru allir vopnaðir. Alls staðar. Alltaf.“

### Í þríhyrningi dauðans

Höfuðborg Íraks er talin hættulegasti staður á jörðinni um þessar mundir. Börkur segir það staðreynd hvað hinn almenna íraska borgara varðar en að hermenn NATO séu í lítilli hættu, utan sértækra sendifara þegar þeir aka um Írak í lestum herbíla.

„Hér á NATO-svæðinu ríkir mikil vernd og hættan minniháttar þótt ég búi í þríhyrningi dauðans, sem vissulega er versti staður Íraks. Annað gildir um lífið utan verndarsvæðisins þar sem íraskir lögreglumenn og fjölskyldur þeirra eru aðalskotmörkin, en líka saklausir borgarar. Grimmdin og miskunnarleysið gagnvart þeim er botnlaust. Saklausir Írakar mega líða margra vikna pyntingar og afhausun fyrir það eitt að vilja koma upp almennilegu öryggiskerfi í landinu, eða láta svo lítið að túlka texta fyrir útlendinga,“ segir Börkur, sem á hverjum degi labbar sjálfur inn í öryggið eftir að hafa kvatt íraska kunningja sína undir taktföstum drunum sprengjuárása; upp á von og óvon um að dauði og þjáningar haldi sig til hlés.

„Þetta snertir mann mikið, og vera mín hér hefur eyðilagt fyrir mér þá þægilegu fordóma sem ég hafði fyrir aröbum því Írakar eru ótrúlega elskuleg og flott þjóð. Þeir dýrka börn, eru samheldnir, tryggir og trúir, og mikið fjölskyldufólk. Ég er tiltölulega viðfelldinn náungi og kynntist þeim allt of fljótt, því þá kom upp þessi menningarmunur sem vitaskuld gerði mig stífan og vandræðalegan, þannig að ég lenti í vandamálum með vináttuna. Hér er algengt að karlmenn faðmi hver annan og leiði, en ég hef ekki í mér að vilja hafa karlmann upp um hálsinn á mér eða ganga með honum hönd í hönd. Því fór vináttan of fljótt upp á annað stig,“ segir Börkur brosmildur, en fordómar hans fyrir hermönnum hafa líka vikið í starfi hans fyrir NATO.

„Ég hafði afar fallega fordóma um hermenn sem ég hafði ekki hugsað mér að eyðileggja, en svo fór nú samt. Ég hélt að fólk sem veldi hermennsku að ævistarfi væri einstaklingar sem ég hefði ekki áhuga á að umgangast, en þetta fólk er helst til vinalegra en í banka- og fjölmiðlaheiminum. Það á það sammerkt að þrá öryggi og sem auðveldast líf. Það hefur engan áhuga á bardögum, blóði eða byssum, en velur hermennsku vegna tygginga og lífsþæginda, auk gífurlegrar verndar sem ríkið veitir því.“

### Amerískir hamborgarar í höll Saddams

Höfuðstöðvar NATO í Bagdad eru í stærstu forsethöll Saddams Hussein, en í forsetatíð sinni var Saddam iðinn að reisa sér hallir sem hann dvaldi í með hléum og sendi á milli tvífara til að villa um fyrir þeim sem leituðu hans.

„Ég deili herbergi með Slóvaka í höll Saddams, en þetta er afar náið samfélag og stundum erfitt að eiga aldrei stund í einrúmi. Maður vinnur sjö daga vikunnar og dettur út af á kvöldin vegna þreytu, en borðar þess á milli ameríska hamborgara undir stórveldisdraumkenndum málverkum Saddams. Höllin var byggð 1963 og er eins og í ævintýrum, með geysistórum paradísargarði sem geymir minni hallir vildarvina Saddams, eins og sú sem Jórdaníukonungi er ætluð og ég vinn í. Frá skrifborðinu hef ég dásamlegt útsýni yfir Tígrisána, nema hvað eini gallinn við útsýnið er að hinum megin árbakkans hafa hryðjuverkamenn útsýni yfir á mig. Ég er þó í lítilli hættu enda svæðið vel varið af írösku lögreglunni,“ segir Börkur með staðfestu, en samfélag hermanna bandamanna telur fjórtán þúsund manns og njóta fulltrúar NATO verndar þeirra. Á svæðinu eru sundlaug, líkamsræktarstöð, kvikmynda- og veitingahús, auk fótboltavallar, en þessa dagana er Börkur hetja staðarins eftir að hafa skorað þrjú mörk í fótboltaleik sem endaði með eins marks sigri; fimm mörkum NATO gegn fjórum mörkum breska hersins.

„Hér ríkir heragi og hermönnum aldrei leyft að drekka dropa af áfengi. Mér er leyft að drekka tvo bjóra í mánuði á sérstökum kvöldvökum NATO og er slétt sama um þessar ströngu reglur; þeim mun betur á ég eftir að njóta þess að koma heim. Sé alltaf betur og betur að ég er alinn upp í lúxusþjóðfélagi þar sem kennarar fara í verkfall því þeir eru bara með 200 þúsund í mánaðarlaun og mestu sorgir manna eru nánast hlálegar miðað við það sem gerist og gengur í þessu landi.“

### Ógn, þjáning og dauði

Auk græna verndarsvæðis NATO við höll Saddams eru nokkur minni NATO-svæði í borginni, þar sem Börkur ferðast á milli. Hann segir hættuna einna mesta á því ferðalagi, en þó ekki teljandi.

„Ég fer oft um götu dauðans, sem svo er kölluð, en þar er umferð þung og mikið um að vera. Þeir sem koma fyrir sprengjum og standa fyrir skotárásum halda sig í fjarlægð frá mannmergðinni svo að enginn náist. Dauðinn er því ekki daglegt brauð meðal vestrænna borgara og ég hef aldrei séð særðan mann eftir bardaga, þótt ég sjái sjúkraþyrlur fljúga inn á spítalana á hverjum degi. Ógnina, þjáninguna og nálægð dauðans finnur maður á annan hátt; í gegnum Írakana. Þannig hefur Karaem liðsforingi, sem vinnur í National Command Center, fengið á sig sex banatilræði á skömmum tíma, en virðist eiga mörg líf því alltaf kemur hann aftur haltrandi í vinnuna,“ segir Börkur og bætir við að NATO njóti velvildar í Írak, ekki síst eftir kosningarnar í janúar síðastliðnum.

„NATO nýtur velvildar umfram Bandamenn, því NATO og flestar aðildarþjóðir NATO tóku ekki þátt í stríðinu. Núverandi ríkisstjórn Íraks nýtur yfirgnæfandi stuðnings og mælist með yfir sjötíu prósenta stuðning í skoðanakönnunum. Tæp tuttugu prósent hafa samúð með uppreisnarmönnum og er þar nánast eingöngu um súnnía að ræða, enda réðu þeir öllu í landinu fyrir fall síðustu ríkisstjórnar en ráða núna litlu sem engu. Ríkisstjórnin sem var á undan þessari naut ekki mikils stuðnings enda voru Bandaríkjamenn áreiðanlega mikið með puttana í starfsemi hennar.“

### Heiminum bjargað

Starf upplýsingafulltrúa NATO er víðtækt og flókið, en Börkur hefur sér til liðs slóvakískan aðstoðarmann.

„Starfið felst í inn- og útstreymi upplýsinga. Til þess að



**VIÐ BAKKA TÍGRIS** Börkur í garðinum fyrir utan villu Jórdaníukonungs þar sem hann hefur skrifstofu með útsýni yfir Tígrisána.



**SKRIFFINNSKA Í HITANUM** Börkur að störfum sem talsmaður NATO í Training Mission í Írak – kallað NTM-I.

VERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF
BAKKAVÖR GROUP HF.,
1. FLOKKUR 2005,
SKRÁÐ Í KAUPHÖLL ÍSLANDS HF.

Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka eftirfarandi skuldabréf á skrá Kauphallarinnar þann 30. júní nk.

Skuldabréfin í 1. flokki 2005 eru eingreiðslubréf og bera 5,40% fasta, flata ársvexti frá útgáfudegi. Útgáfudagur bréfanna var 1. júní 2005. Vextir greiðast í einu lagi á lokagjalddaga þann 1. desember 2010. Bréfin eru til 5,5 ára. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með einni greiðslu þann 1. desember 2010.

Heildarnafnverð 1. flokks 2005 verður a.m.k. 9.500.000.000 kr. Skuldabréfin eru gefin út í 5.000.000 krónu einingum.

Bréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysluverðs, sem er reiknuð og birt af Hagstofu Íslands skv. lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995, með grunnvísitölu í júní 2005, 240,7.

Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands verður BAKK 05 1.

Skráningarlýsingu, og þau gögn sem vitnað er til í henni, er hægt að nálgast hjá umsjónaraðila skráningarinnar, Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík, sími 444 7000, fax 444 7319, www.kbbanki.is

KB BANKI

vera fær um það streymi þarf ég að vera í nánum tengslum við alla þætti starfsins og bæði Íraka og NATO-menn. Þetta er frábært starf og ekki síst gaman þegar maður veldur því. Áður en ég kom var hér flest í rúst, en mér hefur tekist að taka til og yfirmennirnir eru mjög ánægðir með mig,“ segir Börkur, sem á yngri árum átti sér draum um að bjarga heiminum.

„Ég var ævintýragjarn fram eftir aldri, en þessi djúpa löngun til að bjarga heiminum var horfin þegar ég lenti hér í Bagdad. Áður en ég fór utan sögðu margir að dvöl mín hér mundi breyta mér, en það hefur ekki gerst enn. Hins vegar vöknuðu gamlar og gleymdar taugar sem varða hið mannlega og að láta gott af sér leiða. Hvort ég gangi svo í Rauða krossinn þegar heim kemur læt ég ósagt, en hafi menn hjarta og samúð innra með sér fær vinnan hér þá óhjákvæmilega snortið. Ég finn sjálfur hve gefandi það er að þræla sér út fyrir fólk sem lifir í ólýsanlega slæmum aðstæðum og þráir að fullnægja sínum grundvallarþörfum sem lúta að öryggi, vatni og sæmilegri afkomu, og fá síðan þakklæti þess að launum,“ segir Börkur, sem upphaflega réði sig til þriggja mánaða, en hefur framlengt tímann um aðra þrjá.

„Ég sakna alls sem íslenskt er. Er búinn að búa of lengi í útlöndum; meira og minna frá 1994. Er því kominn með það djúpa heimþrá að mér finnst allt frábært á Íslandi. Ég veit það eitt að ég vil búa á Íslandi, þótt ég vinni kannski í öðrum löndum með hléum. Það er erfitt að vera svo langt frá fjölskyldu og vinum, ég á tvö stjúpbörn og yndislega kærustu, og þrátt fyrir að þakklæti Írakana fylli eitthvað upp í tómarúmið vil ég njóta þess að vera nærri fjölskyldu og vinum,“ segir Börkur, sem veit vel af óskum yfirmanna sinna um að hann framlengi veru sína um hálft ár í viðbót.

„Það er að sumu leyti freistandi, en ég hef ekki tekið ákvörðun. Þótt mjög vel gangi núna þarf ekki að þýða að svo verði endalaust. Hér eru menn ótrúlega harðir í horn að taka ef menn standa sig ekki og reka fólk umbúðalaust heim. Því er kannski þægileg ákvörðun að fara heim fyrr en seinna, á meðan þeir eru svona yfirmáta ánægðir með mig,“ segir Börkur og kímir.

**Heimspeki lagermannsins**

Börkur nam kvikmyndaleikstjórn við FAMU-skólann í Prag í Tékklandi og hefur skrifað kvikmyndahandrit fyrir íslenska og tékkneska ríkissjónvarpið, auk þess sem hann samdi handrit að og leikstýrði íslensk-tékknesku kvikmyndinni Sterkt kaffi, sem frumsýnd var árið 2004. Myndin fékk góða dóma, þótti tilgerðarlaus, fyndin og einkar mannleg, en fyrir hana hlaut Börkur menningarverðlaun DV í ár. Börkur á einnig að baki útgefin ljóð, leikrit, smásagnasafnið X og skáldsöguna Sama og síðast frá 1999.

„Kvikmyndagerðin og reynsla mín í blaðamennsku hafa nýst mér vel í þessu starfi. Hingað vantaði penna sem kunni að skrifa auk þess sem hluti af starfi upplýsingafulltrúans er að búa til heimildarmyndir til kynningar á starfsemi NATO sem eru sýndar þeim sem búa hér fyrir utan. Þá kemur tungumálakunnáttan að góðum notum, en ég tala reiprennandi ensku, tékknesku, sænsku, þýsku og sæmilega dönsku,“ segir Börkur, sem upphaflega leitaði sér vinnu í gegnum verkefnið World for food hjá Sameinuðu þjóðunum í vetur.

„Þegar þeir vildu svo ráða mig til Súdan og ég þurfti að hafa samskipti við utanríkisráðuneytið komst ég á blað hjá þeim og var í kjölfarið boðið að taka við starfinu hér þegar annar hætti við. Ég horfði til hjálparstarfa til skammst tíma og hafði farið til Bosníu-Hersegóvínu sem blaðamaður í stríðinu. Seinna stofnaði ég til átaks á Íslandi til hjálpar háskólanum í Mostar, sem brunninn var til ösku, og keyrði sjálfur þangað tölvur og annan útbúnað,“ segir Börkur, sem árið 1990 var kjörinn formaður félags ungra sjálfstæðismanna í Garðabæ.

„Ég var pirraður á íslensku þjóðfélagi þegar ég var um tvítugt. Langaði að rétt stefna yrði tekin og hafði áhuga á að beita mér fyrir því að íslenskt þjóðfélag yrði betra. Núna finnst mér litlu skipta hvort hægri eða vinstri menn haldi um stjórnartaumana. Allt þetta fólk er frábært og býr í frábæru þjóðfélagi, og öruggt að ég eyði ekki frekari orku í pólitík,“ segir Börkur, sem fundið hefur sína réttu hillu í samtvinnuðum skáldskap og kvikmyndagerð.

„Áður leið mér best með að skrifa, en nú er ég ekki lengur jafn viss. Það er frábært að skrifa í einrúmi og hafa þennan guðlega mátt yfir örlögum persónanna, en mér finnst líka skemmtileg þessi mikla nálægð og samvinna fólks í kvikmyndum.

Annars trúi ég ekki á hillur né heimspeki lagermannsins. Er bara tilbúinn að taka áhættu og prófa sem flest,“ segir Börkur glaður í bragði, enda hetja fótboltaliðs NATO í hallargarði Saddams. ■



**HRELLIR BRETANA Í FÓTBOLTA** Börkur sveittur eftir fótboltaleik þar sem hann skoraði þrennu fyrir NATO gegn fótboltaliði breska hersins.




**Á HEIMAVELLI** Börkur á skrifstofu sinni sem upplýsingafulltrúi NATO.



**FJÖLBREYTT VINNA** Börkur á nýlegum blaðamannafundi.


# Kraftmikill Getz

Stóri smábíllinn frá Hyundai

**Kr. 14.900 á mánuði**

Maður situr hátt í þessum. Það skiptir miklu máli. Þá er hann frábær í akstri, svínliggur alveg á veginum og er góður í beygjum. Hann er ekki með þennan dósafíling eins og maður finnur svo oft í smábílum. Það kom jafnframt á óvart hvað hann er kraftmikill. Aðalatriðið er þó hvað hann er með mikið pláss. Það þarf enginn að engjast í aftursætunum á þessum bíl.
Í sportútfærslu lúkkar hann jafnframt hrikalega vel.
Alveg geggjaður bíll!






» Hyundai Getz
**Verð frá kr. 1.270.000**

**Hyundai Getz, 5 dyra beinskiptur.**
**1600 cc vél, 104 hestöfl.**
**Verð kr. 1.440.000**
**Bílasamningur kr. 14.900 á mánuði.**
m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

HYUNDAI hefur gæðin

Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning til 84 mánaða og 30% útborgun. Staðgreiðum þann gamla 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjafa í síma 575 1200. Bíll á mynd: Hyundai Getz 1.6 bsk.



## Heyrst hefur ...

... að Heiðar Helguson muni skrifa undir samning við enska úrvalsdeildarfélagið Fulham á mánudag en frá því er greint á heimasíðu stuðningsmanna Watford, sem Heiðar hefur leikið með undanfarin ár.

# sport

sport@frettabladid.is



# 60 SEKÚNDUR MEÐ STERKASTA MANNI ÍSLANDS – KRISTNI „BORIS“ HARALDSSYNI

**Að vera sterkasti maður Íslands er...** frábært.

**Kraftlyftingar eða aflraunir?** Bæði.

**Uppáhaldsmatur?** Kjúklingur.

**Er glasið hálffullt eða hálftómt?** Hálffullt.

**Popp eða rokk?** Rokk.

**Deilur Hjalta Úrsusar og Magnúsar Vers eru...** fáranlegar.

**Veikleikar?** Rjómaís.

**Besta gælunafnið í kraftasportinu?** „Verndarinn“.

**Af hverju kraftasport?** Heilsusamlegra en að djamma.

**Sterar eru...** ólöglegir.

**Jón Páll var...** bestur og mestur.

**Erfiðasti andstæðingur?** Ég sjálfur.

**Sterkastur allra?** O.D. Wilson.

**Vaxtarrækt er...** fín fyrir þá sem hafa áhuga.

**Hrikalegastur?** Jón Páll.

## > Við mælum með ...



... að fólk fjölmenni í Árbæinn í kvöld og sjái stórleik Fylkis og FH í Landsbankadeild karla. Síðast þegar liðin mættust í Árbænum vann Fylkir og þeir eru eflaust ófáir sem vona að það gerist aftur því annars fer mótið að verða leiðinlegt.

## > Við samgleðjumst ...



.... Viggó Sigurðssyni því Ísland var lánsamt þegar dregið var í riðla í gær. Blessunarlega lentum við ekki í dauðariðlinum sem í eru Þýskaland, Frakkland og Spánn. Þessum liðum getur Ísland ekki heldur mætt komist það áfram á mótinu.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

23 24 25 **26** 27 28 29

**Sunnudagur**

### LEIKIR

- ☐ 16.00 **ÍA** og **Inter Turku FC** mætast á Akranesvelli í Intertotokeppninni í knattspyrnu.
- ☐ 19.15 **Grindavík** og **Þróttur** mætast í Grindavík í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.
- ☐ 19.15 **Fylkir** og **FH** mætast á Fylkisvelli í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.
- ☐ 19.15 **Fram** og **Keflavík** mætast á Laugardalsvelli í Landsbankadeild karla í knattspyrnu.

### SJÓNVARP

- ☐ 13.05 **Hnefaleikar** á Sýn. Arturo Gatti og Floy Mayweather. Endursýning.
- ☐ 14.05 **Álfukeppnin** á Sýn. Bein útsending frá undanúrslitaleik.
- ☐ 15.45 **Álfukeppnin** á Sýn. Bein útsending frá undanúrslitaleik.
- ☐ 17.50 **Kraftasport** á Sýn. Sterkasti maður Íslands.
- ☐ 18.20 **Hnefaleikar** á Sýn. Arturo Gatto og Floyd Mayweather. Endursýning.
- ☐ 19.20 **US Open** á Sýn.
- ☐ 22.00 **Landsbankamörkin** á Sýn.
- ☐ 22.00 **Helgarsportið** á RÚV.
- ☐ 22.15 **Fótboltakvöld** á RÚV.
- ☐ 22.20 **Álfukeppnin** á Sýn. Endursýning.

### LEIKIR GÆRDAGSINS

*1. deild karla:*

**VÖLSUNGUR–VÍKINGUR Ó. 1–1**
1–0 Andri Valur Ívarsson (48.), 1–1 Slavisa Mitic (52.).

**HAUKAR–KS 4–1**
1–0 Hilmar Emilsson (4.), 2–0 Hilmar Eiðsson (9.), 2–1 Þórður Birgisson (15.), 3–1 Rodney Perry (53.), 4–1 Þorvaldur Már Guðmundsson (87.).

**FJÖLNIR–ÞÓR 3–1**
1–0 Atli Guðnason (7.), 2–0 Tómas Leifsson (57.), 3–0 Tómas Leifsson (71.), 3–1 Pétur Heiðar Kristjánsson (90.).

*Álfukeppnin:*

**BRASILÍA–ÞÝSKALAND 3–2**
1–0 Adriano (21.), 1–1 Lukas Podolski (23.), 2–1 Ronaldinho, víti (43.), 2–2 Michael Ballack, víti (45.), 3–2 Adriano (76.).

# Vinnur Fylkir fjórða árið í röð?

**Íslandsmeistarar FH mæta í kvöld á völlinn þar sem þeir töpuðu síðast deildarleik. FH hefur ekki unnið í Árbænum síðan árið 2001.**

**FÓTBOLTI** Það er orðið langt síðan Íslandsmeistarar FH töpuðu deildarleik. Það gerðist síðast 22. maí árið 2004 þegar þeir heimsóttu Fylki í Árbæinn en heimamenn sigruðu 1-0 með marki Þorbjörns Atla Sveinssonar. Síðan þá hafa FH-ingar leikið 23 deildarleiki í röð án taps og þar að auki hafa þeir unnið níu síðustu útileiki sína, sem er stórbrotinn árangur.

„Ég er vel meðvitaður um þá staðreynd að við töpuðum síðast þegar við fórum í Árbæinn en það hefur engin áhrif á mig,“ sagði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, en hann var að horfa á leik með Fylki á myndbandi þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Ólafur sagði að þetta væri í fyrsta skipti á þjálfaraferlinum sem hann skoðaði andstæðing á myndbandi fyrir leik. Þýðir það að hann sé hræddur við Fylki? „Nei, alls ekki. Það er bara svo langt síðan ég sá Fylki spila. Mér líður betur að vita meira en minna um andstæðinginn.“

FH-ingar fóru illa út úr viðureigninni við harðskeytta Skagamenn en Jón Þorgrímur Stefánsson og Dennis Siim meiddust báðir í leiknum og verða ekki með í kvöld. Eins og áður segir er sigurganga FH orðin ansi löng. Hvernig gengur Ólafi að halda sínum mönnum á tánum í slíkum meðbyr?



**SJÓÐHEITUR** Tryggvi Guðmundsson hefur verið frábær í liði FH í sumar og hann fagnar hér einu marka sinna ásamt varnarmanninum trausta Frey Bjarnasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Það hefur ekki verið neitt vandamál að „mótivera“ þessa stráka. Undirbúningur hefur verið mjög svipaður fyrir alla þessa leiki. Ég er líka með mikið af góðum fótboltamönnum sem búa yfir mikilli reynslu og hafa gengið í gegnum mikið. Þeir vita út á hvað málið gengur og því þarf lítið að hvetja þá áfram,“ sagði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH.

**henry@frettabladid.is**



**KÁTIR FYRIRLIÐAR** Silja Úlfarsdóttir og Jón Arnar Magnússon létu mikið að sér kveða í Dalnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Bikarkeppni FRÍ:

# Öruggur sigur hjá FH

**FRJÁLSAR** Bikarkeppni frjálsíþróttasambandsins lauk í hellirigningu í Laugardal í gær. Eins og við mátti búast var FH með sterkasta liðið á mótinu og Fimleikafélagið fagnaði stórsigri í mótinu með 195 stig. ÍR varð í öðru sæti með 153 stig en eins og sjá má voru yfirburðir FH-inga miklir.

Duglegust við stigasöfnun hjá Fimleikafélaginu voru fyrirliðarnar Silja Úlfarsdóttir og Jón Arnar Magnússon. Silja halaði á endanum inn fleiri stig en Jón Arnar, sem tók þátt í óvenjufáum greinum að þessu sinni.

UMSS varð í þriðja sæti með 131 stig, svo kom Breiðablik með 128 stig og Ármann/Fjölnir rak lestina með 122 stig. **- hbg**



**SÁTTUR MEÐ DRÁTTINN** Viggó Sigurðsson er ánægður með riðil Íslands á EM.

Dregið í riðla fyrir EM í handbolta í Sviss í gær:

# Nú reynir á mannskapinn

**HANDBOLTI** Í gær var dregið í riðla á Evrópumóti landsliða í handknattleik sem fram fer í Sviss í janúar á næsta ári. Íslenska liðið leikur í c-riðli á mótinu og andstæðingar þess verða Danmörk, Ungverjaland og Serbía Svartfjallaland.

„Mér finnst þetta mjög spennandi riðill og mér fannst gaman að sjá möguleikana í milliriðlunum líka, því ef við næðum að komast áfram úr c-riðlinum myndum við líklega sleppa við að lenda á móti allra sterkustu þjóðunum, en það kemur auðvitað allt í ljós,“ sagði Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari.

„Mér finnst mjög gaman að lenda í riðli með Dönum, leikir Dana og Íslendinga eru alltaf mjög skemmtilegir. Ungverjarnir eiga að vera lið sem við ráðum við og mér hefur fundist það henta okkur ágætlega að spila við þjóðir eins og Serbana.

Það er samt auðvitað ekkert létt í þessu. Við Íslendingar erum metnir sem 12.-16. sterkasta þjóðin í fyrir þetta mót, en ég hef alltaf sagt að mitt markmið sé að koma liðinu inn á topp sex og það stendur. Liðið hefur farið í gegn um miklar breytingar síðan ég tók við, en þeim er lokið og nú reynir á mannskapinn,“ sagði landsliðsþjálfarinn í ákveðnum tón.

Þegar er byrjað að tala um riðil Spánverja, Frakka og Þjóðverja sem Dauðariðilinn. **- bb**

Álfukeppnin í knattspyrnu:

# Brasilía komið í úrslit

**FÓTBOLTI** Heimsmeistarar Brasilíu tryggðu sér sæti í úrslitaleik Álfukeppninnar þegar þeir báru sigurorð af heimaliðinu, Þýskalandi, í undanúrslitaleik í Nürnberg í gær.

Leikurinn var bráðfjörugur en það var Brasilía sem tók forystuna með marki Adriano sem skoraði beint úr aukaspyrnu en boltinn hafi viðkomu í varnarmanni og breytti um stefnu þannig að Jens Lehmann gat lítið gert.

Podolski jafnaði með skallamarki skömmu síðar en Brasilía komst yfir á ný þegar Ronaldinho skoraði úr umdeildri vítaspyrnu. Slíkt hið sama gerði Michael Ballack hinum megin.

Það var síðan Adriano sem tryggði Brasilíu farmiðann í úrslitin með góðu marki. Brasilía mætir annað hvort Argentínu eða Mexíkó, sem mætast í dag. **- hbg**

Rigningin gerði kylfingum á Ostamótinu lífið leitt:

# Garðavöllur óleikhæfur

**GOLF** Það gengur ekki þrautalaust að klára Ostamótið í golfi sem fram fer á Akranesi en mótið er liður í Toyota-mótaröðinni.

Það rigndi gríðarlega á Garðavöll í gær og mynduðust stórir pollar víða á vellinum sem gerðu það að verkum að kylfingar voru í því að færa boltann upp úr pollum án þess að fá á sig víti.

Þegar skammt var liðið á daginn tók Hinrik Hilmarsson, yfirdómari mótsins, sig til og dæmdi völlinn óleikhæfan og var annar dagur því blásinn af. Kylfingarnir fögnuðu ákvörðun Hinriks enda voru þeir orðnir hundblautir.

Keppnin heldur áfram í dag en Auðunn Einarsson úr GKG er efstur í karlakeppninni með þriggja högga forystu. Ragnhildur Sigurðardóttir leiðir hjá konunum en hún er með tveggja högga forskot. **- hbg**

Fimleikadeild Ármanns
óskar að ráða reynda og metnaðarfulla þjálfara til starfa næsta vetur. Við deildina fer fram kraftmikið uppbyggingarstarf í áhaldafimleikum kvenna, karla og hópfimleikum. Haustið 2006 flytur deildin í nýtt og fullkomið fimleikahús í Laugardal. Góð kjör í boði fyrir góða þjálfara, áhugasöm stjórn og frábært samstarfsfólk. Fullt starf og hlutastörf koma til greina.
Upplýsingar veitir Kristín í síma 562-4307/848-7939

# LIÐIÐ MITT > BENEDIKT GUÐMUNDSSON SETUR SAMAN LIÐ ÁRSINS Í NBA-DEILDINNI



## Tveir leikmenn frá meisturunum í liðinu

**LEIKSTJÓRNANDI - Steve Nash:** Blanda af gamla og nýja skólanum. Frábær í að spila menn uppi en getur líka skorað þegar á þarf að halda. Það vilja allir spila með þessum manni.

**SKOTBAKVÖRÐUR - Dwyane Wade:** Ótrúlega hæfileikaríkur leikmaður. Er að verða besti leikmaður deildarinnar. Óeigingjarn, agaður og frábær liðsmaður. Þekkir sín takmörk vel.

**LÍTILL FRAMHERJI - Manu Ginobili:** Þessi strákur er tilbúinn að deyja á vellinum. Fjölhæfur og ógnandi leikmaður. Hugsar ekki um tölfræðina. Sannur sigurvegari. Kraftmikill og drífur menn áfram.

**STÓR FRAMHERJI - Tim Duncan:** Með toppstykkið í lagi. Alhliða leikmaður sem er sterkur á báðum endum vallarins. Er hjartað í liði meistaranna.

**MIÐHERJI - Shaquille O´Neal:** Yfirburðaleikmaður þótt hann hafi ekki verið með eins flottar tölur í ár og áður. Árangur Miami segir meira en mörg orð um styrkleika þessa manns.

**SJÖTTI MAÐUR - Ben Wallace:** Einn af mínum uppáhaldsleikmönnum. Besti varnarmaður deildarinnar og gríðarlegur karakter. Vörn vinnur leiki og lið með mann eins og Wallace innanborðs er alltaf líklegt til afreka.

**Þjálfari - Gregg Popovich:** Búinn að sýna og sanna að hann er frábær þjálfari. Hefur unnið þrjá titla á sjö árum án þess að vera með stórstjörnur í hverri stöðu. Snillingur í að búa til sterka liðsheild og kærir sig ekki um einhvern glamúr og kóngastæla.




*„Þetta lið myndi vinna vel saman og jafnvægið í liðinu er mjög gott. Þarna eru óeigingjarnir einstaklingar sem leika fyrir heildina en ekki sjálfan sig.“*

## ÚR SPORTINU

Talið er víst að framherjinn **Mateja Kezman** hjá Chelsea muni skrifa undir samning við spænska liðið Atletico Madrid á næstu dögum, en leikmaðurinn hefur litla náð hlotið fyrir augum knattspyrnustjóra síns síðan hann kom til liðsins frá PSV Eindhoven á sínum tíma. **Kezman**, sem er 26 ára gamall, er orðinn leiður á að verma tréverkið hjá meisturunum og umboðsmaður hans býst við að samningaviðræður muni ganga hratt fyrir sig.



**Arsene Wenger**, knattspyrnustjóri Arsenal, segist vera kominn á fremsta hlunn með að landa þýska miðjumanninum **Alexander Hleb** frá Stuttgart, en það yrðu fyrstu kaupin af nokkrum sem félagið hefur áformað í sumar. Samningur Þjóðverjans hljóðar upp á fjögur ár og haft hefur verið eftir **Wenger** í þýskum fjölmiðlum að aðeins eigi eftir að ganga frá formsatriðum í kaupunum, þannig að **Hleb** sé óhætt að fara að pakka niður í töskur.



Forráðamenn Glasgow Celtic hafa ekki gefið upp alla von um að halda í framherjann **Craig Bellamy**, en hann er sem kunnugt er samningsbundinn Newcastle. **Bellamy** er ekki talinn eiga afturkvæmt í herbúðir Newcastle á meðan **Graeme Souness** stýrir liðinu þrátt fyrir að leikmaðurinn hafi óskað þess á dögunum og því vilja forráðamenn Celtic reyna að framlengja lánssamning hans út næstu leiktíð, því þeir segjast ekki hafa efni á að kaupa hann.



Íslandsmeistarinn í golfi **Ólöf María Jónsdóttir**, átti erfitt uppdráttar á Algarve-mótinu í Portúgal um helgina, þar sem henni mistókst að komast í gegn um niðurskurð. Mótið er liður í Evrópumótaröð kvenna og eftir að hafa leikið fyrsta hring á sex höggum yfir pari lék **Ólöf** annan hringinn á þremur höggum yfir pari og lauk því keppni á níu yfir, sem nægði henni ekki til að komast í gegnum niðurskurðinn á mótinu.



Heimsmeistarinn í rallakstri, **Sebastien Loeb**, hafði góða forystu í lok annars keppnisdags í Akropolis-rallinu í Aþenu í gær og getur unnið sinn fimmta sigur í röð ef hann heldur uppteknum hætti á lokadeginum í dag. Forysta **Loeb** í lok dags var tæpar 25 sekúndur á **Tony Gardemeister** sem var í öðru sætinu, en félagi **Loeb** í Citroën-liðinu, Spánverjinn **Carlos Sainz** var ekki langt undan í þriðja sætinu.








hornsófi: 198.800

# heima



leðursófi: 148.800

stóll: 32.500



39.800



29.800

sófaborð: 26.000







baðsett



stóll m.hrosshúð: 98.800



leðurstóll: 78.600

## swarovski kristall



borðlampi: 24.500



loftljós: 81.500



borðlampi: 23.400



loftljós: 85.300



borðlampi: 42.800



loftljós: 62.900



hornsófi: 178.800
stillanlegur



leðursófi: 149.800
stillanlegur

opið í dag, sunnudag 14.00 -17.00



heima

Grafíska smiðjan ehf. 06-05

heima húsgagnaverslun • ármúli 23 • 108 reykjavík • 568 4242 opið: mán - fös 10.00 -18.00, laugard 11.00 - 16.00

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu

Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14




Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
14-18 mánudaga - laugardaga 12-18 sunnudaga Lokað 2. og 3. júlí.


## STUÐ MILLI STRÍÐA | Orður

KRISTJÁN HJÁLMARSSON BIÐLAR TIL FORSETANS.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Svo virðist sem annar hver Íslendingur og þriðji hver útlendingur sem komið hefur hingað til lands hafi verið heiðraður af forseta Íslands með alls konar orðum. Misjafnt er af hverju fólkið er heiðrað en oftast er það fyrir vel unnin störf á einhverju sviði svo sem í stjórnmálum, velferðarmálum, landbúnaði, viðskiptum, listum, menningu eða jafnvel fyrir fótbolta.

Einu orðuna sem mér hefur hlotnast fékk ég afhenta við hátíðlega athöfn á lóð gamla Lækjarskóla í Hafnarfirði fyrir um sautján árum. Þá fór fram hjólreiðakeppni sem einhver góðtemplarastúka stóð fyrir. Að sjálfsögðu lét ég mig ekki vanta. Það var heldur ekki að sökum að spyrja, ég vann með yfirburðum og fékk bók og gullmedalíu að launum. Það breytti engu þótt keppendur væru bara þrír og hinir fimm til sjö árum yngri en ég. Ég var ákaflega stoltur af verðlaununum. Orðan fékk að hanga um háls mér fyrstu vikuna uns ég hengdi hana upp á vegg í herberginu mínu, þar sem hún blasir við öllum þeim sem heimsækja mig.

Nú er svo komið að mér finnst orðan góða orðin heldur einmana uppi á vegg. Auk þess sem ég tel að það sé kominn tími til að ég verði heiðraður fyrir eitthvað annað en hjólreiðakeppnina. Það er ekki hægt að segja að ég hafi ekki reynt því ég hef tekið þátt í öllum hugsanlegum keppnum sem ég hef komist í, en án árangurs. Ég vil því biðla til forseta Íslands að hann veiti mér einhvers konar orðu sem ég get hengt upp hjá hinni. Orðuna getur hann veitt mér fyrir framlag mitt til uppeldismála þar sem ég á tvö börn, til jafnréttismála þar sem börnin eru hvort af sínu kyninu, til samgöngumála þar sem ég keyri reglulega á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur eða til umhverfismála þar sem ég fer oftast út með ruslið á heimili mínu. Ég legg það í hendur forsetans að velja fyrir hvað ég verð heiðraður en hlakka til að sjá hann við hátíðlega athöfn hinn 17. júní á næsta ári.

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## PÚ OG PA

Eftir SÖB





S M S L E I K U R

11. HVER VINNUR

INNRÁSIN HEFST 29.06.05




SENDU SMS SKEYTIÐ JA WWF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

V I N N I N G A R E R U

GLÆSILEGUR WAR OF THE WORLDS VARNINGUR
DVD MYNDIR · COCA COLA · MARGT FLEIRA

ego FM 957 MasterCard

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu komin/n í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

VERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF EGLU HF., 1. FLOKKUR 2005, SKRÁÐ Í KAUPHÖLL ÍSLANDS HF.

Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka eftirfarandi skuldabréf á skrá Kauphallarinnar þann 30. júní nk.

Skuldabréfin í 1. flokki 2005 eru vaxtakúla og bera fasta 5,9% flata ársvexti frá útgáfudegi. Útgáfudagur bréfanna var 4. febrúar 2005. Bréfin verða skráð fimmtudaginn, 30. júní nk. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með einni greiðslu þann 15. apríl 2011. Vextir reiknast frá útgáfudegi og greiðast árslega á 6 gjalddögum, í fyrsta sinn þann 15. apríl 2006 og í síðasta sinn þann 15. apríl árið 2011. Heildarnafnverð 1. flokks 2005 verður a.m.k. 5.000.000.000 kr. Skuldabréfin eru gefin út í 5.000.000 króna einingum. Ef eigið fé útgefanda fer undir 25% af niðurstöðu efnahagsreiknings hefur útgefandi 30 daga til að koma því aftur upp fyrir 25%. Að öðrum kosti er eiganda skuldabréfs heimilt að gjaldfella skuldabréfið einhliða og fyrirvaralaust án aðvörunar eða sérstakrar uppsagnar, og krefja útgefanda um gjaldfallnar eftistöðvar þess, auk áfallinna vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem eigandi skuldabréfsins kann að verða fyrir vegna innheimtu málsins. Framangreind eiginfjárviðmiðun skal fara eftir endurskoðuðum ársreikningi eða árshlutauppgjöri árituðu um könnun löggilts endurskoðanda, sem birtir verða á fréttaveitu Kauphallar Íslands á sex mánaða fresti.

Bréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysluverðs. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands verður EGLA 05 1.

Skráningarlýsingu, og þau gögn sem vitnað er til í henni, er hægt að nálgast hjá umsjónaraðila skráningarinnar, Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík, sími 444 7000, fax 444 7319, www.kbbanki.is

KB BANKI

# Leiðrétting

**AU LEIÐU MISTÖK ÁTTU SÞR STAÐ Í AUGLÝSINGU MORGUNBLAÐSINS UM SÍÐUSTU HELGI AÐ SÚLUR SEM SÝNDU HVAÐA DAGBLAÐ ER MEST LESIÐ Á ÍSLANDI „GLEYMDUST“. AÐ LEIÐRÞTTIST HÞR MEÐ.**




Tölur skv. Gallupkönnun í apríl 2005

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

Fiton/SÍA













## TÓNLEIKAR

☐ 17.00 **Gruppo Atlantico** heldur tónleika í **Listasafni Sigurjóns Ólafssonar**. Á efnisskránni er eitt verk, oktett D 803 fyrir blásara og strengi eftir Franz Schubert.

☐ 18.00 Tónleikar í **Tónlistarþróunarmiðstöðinni**, Fiskislóð með 7 pönk-og rokkhljómsveitum. Þar mun bókin Um anarkisma sem Siggi pönk hefur nýverið lokið við að þýða verða seld á 500 kr. Inn á tónleikanna kostar 500 kr. og er ekkert aldurstakmark.

☐ 21.00 Listamannaspjall með **Andrew McKenzie** í **Klink og Bank**. McKenzie starfar undir nafninu The Hafler Trio og hefur haft áhrif á fjölda íslenskra raftónlistarmanna.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Skilin við Busson

Ástralska ofurfyrirsætan Elle Macpherson er hætt með kærasta sínum Arpad Busson. Þau eiga saman tvo syni, sem eru tveggja og sjö ára.

Macpherson og Busson segjast enn vera góðir vinir en vilja vera aðskilin á næstunni til að geta íhugað framtíðina betur. „Samband okkar verður áfram gott enda hefur það getið af sér tvö falleg börn,“ sagði í yfirlýsingu þeirra.

Macpherson, sem var eitt sinn kölluð „kroppurinn,“ var ein heitasta fyrirsæta heimsins á tíunda áratugnum. Síðan þá hefur hún meðal annars reynt fyrir sér í sjónvarpi, til dæmis í þættinum Friends.



**ELLE MACPHERSON** Ofurfyrirsætan á tvo syni með Arpad Busson.




Sirkus verður sjónvarpað á sömu rás og Popp TíVí var. Áskrifendur Digital Ísland þurfa að uppfæra myndlykilinn til að sjá Popp TíVí áfram.




# Jackson er algjör engill

Pete Townsend, gítarleikari hinnar fornfrægu hljómsveitar The Who, er feginn að máli popparans Michael Jackson sé lokið.

„Ég var ánægður þegar Jackson var sýknaður,“ sagði Townsend, sem var sjálfur sýknaður af ákæru um að hafa barnaklám í fórum sér. „Mannorð hans hefur eflaust beðið hnekki og hann er eflaust veikur á einhvern hátt en samt algjör engill.“

Townsend sagði að ákærurnar á hendur popparanum hefðu verið fáránlegar. Minntist hann þess er Jackson fékk sirkus til að skemmta börnum sem áttu um sárt að binda, þar á meðal dóttur eins vinar Townsend. „Þessi litla stelpa trúði því að hún yrði eiginkona Michael í framtíðinni,“ sagði hann. „Og hann var svo almennilegur að leyfa henni að sitja við hliðina á sér sem væntanleg eiginkona.“ ■


**MICHAEL JACKSON** Rokkarinn Townsend segir ákærurnar á hendur Jackson hafa verið fáránlegar.







## Velferðarsvið Reykjavíkurborgar tekur til starfa

Þann 1. júní tók **Velferðarsvið Reykjavíkurborgar** til starfa. Velferðarsvið tekur við af **Félagsþjónustunni í Reykjavík** en nýjar **þjónustumiðstöðvar** í hverfum borgarinnar veita alla þjónustu sem veitt var á hverfaskrifstofum og í félags-og þjónustumiðstöðvum Félagsþjónustunnar.

**Viðfangsefni Velferðarsviðs eru:**

- Stefnumótun í velferðarmálum
- Áætlanagerð
- Samhæfing og samþætting verkefna á sviði velferðarþjónustu
- Eftirlit og mat á árangri
- Þróun nýrra úrræða í velferðarþjónustu
- Vinnsla barnaverndarmála
- Rekstur hjúkrunarheimila og heimila fyrir börn og fullorðna

**Verkefni sem flytjast á þjónustumiðstöðvar eru m.a. fjárhagsaðstoð, húsaleigubætur, félagsleg ráðgjöf, heimaþjónusta, félagsstarf og stuðningsþjónusta. Þjónustumiðstöðvar eru eftirtaldar:**

- **Vesturbær:** Hjarðarhagi 45-47
- **Miðbær/Hlíðar:** Skúlagata 21
- **Laugardalur/Háaleiti:** Síðumúli 39
- **Árbær/Grafarholt:** Bæjarháls 1
- **Breiðholt:** Álfabakki 12
- **Grafarvogur/Kjalarnes:** Langarimi 21

Skrifstofa Velferðarsviðs er í Tryggvagötu 17, Hafnarhúsi, s. 411 9000, www. velferdarsvid.is

sigrunena@internet.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Thanks, I was wondering where I was.“**

**Svar:**
Lovejoy úr kvikmyndinni Dance
With Me frá árinu 1998

# dagskrá

## Í TÆKINU

COLIN ER Í WHOSE LINE IS IT ANYWAY Á STÖÐ 2 KL. 19.40 Í KVÖLD.

## *Var feimið barn*

Colin Andrew Mochrie fæddist 30. nóvember árið 1957 í Kilmarnock í Skotlandi. Hann er sonur flugvirkja og fjölskyldan þurfti því að ferðast talvert mikið. Hann flutti til Kanada árið 1964 og bjó þar í nokkur ár.

Í barnæsku hélt Colin sig út af fyrir sig sökum feimni. Hann dreymdi um að verða sjávarlíffræðingur eða kokkur en þegar hann var sextán ára mönuðu vinir hans hann að taka þátt í leikriti í miðskóla. Hann vakti mikla lukku og uppgötvaði að hann var nokkuð fyndinn.

Árið 1971 útskrifaðist Colin úr Killarney-skólanum og fór þá í leiklistarskóla í Vancouver í fjögur ár. Colin fékk grín og spuna á heilann og gekk til liðs við spunahóp í Vancouver og lærði listina. Þar hitti hann Ryan Stiles, annan þekktan grínista. Þeir spunnu saman og hafa verið vinir og samstarfsfélagar síðan.

Seint á níunda áratugnum flutti Colin til Toronto og fékk inngöngu í grínleikhúsið The Second City þar sem hann hitti konu sína, Debru McGrath. Þau eignuðust soninn Luke árið 1989 og árið 1991 fluttu þau til Los Angeles. Fjölskyldan kunni ekki vel við sig þar og flutti aftur til Toronto eftir þriggja ára dvöl.

Colin sást fyrst í breska spunagamanþættinum Whose Line Is It Anyway árið 1991 en árið 1998 var þátturinn seldur til ABC í Bandaríkjunum þar sem Drew Carey, Colin og Ryan Stiles réðu ríkjum, og gera enn.

Vegna velgengni þáttanna er Colin nú virtur í Bandaríkjunum og er þessa dagana að skrifa nýjan CBC gamanþátt með konu sinni sem heitir Getting Along Famously.



**Þrjár bestu myndir Colins:** **Lucky Numbers** - 2000 **Totally Blonde** - 2001 **The Tuxedo** - 2002



**20.25** FRÆÐSLA

**NAPÓLEÓN. Fjórði og síðasti þáttur um líf og störf Napóleons Bónaparte**



**20.05** LÍFSSTÍLL

**KÓNGUR UM STUND. Brynja Þorgeirsdóttir fjallar um allar hliðar hestamennsku á Íslandi.**



**21.00** SKEMMTUN

**MYNDAVÉLAR. Í þessum þáttum er fylgst með poppsöngkonunni Jessicu Simpson og eiginmanni hennar Nick Lachey.**



**21.50** DRAMA

**DA VINCI'S INQUEST. Sakamálaþættir sem byggðir eru á lífi Larry Campell, dánardómstjóra í Vancouver**



**15.45** ÍÞRÓTTIR

**ÁLFUKEPPNIN. Seinni leikur undanúrslitanna fer fram í Hannover í dag.**

### SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.02** Sammi brunavörður **8.11** Fallega húsið **8.20** Ketill **8.33** Magga og furðudýrið ógurlega **9.00** Disneystundin **9.01** Stjáni **9.25** Sígildar teiknimyndir **9.32** Sögur úr Andabæ **9.55** Hænsnakofinn **10.03** Matta fóstra **10.25** Hlé

**16.55** Í einum grænum (8:8) **17.25** Út og suður (8:12) **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar **18.25** Krakkar á ferð og flugi (6:10)

**18.50** **Elli eldfluga (4:7)**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Út og suður (9:12)** Gísli Einarsson flakkar vítt og breitt um landið og bregður upp svipmyndum af áhugaverðu fólki. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
▶ **20.25** **Napóleon (4:4)** (Napoléon) Myndaflokkur í fjórum þáttum frá 2002. Meðal leikenda eru Christian Clavier, Isabella Rossellini, Gérard Depardieu, John Malkovich og Anouk Aimée.
**22.00** **Helgarsportið**
**22.15** **Fótboltakvöld**
**22.30** **Allir elska Alice** (Alla älskar Alice) Sænsk verðlaunamynd frá 2002 um tólf ára stúlku og þau áhrif sem ósætti foreldra hennar hafa á hana. Meðal leikenda eru Lena Endre, Mikael Persbrandt, Marie Richardson, Natalie Björk og Sverre Anker Ousdal.

**0.25** Kastljósið **0.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Pingu, Leikrarlarnir, Litlu hnettir, Kýrin Kolla, Véla Villi, Svampur, Litlu vélmennin, Smá skrítnir foreldrar, Könnuðurinn Dóra, WinxClub, As told by Ginger 1, Scooby Doo, Titeuf, Batman, Yu Gi Oh, Froskafjör, Shoebox Zoo)

**12.00** Neighbours **12.25** Neighbours **12.45** Neighbours **13.05** Neighbours **13.25** Neighbours **13.50** Idol – Stjörnuleit (e) **14.45** You Are What You Eat **15.10** Whoopi **15.35** William and Mary (4:6) **16.20** Apprentice 3, The **17.15** Einu sinni var **17.45** Oprah Winfrey

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.15** **Home Improvement (22:22)** (Handlaginn heimilisfaðir 1)
**19.40** **Whose Line Is it Anyway?** (Hver á þessa línu?)
▶ **20.05** **Kóngur um stund (6:18)** Umsjónarmaður er Brynja Þorgeirsdóttir.
**20.35** **Cold Case 2 (21:23)** (Óupplýst mál) Bönnuð börnum.
**21.20** **Twenty Four 4 (23:24)** (24) Stranglega bönnuð börnum.
**22.05** **Medical Investigations (11:20)** (Læknagengið) .
**22.50** **Stardom** (Ofboðslega fræg) Líf Tinu Menzhal umturnast þegar hún er uppgötvuð sem fyrirsæta. Hún var áður bara venjuleg stelpa í Kanada en leggur nú heiminn að fótum sér. Stranglega bönnuð börnum.

**0.30** The Mean Machine (Stranglega bönnuð börnum) **2.05** Fréttir Stöðvar 2 **2.50** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **David Letterman**
**20.00** **Miami Uncovered** Miami er vinsæll áfangastaður enda gleðin þar við völd allan sólarhringinn.Bönnuð börnum.
▶ **21.00** **Newlyweds, The (1:30)**
**21.30** **Newlyweds, The (2:30)** Í Myndavélar fylgja skötuhjúunum hvert fótmál og fá áhorfendur að sjá hvert gullkornið á eftir öðru fara í loftið. Nú getur þú séð hvernig fræga fólkið er í raunheima hjá sér.
**22.00** **Road to Stardom With Missy Ell (1:10)** American Idol komið í Hip-Hop búninginn!! Raunveruleikaþáttur með Hip-Hopdívunni Missy Elliot þar sem 13 ungmenni berjast um að verða næstaHip-Hop/R&B stjarna Bandaríkjanna. Keppendurnir fara í 10 vikna hljómleikaferð með Missy.

**23.00** David Letterman

### SKJÁREINN

**13.15** Mad About Alice (e) **13.45** Burn it (e) **14.15** Dateline (e) **15.15** The Biggest Loser (e) **16.15** Jack & Bobby (e) **17.00** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **18.00** Providence (e)

**18.45** **Ripley's Believe it or not! (e)**
**19.30** **The Awful Truth** Þættirnir eru gagnrýnar en háðskar heimildamyndir um atburði líðandi stundar.
**20.00** **Worst Case Scenario** Í þáttunum eru sjálfboðaliðar fengnir til skora sjálfa sig á hólm og takast á við það sem þeir óttast mest!
**20.50** **Þak yfir höfuðið**
**21.00** **Dateline** Skerfarar eða lögreglustjórar eru líklega dæmigerðir fyrir hina bandarísku erkitýpu. Í þætti kvöldsins segir frá einum slíkum sem var þekktur fyrir sanngirni en hörku, sveigjanleika en samkvæmni.
▶ **21.50** **Da Vinci's Inquest** Þættirnir byggja á lífi Larry Campell, metnaðarfulls og vandvirks dánardómstjóra í Vancouver.
**22.40** **Flowers for Algernon** Dramatísk kvikmynd um hin andlega fatlaða Charlie.

**0.10** Cheers (e) **0.40** Boston Public **1.20** John Doe **2.04** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

besta sætið

**13.05** Hnefaleikar (Arturo Gatti – Floyd Mayweather) **14.05** Álfukeppnin (Undanúrslit (1A-2B) ▶ **15.45** Álfukeppnin. Bein útsending frá undanúrslitaleiknum í Hanover. **17.50** Kraftasport **18.20** Hnefaleikar (Arturo Gatti – Floyd Mayweather)

**19.20** **US Open 2005** (Bandaríska m.mótið) Útsending frá síðasta keppnisdegi á Opna bandaríska meistaramótinu í golfi. Til leiks mættu allir fremstu kylfingar heims en það var Ratief Goosen sem freistaði þess að verja titilinn. Mótið var í beinni á Sýn um síðustu helgi.
**22.00** **Landsbankamörkin** Mörkin og marktækifærin úr áttundu umferð Landsbankadeildarinnar.
**22.20** **Álfukeppnin** (Undanúrslit (1B-2A)) Útsending frá undanúrslitaleiknum í Hannover.

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** 8 Mile (B. börnum) **8.00** Changing Lanes **10.00** Orange County **12.00** Dinner With Friends **14.00** Changing Lanes **16.00** Orange County **18.00** Dinner With Friends **20.00** 8 Mile (B. börnum) **22.00** Weekend, The **0.00** The Vanishing (Strangl. b. börnum) **2.00** Fear (Strangl. b. börnum) **4.00** Weekend, The

### OMEGA

**8.00** Ron Phillips **8.30** Ísrael í dag **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Miðnæturhróp **11.00** Blandað efni **11.30** Um trúna og tilveruna **12.00** Freddie Filmore **12.30** Dr. David Cho **13.00** Joyce Meyer **13.30** Robert Schuller **14.30** Mack Lyon **15.00** Vatnaskil **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Sherwood Craig **17.30** Maríusystur **18.00** Um trúna og tilveruna **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Ron Phillips **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni **23.00** CBN fréttastofan **0.00** Nætursjónvarp

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **3.00** Hollywood Confidential **4.00** Hollywood Star Treatment

### AKSJÓN

**7.15** Korter **14.00** Samkoma í Fíladelfíu **18.15** Korter **20.30** Vatnaskil – Fíladelfía **21.00** Níubíó – The Funeral **22.15** Korter

### POPP TÍVÍ

**17.00** Game TV (e) **21.00** Íslenski popp listinn (e)




## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**Road to Stardom** Sirkus **22.00**

*Sá sem vinnur fær plötusamning.*

### *Tekist á í hipphoppinu*

Hér er á ferð nýr raunveruleikaþáttur í stjórn hipphoppstjörnunnar Missy Elliot. Í þættinum fara þrettán upprennandi hipphoppstjörnur með Missy á tónleikaferðalag um Bandaríkin og keppa hver við aðra um sigurinn og 100.000 dollara.

Hópurinn er mjög fjölbreyttur, söngvarar og rapparar á aldrinum 19 til 29 ára. Í hverri viku leggur Missy þrautir fyrir hópinn og sá sem stendur sig verst er rekinn heim eins og venjan er í raunveruleikaþáttum. Missy er formaður dómnefndarinnar en aðrir dómarar eru Madonna, TLC, Pink, Teena Marie og Gwen Stefani.



Hópurinn sem keppir í kvöld og næstu 10 vikur.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason e. **10.03** Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall – Umsjón: Anna Kristine Magnúsdóttir

**12.10** Svarti dauði? e. **13.00** Góðir landsmenn – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson e. **15.03** Bíóþátturinn **16.00** Tónlistarþáttur Dr. Gunna.

**18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e. **19.00** Svarti dauði? e **20.00** Messufall e. **21.00** Gullströndin – Skemmtiþáttur e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Á sumargöngu **10.15** Myndin af manninum **11.00** Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins **14.10** Ég er ekki skúrkur **15.00** Söngvar borgarstrætanna **16.10** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva

**18.28** Illgresi og ilmandi gróður **19.00** Íslensk tónskáld: Tryggvi M. Baldvinsson **19.50** Óskastundin **20.35** Frakkneskir fiskimenn á Íslandi **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.30** Teygjan **23.00** Í leit að glataðri veröld

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **8.30** Einn og hálfur með Guðrúnu Gunnarsdóttur **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Músík og sport **22.10** Popp og ról

**1.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Canoeing: European Championship Slovenia **13.30** Superbike: World Championship San Marino **14.30** FIA World Touring Car Championship By Lg: Mexico **15.00** Beach Volley: World Championship Berlin Germany **16.00** FIA Gt: Championship Brno Czech Republic **17.00** Fight Sport: Fight Club **18.00** FIA World Touring Car Championship By Lg: Mexico **20.00** Motorsports: Motorsports Weekend **20.30** Rally: World Championship Acropolis Greece **21.00** Football: FIFA Confederations Cup Germany **22.00** Champ Car: World Series Cleveland United States

**BBC PRIME**
**12.00** Classic EastEnders **13.00** EastEnders Omnibus **15.00** Extreme Animals **15.30** Weird Nature **16.00** One Foot in the Grave **16.30** My Hero **17.00** A Place in France **17.30** The Life Laundry **18.00** Monarch of the Glen **19.00** Property People **20.00** Escape to the Country **21.00** SAS Survival Secrets **22.00** Medical Mysteries **23.00** Battlefield Britain **0.00** Stalin & the Betrayal of Leningrad **1.00** Suenos World Spanish

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Built for the Kill **13.00** Warship **14.00** Battle of the River Plate **16.30** Battlefront **17.00** Devils of Tasmania **18.00** World's Best Demolitions **19.00** Autobahn **20.00** Air Crash Investigation **21.00** Paranormal? **22.00** The Sea Hunters **23.00** King Tut's Curse

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Up with the Gibbons **12.30** Gelada Baboons **13.00** Wild Indonesia **14.00** Austin Stevens – Most Dangerous **15.00** In Search of the Giant Anaconda **16.00** Horsetails **16.30** Zoo Story **17.00** Lyndal's Lifeline **18.00** Up with the Gibbons **18.30** Gelada Baboons **19.00** Wild Indonesia **20.00** Tacugama – Forest of Hope **21.00** Island of the Monkey God **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Austin Stevens – Most Dangerous **1.00** Crocodile Hunter

**DISCOVERY**
**12.00** World Biker Build-Off **13.00** The Mummy Detective **14.00** Wild Weather **15.00** Why Intelligence Fails **16.00** Building the Ultimate **16.30** Massive Engines **17.00** Battle of the Beasts **18.00** American Chopper **19.00** Alien Planet **20.00** Alien Planet **21.00** First Alien Encounter **22.00** American Casino **23.00** War of the Century **0.00** Scene of the Crime

**MTV**
**12.00** Making the Video **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Punk'd **17.00** World Chart Express **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Switched On **19.30** Wild Boyz **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Pimp My Ride **21.30** MTV Mash **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** 40 Least Metal Moments **13.00** VH1 Presents the 80s **14.00** Rock Top 40 Black Sunday **18.00** Behind the Music **19.00** Rise & Rise Of **21.00** VH1 Rocks **21.30** MTV at the Movies **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.40** City Hospital **13.35** Famous Homes & Hideaways **14.00** Fantasy Open House **14.25** Paradise Seekers **14.50** A Taste of Barbados **15.15** The Race **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Crime Stories **17.40** Single Girls **18.40** The Roseanne Show **19.25** Matchmaker **19.50** Cheaters **20.40** Spicy Sex Files **21.30** Sex Tips for Girls **22.00** Sextacy **23.00** City Hospital **0.00** In Your Dreams **0.30** Insights **1.00** The Race

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.20** Digimon II **12.45** Super Robot Monkey Team Hyperforce Go! **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Jacob two-two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

**MGM**
**12.05** Gun Moll **13.45** Dr. Blood's Coffin **15.15** The World of Henry Orient **17.00** Cutter's Way **18.50** High Tide **20.30** Stagecoach **22.05** Time Limit **23.40** Living on Tokyo Time **1.05** Body and Soul **2.50** Confidence Girl

**TCM**
**19.00** Kelly's Heroes **21.20** Brainstorm **23.05** Dr Jekyll and Mr Hyde **0.40** Where the Spies Are **2.30** Escape From East Berlin

**HALLMARK**
**12.45** Dinotopia **14.15** Search and Rescue **16.00** Mercy Mission: The Rescue of Flight 771 **17.30** The Flamingo Rising **19.15** Escape From Colditz **21.00** Lonesome Dove: The Series **21.45** Deadlocked: Escape From Zone 14 **23.30** Lonesome Dove: The Series **0.30** Escape From Colditz **2.15** Deadlocked: Escape From Zone 14

**BBC FOOD**
**12.00** Delia's How to Cook **12.30** A Cook's Tour **13.00** Chalet Slaves **13.30** The Best **14.00** The Rankin Challenge **14.30** Wild Harvest **15.00** The Naked Chef **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Dinner in a Box **17.00** Ainsley's Meals in Minutes **17.30** Worrall Thompson **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Forever Summer With Nigella **19.30** Safari Chef **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** A Cook's Tour **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.00** Rusland venter på Dagmar **12.15** En russisk prins i Danmark **13.10** Mysteriet om den sidste zar **14.15** Den store læge **16.00** Sigurd og Symfoniorkesteret **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** TAXA **18.10** Landsbyhospitalet **19.00** TV Avisen **19.15** S¢ndagsSporten **19.25** Mål: Ukendt **21.00** Hævn og hævnere **22.20** OBS **22.25** De Udvalgte

**SV1**
**12.15** Packat & klart – sommarspecial **12.45** Sommarkrysset **13.45** Mynta – Live på Fasching **14.15** Drömmarnas tid **15.00** Kunskapsriket **16.00** Fotboll: För-VM **16.15** Så såg vi sommaren då **16.30** Anki och Pytte **17.00** Så här går det till på Saltkråkan **17.30** Rapport **17.50** Har du hört den förut? **18.00** Djurgalen **18.30** Sportspegeln **19.00** Stenristarna **20.00** Kortfilm: Sportstugan **20.15** Zapp me [Sápmi] **20.45** Jorden med Anna Charlotta **21.15** Rapport **21.20** Design 365 **21.25** The Shining **22.55** Sändning från SVT24





vertu með í þeim hópi!

Það er engin tilviljun að 8 vikna námskeiðin okkar eru þéttskipuð allan ársins hring. Við leggjum mikla áhersla á aðhald, stuðning og fræðslu og þú nærð varanlegum árangri. Við höfum 13 ára reynslu!

FRÁBÆRT SUMARTILBOÐ!
Tvær auka vikur að námskeiðinu loknu.
Hugsaðu þig ekki um tvisvar...hringdu núna.

Betra Form

8 vikna námskeiðin hefjast 4. júlí.
Skráðu þig í síma 568 9915 eða sendu okkur tölvupóst, afgreidsla@hreyfing.is

HREYFING
Faxafeni 14 568 9915
www.hreyfing.is



## HRÓSIÐ

*...fær Clint Eastwood, sem ætlar að gefa íslenskum karlmönnum færi á að slá í gegn í mynd sinni Flag of our Fathers.*

## HIN HLIÐIN

**HIN HLIÐIN Á ÓLAFI JÓHANNESSYNI, ÞJÁLFARA ÍSLANDSMEISTARA FH Í KNATTSPYRNU**

# Langaði að verða rútubílstjóri

**Hvernig ertu núna?** Nokkuð góður, ég hef það fínt.
**Augnlitur:** Blár.
**Starf:** Þjálfari.
**Stjörnumerki:** Krabbi.
**Hjúskaparstaða:** Giftur.
**Hvaðan ertu?** Úr Hafnarfirði. Ég er fæddur í Reykjavík en fluttist snemma í Hafnarfjörðinn.
**Helsta afrek:** Við urðum Íslandsmeistarar í fyrra.
**Helstu veikleikar:** Ég er óskipulagður.
**Helstu kostir:** Ætla bara að leyfa öðrum að dæma um það.
**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Íþróttir.
**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Ætli það séu ekki fréttir.
**Uppáhaldsmatur:** Það mun vera hangikjöt.
**Uppáhaldsveitingastaður:** Enginn sérstakur. Ég fer sjaldan út að borða.
**Uppáhaldsborg:** Árósar. Ég bjó þar í tvö ár.
**Mestu vonbrigði lífsins:** Mestu vonbrigðin hingað til voru að missa góðan félaga.
**Áhugamál:** Íþróttir.
**Viltu vinna milljón?** Já, þakka þér fyrir.
**Jeppi eða sportbíll:** Ég er að kaupa mér jeppa en hef aldrei átt slíkan áður.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Rútubílsstjóri.
**Hver er fyndnastur?** Laddi er óborganlegur.
**Hver er kynþokkafyllst(ur)?** Freyr Bjarnason í FH.
**Trúir þú á drauga?** Nei.
**Hvaða dýr vildirðu helst vera?** Fugl.
**Hvaða dýr vildirðu ekki vera?** Rotta eða eitthvað svipað dýr.
**Áttu gæludýr?** Nei.
**Besta kvikmynd í heimi?** Franska dýralífsmyndin Heimur farfuglanna.
**Besta bók í heimi?** Mér finnst bækurnar hans Arnaldar Indriðasonar mjög góðar.
**Næst á dagskrá?** Að fara á æfingu.




# Eastwood vill enga glæpamenn



**CLINT EASTWOOD** Harðjaxlinn Clint Eastwood vill aðeins fólk með hreina sakaskrá sem staðgengla í nýjustu mynd sinni.

Þeir sem ætla að sækja um sem staðgenglar í stórmynd Clints Eastwood, Flags of Our Fathers, sem verður tekin upp að hluta til hér á landi í haust, mega ekki vera á sakaskrá.

Ástæðan er sú að hættuleg skotvopn verða notuð við upptökur á myndinni og þó svo að þau verði ekki hlaðin vilja framleiðendurnir hafa vaðið fyrir neðan sig. Þeir telja að mönnum sem hafa átt í útistöðum við lögin sé ekki treystandi til þess að vera nálægt slíkum vopnum. Einnig verður eitthvað um sprengingar í tengslum við myndina og því telur Eastwood og félagar öruggast að allir sem starfi nálægt svo hættulegum efnum eigi óflekkaðan feril að baki.

Rúmlega eitt hundrað Íslendingar hafa sótt um að taka þátt í Flags of Our Fathers og enn vantar því um 400 manns til að ná þeim 500 staðgenglum sem var óskað eftir í myndina. Prufur fyrir hlutverk í myndinni fara fram hjá Casting sem er hluti af Eskimo módelskrifstofunni sem er með bækistöðvar sínar að Hverfisgötu 103. ■


VERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF REYKJAVÍKURBORGAR, 1. FLOKKUR 2005, SKRÁÐ Í KAUPHÖLL ÍSLANDS HF.

Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka eftirfarandi skuldabréf á skrá Kauphallarinnar þann 30 júní nk.

Skuldabréfin í 1. flokki 2005 eru jafngreiðslubréf til 20 ára og bera fasta, flata 3,79% ársvexti frá útgáfudegi. Útgáfudagur bréfanna var 10. febrúar 2005. Bréfin verða skráð fimmtudaginn 30. júní nk. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með 40 greiðslum á 6 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 17. ágúst 2005 og í síðasta sinn þann 17. febrúar árið 2025. Vextir reiknast frá útgáfudegi og greiðast á 40 gjalddögum, þann 17. ágúst og 17. febrúar ár hvert, í fyrsta sinn 17. ágúst árið 2005 og í síðasta sinn 17. febrúar 2025. Heildarnafnverð 1. flokks 2005 er 1.500.000.000 kr. Frá og með vaxtagjalddaga 17. febrúar árið 2010 og á öllum gjalddögum þar eftir er Reykjavíkurborg heimilt en ekki skylt að innkalla öll þau skuldabréf sem gefin voru út í 1. flokki 2005. Verði innköllunarheimildin nýtt skal Reykjavíkurborg greiða skuldina með áföllnum verðbótum og vöxtum. Hafi bréf verið innkallað með ofangreindum hætti reiknast hvorki verðbætur né vextir á skuldina eftir þann gjalddaga sem Reykjavíkurborg innkallar bréfið.

Bréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysluverðs. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands verður RVK 05 1.

Skráningarlýsingu, og þau gögn sem vitnað er til í henni, er hægt að nálgast hjá umsjónaraðila skráningarinnar, Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík, sími 444 7000, fax 444 7319, www.kbbanki.is

KB BANKI




**FJÖLHÆFT TÓNSKÁLD Á FARALDSFÆTI** Barði Jóhannsson kann að semja popp, rokk og klassíska tónlist. Núna er hann í Búlgaríu þar sem hann tekur upp tónverk sem hann samdi við kvikmyndina Häxen og flutt var af Sinfóníuhljómsveit Íslands í febrúar.

**BARÐI JÓHANNSSON:** TEKUR UPP TÓNVERK MEÐ BÚLGÖRSKU SINFÓNÍUNNI

# Snýst um mig og músíkina

Barði Jóhannsson er kominn til Búlgaríu. Aleinn með nótur í ferðatöskunni sem hann hyggst afhenda hljómsveitarstjóra búlgörsku sinfóníuhljómsveitarinnar. Hvergi smeykur þótt tilefnið sé hátíðlegt eins og oft í kringum alvarlegri tónlist en popp og rokk.

„Ég gerir mestar kröfurnar á sjálfan mig. Það eru einu kröfurnar sem gerðar eru til mín og mér er alltaf nákvæmlega sama um annað. Sé ég sjálfur ánægður er tilgangnum náð, þetta snýst bara um mig og músíkina,“ segir Barði, sem ætlar að eyða helginni í Sófíu, höfuðborg Búlgaríu, við upptökur á 90 mínútna löngu verki sem hann samdi við kvikmyndina Häxen og flutt var af Sinfóníuhljómsveit Íslands í febrúar síðastliðnum.

„Þetta er áttatíu manna hljómsveit sem hefur spilað inn á fjölmargar kvikmyndir sem tilnefndar hafa verið til Óskarsverðlauna. Þórir Baldursson útsetti verkið að mestu, en ég útsetti einn hluta af sjö eftir að hafa þurft að gjöra svo vel að lesa, hlusta og nema klassísk fræði dag og nótt upp á eigin spýtur. Ég hef grunnnámið úr FÍH, en mín reynsla er sú að maður geti allt sem mann langar til með því að leggjast almennilega yfir það.“

Það er franskt útgáfufyrirtæki Barða sem gefur plötuna út og fer hún í dreifingu um alla Evrópu fyrir næstu jól.

„Þetta er ekki auðvelt verk og mest mín eigin hugsjón. Tónlistin mun varla fara á topp tíu lista útvarpsstöðvanna né seljast að ráði, en þetta verð ég að gera, rétt eins og einhverjar stuttmynda minna sem falla sérhæfðum hópum í geð. Sitji ég aðgerðalaus með þannig hugmyndir verð ég pirraður og verð því að fá útrás fyrir sjálfan mig fyrst og fremst,“ segir Barði, sem þykir jafn gaman að semja popp, rokk og sígilda tónlist.

„Sinfóníur eru talsvert flóknari tónsmíðar, en mér finnst gaman að ögra sjálfum mér og takast á við ný verkefni. Það hjálpar manni að staðna ekki í einhverju einu, en kennir manni þeim mun meira.“

Og Barði er í fyrsta sinn á ævinni í Búlgaríu. „Eins og vanalega mun ég sjá fátt annað en hljóðver búlgarska ríkisútvarpsins, en ætla að taka mér frídag til að spássera um Sófíu, sem er kærkomið því það hefur verið allt of mikið að gera í langan tíma,“ segir Barði, sem sér fram á mikið ferðasumar og annríki.

„Ég er að semja tónverk fyrir elstu óperuhátíð Evrópu: Aix-en-Provence í Suður-Frakklandi, sem haldin verður í júlí og eftir það fer ég til Japan með Bang Gang til að spila á Expo-heimssýningunni. Ég er heppinn að halda sköpunarkraftinum þrátt fyrir miklar annir og hef aðeins einu sinni lent í vandræðum, þegar ég kláraði þrjár plötur á tveimur sumarmánuðum 2003. Þá var ég eiginlega hálfbúinn á því og útkeyrður í vikutíma,“ segir Barði brosmildur í búlgörskum síma.

thordis@frettabladid.is



**SIRKUSSTJÓRINN** Árni Þór Vigfússon Sirkusstjóri og kærasta hans Mariko Margrét Ragnarsdóttir.

# Sirkusinn kominn í bæinn

Það var líf og fjör í Iðnó á föstudagskvöldið þegar sjónvarpsstöðin Sirkus fór formlega í loftið. Fjöldi fólks safnaðist saman og taldi niður í að útsending hæfist. Þar var jafnframt fagnað nýju blaði sem ber heitið Sirkus Rvk. Meðal þátta á nýju sjónvarpsstöðinni má nefna Kvöldþáttinn í umsjá Guðmundar Steingrímssonar, Halldóru Rut Bjarnadóttur og Sigríðar Pétursdóttir sem og Sjáðu sem fegurðardrottningin Unnur Birna Vilhjálmsdóttir stjórnar. ■



**GÓÐIR GESTIR Í IÐNÓ** Frosti Logason, Erpur Eyvindarson og Dóri DNA skemmtu sér vel í Sirkuspartíinu.

# Eitt líf – njótum þess



## Heilsu og hægindadagar
## Tilboðin í fullum gangi!

Mesta úrval landsins af stillanlegum rúmum - komdu og finndu þitt rúm

**Fjöldi tilboða á stillanlegum rúmum!**



**Amerískir gaflar með hönnun í takt við tímann**

**King**
193x203 cm.
**Cal. King**
183x213 cm.
Gafl
Botn
Lappir
Dýna
AÐEINS KR
**162.900,-**




**Queen**
152x203 cm.
Gafl
Botn
Lappir
Dýna
AÐEINS KR
**134.900,-**

www.design.is @ 2005



15 sekúndur

**Áttu von á gestum? Glæsilegur sýningarsalur okkar er fullur af nýjum svefnsófum – NÚ Á TILBOÐI!**

## Ekki missa af þessu!!!

**Betra BAK**

*Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477*
*betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is*
*Opið virka daga frá kl. 10-18*
*Lokað á laugardögum í júní og júlí*

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



ÍSLENZKA VERZLUNARFÉLAGIÐ
Askalind 5 • 201 Kópavogur • Sími 564 5500
Fax 564 5555 • isv@isv.is • www.isv.is



BAKÞANKAR

ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR

# Hjón með tvö börn

Fjölgun varð á heimilinu fyrir nokkrum mánuðum. Allt heimilið er undirlagt, enda viðbrigði að fara frá því að vera par með eitt barn og yfir í fjögurra manna fjölskyldu. Fjölskyldulífið er óneitanlega fjörugra þrátt fyrir að líf yngsta fjölskyldumeðlimsins byggist í grunninn á svefni og vöku, brjóstum og misíburðarmiklum bleium.

**MEÐ** nýja barninu hefur opnast nýr heimur. Veröldin virðist nefnilega byggjast á Vísitölufjölskyldunni. Kaup á sumarferð í sólina urðu leikur einn, enda möguleikar hjóna með tvö börn óþrjótandi. Áður óþekktir dvalarstaðir á borð við stærsta sumarleyfisstað Norðurlanda kitla ásamt tilboðum um sumarhús í Kempervennen. Björt framtíðin blasir sömuleiðis við í skyndibitalúgunum, þar sem „tilboð fyrir 4“ eru töfraorðin. Og umræða um kosti skutbíla hefur orðið nokkur með nýja barninu. Með tvö stúlkubörn á heimilinu er meira að segja þægilegra en áður að flokka þvottinn. Afbrigðin eru nú þrjú: hvítar, dökkar og loks bleikar vélar.

**VIÐBRIGÐIN** eru auðvitað ekki bara bundin við foreldrana. Breyting varð á högum eldra barnsins og foreldrarnir eðlilega hugsi yfir því hvernig skyldi taka á því. Ljósmóðir lagði málið upp þannig að upplifun barns af því að eignast yngra systkini gæti að sumu leyti verið sambærileg því að eiginmaðurinn kæmi með nýja konu inn á heimilið og segði eiginkonu sinni að hún yrði að elska þá nýju vegna þess að hún væri svo sæt. Og vegna þess að hún væri svo ung.

**ÞESSI** líking setti mögulega afbrýðisemi eldra barnsins óneitanlega í nýtt ljós – því hvernig er hægt að ætlast til þess að kona taki því vel að eiginmaður kynni nýja konu og biðji um skilyrðislausa ást? En sem betur fer virðist eldri dóttirin nokkuð frjálslynd í viðhorfum og tekur litla barninu mjög vel. Einstaka sinnum hefur hún samviskusamlega upplýst foreldrana um að litla barnið hafi lamið sig sjálft.

**HEIMILISFÓLK** er óðum að venjast í hlutverki vísitölufjölskyldunnar. Og foreldrarnir stoltir af börnunum tveimur. Vissir um að spurningar um hvort ekki eigi að koma með „annaðî séu úr sögunni. Áróður um fjölgun hefur hins vegar tekið á sig nýja mynd. Reyndara fólk útskýrir nú að þegar börnin eru orðin tvö sé óhikað hægt að eignast þriðja.

**ÞAÐ** munar víst ekkert um eitt í viðbót.

Klippið hér og villist í London

LONDON EXPRESS




Búðu þig undir brottför á www.icelandexpress.is

Verð frá 7.995 kr.*
Barnaverð 5.995 kr.*
* Verð aðra leið með sköttum. Barnaverð m.v. 12 ára og yngri og í fylgd með fullorðnum.

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, sími 5 500 600

GÆÐINGARNIR ERU HÉR

Í nýlegu hefti TIME magazine birtist úttekt á öllum helstu framleiðendum heims á sviði LCD veggsjónvarpstækja. Þá kemur í ljós – eins og við reyndar vissum – að **við seljum LANG-vinsælustu veggsjónvörp veraldar**.




SÍMI 530-2900
ORMSSON SMÁRALIND

Finnst þér virkilega ástæða til að leita eitthvert annað?

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000